

SKÓGRÆKTAR RITIÐ 2003 2. töl

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS





Hver viðskiptavinur okkar er einstakur

BÚNAÐARBANKINN - FYRIR ÞIG




BÚNAÐARBANKINN

-Traustur banki

SKÓGRÆKTARRITID

2003 *2.tbl.* Skógræktarfélag Íslands

ICELANDIC FORESTRY - The Journal of The Icelandic Forestry Association, 2.



ÚTGEFANDI:
SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
RÁNARGÖTU 18, REYKJAVÍK
SÍMI 551-8150

RITSTJÓRI:
Brynjólfur Jónsson

PRÓFARKALESTUR:
Halldór J. Jónsson

UMBROT,
LITGREININGAR,
FILMUR
OG PRENTUN:
Prentsmiðjan Viðey ehf.

Gefið út í 4300 eintökum

ISSN 1670-0074

©Skógræktarfélag Íslands og
höfundar greina og mynda.

Öll réttindi áskilin /
All rights reserved.

Rit þetta má ekki afrita með neinum
hætti, svo sem með ljósmyndun,
prentun, hljóðritun eða á annan
sambærilegan hátt, þar með talið
tölvutækt form, að hluta eða í heild, án
skriflegs leyfis útgefanda og höfunda.

EFNI:	Bls.
Brynjólfur Jónsson: Tré ársins 2003	4
Þór Jakobsson: Þrjár hrísur úr Fljótshlíð - upphaf skógræktar í Stóra-Klofa á Landi	10
Björn Jónsson: Um ræktun - þar á meðal skógrækt	17
Camilla Ståle Sundstrup: Forsögn um grisjun lerkis á Fljótshlíð	29
Þróstur Eysteinnsson: Á hundrað ára afmæli gróðrarstöðvarinnar á Hallormsstað	37
Brynjólfur Jónsson: Margrét í Dalsmynni	40
Borgþór Magnússon: Birkið við Fiská - vísibending um vistkerfi sem var?	52
Sigurður Blöndal: Fyrr og nú í Ísafjarðarsýslum	61
Bjarni E. Guðleifsson: Fossinn og reyniviðarhrísan í Vatnsdalsfjalli	70
Brynjólfur Jónsson: Þúsund vatna landið	80
Sigurður Blöndal: Blómgun á íslenskri blæðsp. Nýjar upplýsingar og leiðréttingar	91
Einar Gunnarsson: Skógræktarárið 2002	94
Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 2003	99
Sigurður Blöndal: Garðar Jónsson (minning)	108
Jón Bjarnason: Óskar Ingi Magnússon (minning)	112

MYND Á KÁPU

Svanborg Matthíasdóttir:
„STILLUR“
Ljóm.: Alda Sverrisdóttir

Svan borg stundaði nám við Myndlista-og
handiðaskóla Íslands á árunum 1981-1985
og í máladeild Jan Van Eyck
akademíunnar í Hollandi 1985-1987.

Höfundar efnis í þessu riti:

BJARNI E. GUDLEIFSSON, náttúrufræðingur,
Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Möðruvöllum.

BJÖRN JÓNSSON, fyrrv. skólastjóri Hagaskóla.

BORGÞÓR MAGNÚSSON, Ph.D. plöntuvistfræðingur,
Náttúrufræðistofnun Íslands.

BRYNJÓLFUR JÓNSSON, skógfræðingur, framkvæmdastjóri
Skógræktarfélags Íslands.

EINAR GUNNARSSON, skógfræðingur, Skógræktarfélagi Íslands.

Jóhann Frímann Gunnarsson, stud. phil.,
Þjónustufulltrúi Skógræktarfélags Íslands.


Jón Bjarnason, alþingismaður,
fyrrv. skólameistari, Hólum.

SIGURÐUR BLÖNDAL, skógfræðikandidat,
fyrrv. skógræktarstjóri, Hallormsstað.

Camilla Ståle Sundstrup, forstkandidat, KVL, Danska
landbúnaðarháskólanum, Kaupmannahöfn.

ÞÓR JAKOBSSON, veðurfræðingur, Veðurstofu Íslands;
landgræðslu- og skógræktarbondi í Mörk á Landi.

ÞRÓSTUR EYSTEINSSON, Ph.D., trjákyrnótafræðingur,
Fagmálastjóri Skógræktar ríkisins, Egilsstöðum.



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS OG SKÓGRÆKTARRITIÐ

Skógræktarfélag Íslands
er samband skógræktarfélaga er
byggja á starfi sjálfbæðaliða.

Skógræktarfélögin mynda
ein fjölmennustu frjálsu félaga-
samtök, sem starfa á Íslandi,
með yfir sjö þúsund félagsmenn.

Skógræktarfélag Íslands
er málsvari félaganna og hefur
m.a. að markmiði að stuðla að
trjá- og skógrækt, gróðurvernd
og landgræðslu, auk fræðslu- og
leiðbeiningarstarfs.


Skógræktarritið er gefið út af
Skógræktarfélagi Íslands
og er eina fagritið á Íslandi er
fjallar sérstaklega um efni sem
varða skógrækt
og hefur það komið út nær
samfellt frá 1930. Þeir sem hafa
áhuga á að skrifa greinar
í ritið eða koma fróðleik á
framfæri eru hvattir til að hafa
samband við ritstjóra.



Brynjólfur Jónsson

Inngangur

Tré ársins 2003 er garðahlynur (*Acer pseudoplatanus* L.) við Bröttuhlíð 4 í Hveragerði og sómir sér vel eins og sést á meðfylgjandi myndum. Stórfengleg krónan er það sem vekur fyrst athygli þegar tréð er skoðað. Tréð hefur fengið gott rými og vaxið óhindrað enda breiðast öflugar greinar frá stofninum í allar áttir. Við mælingu reyndist þvermál krónunnar vera um 14 metrar. Hæð trésins var 7,56 m og þvermál í brjósthæð um 35 cm.





Eigendur og ræktendur hlynsins eru hjónin Ólafur Steinsson og Unnur Þórðardóttir. Skógræktarfélag Íslands hefur valið Tré ársins í allmörg ár og er útnefningunni ætlað að beina sjónum almennings að því gróskumikla starfi sem unnið er í trjá- og skógrækt. Útnefningin að þessu sinni fór fram miðvikudaginn 16. september sl. Allstór hópur var mættur við þetta tækifæri og tók þátt í athöfn undir laufskrúði trésins. Lúðrar voru þeyttir, tréð var mælt í bak og fyrir, Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands, flutti ávarp og afhenti Ólafi fallegt viðurkenningarskjal.



Ólafur Steinsson er fæddur á Þingeyri við Dýrafjörð og hneigðist ungur að ræktun en hefur ásamt konu sinni lengst af sinnar starfsævi rekið garðyrkjustöð og ræktað rósir í Hveragerði. Hann lagði stund á garðyrkjunám við Garðyrkjustólá ríkisins og var í öðrum árgangi útskriftarnema frá skólanum.

„Ég hafði fengið góð meðmæli að vestan frá séra Sigtryggi Guðlaugssyni og var sem lærlingur hjá þeim hjónum í Skrúði. Þetta ágæta meðmælalibré, sem ég hefði gjarnan viljað eiga í dag, fór ég með til skólastjórans Unnsteins Ólafssonar og komst inn í skólann en hafði þá áður verið tvo vetur í skóla á Laugarvatni. Á þessum tíma var Garðyrkjustólá tveggja ára nám. Eftir námið festi ég kaup á landi hér í Hveragerði árið 1945 og byrja að reisa gróðurhús. Í upphafi ræktuðum við vínber og gúrkur en síðan fór þetta yfir í það að við einbeitum okkur að rósarækt auk þess að vera með dálítið af laukum og hásintum til að brúa bilið milli sumars og vetrar.“

Auk þess að hafa garðyrkju að atvinnu var Ólafur einn af stofnendum Skógræktarfélags Hveragerðis árið 1950 og var m.a. formaður þess um langt árabil. Megináhersla var lögð á ræktun í svokölluðum Hamri, sem er ofan byggðarinnar, en það svæði er sannkallaður yndisreitir sem heimamenn og gestir sækja orðið mikið.

Í trjágarðinum í Bröttuhlíð 4 er hvert stásstréð á fætur öðru. Það var haft á orði við athöfnina að Skógræktarfélag Íslands þyrfti ekki að leita langt yfir skammt vegna vals á Trjáum ársins næstu árin. Þau væri öll hægt að finna í garði Ólafs. Það eru orð að sönnu, því að í þessum garði eru margir fallegir meiðir, m.a. fleiri hlyntré, aspir, grenitré og ákaflega fallegur askur, um 10 metrar á hæð. Þá er þar að finna ýmsa fágæta runna, t.d. lamba-runna. Trjánúms hefur, ólíkt því sem víða tíðkast, verið gefið gott vaxtarými og njóta þau sín betur fyrir vikið, eru krónumikil og stæðileg.

Tré ársins sker sig sérstaklega úr hvað varðar krónuna en hún er óvenjulega mikil og haf hennar nálægt 150 fermetrum. Ólafur segir að tréð hafi á unga aldri oft kalið í toppinn og sé það líklega meginástæða þess að vextinum hafi lítið miðað upp á við en því meir til hliðanna.

Ólafur segir að þau hafi fengið plönturnar afhentar sem broddhlyni og staðið í þeirri trú að það væri rétt, hvað þetta tré varðaði, því að það skar sig svo úr í vaxtarlagi. Hlynplönturnar eru frá Tumastöðum og líklega gróðursettar á tímabilinu 1953-55. Glöggir tegunda-sérfræðingar (trjá- og blómgreindir menn) sem mættu á útnefninguna töldu við nána skoðun að hér væri um garðahlyn að ræða.

Við athugun á Fræskrá (1933-1992) Baldurs Þorsteinssonar skógfræðings kemur í ljós að árið 1950 kemur til landsins 1 kg af fræi af garðahlyni frá Hamri, ættað frá Heiðmörk í Noregi. Fræinu er líklega sáð það sama ár og plönturnar hafa því getað



verið orðnar þriggja til fjögurra ára þegar þær eru seldar.

Í þeim gögnum sem koma fram í fræskránni er hvergi minnst á broddhlyn og næsta hlynssending, einnig garðahlynur, kemur á Tumastaði 1963 og er sendingin frá Þýskalandi úr 1200 m hæð í nágrenni Baden-Württemberg. Allt bendir því til þess að þessi garðahlynur sé að uppruna ættaður af fræi úr Heiðmörk í Noregi.

Það er athyglisvert að Tré ársins og annað hlyntré skammt frá eru mjög ólík að vaxtarlagi og blaðlögun þrátt fyrir að vera af sama uppruna. Þetta undirstrikar þann mikla breytileika sem er að finna innan tegundarinnar. Ræktendur hafa og nýtt sér þennan eiginleika og ræktuð hafa verið mörg afbrigði af hlyni og sérstakir einstaklingar klónaðir.

Í Reykjavík, þar sem er hvað mest af garðahlyn, er að finna svipaða einstaklinga og 'Atropurpureum', en þar er neðra yfirborð blaðanna purpurarautt. Ótal önnur afbrigði af garðahlyn hafa verið ræktuð víða í Evrópu, til þess að auka fjölbreytni í litum, formi, gerð blaða og stærð og lögun trjástofna. Þetta er ekki skrytið í ljósi þess að garðahlynurinn er tegund sem reynst hefur afskaplega vel í borgum. Hann virðist spjara sig vel í mikilli loftmengun, þrífst vel nálægt sjó og þolir auk þess vindálag ágætlega.

Í kjölfar álmsýkinnar í Evrópu, þar sem þorri álmtjáa hefur verið að veslast upp á síðustu 10 árum, hefur mikilvægi hlyns í borgarskógrækt aukist.

Tegundin hefur verið laus við alvarlega sjúkdóma og er að því



leyti eftirsóknarverð. Á meginlandi Evrópu sækja hins vegar á hana ýmsir sjúkdómar, m.a. ýmsar tegundir af tjörusveppum sem sumir geta verið skeinuhættir.

Talið er að hlyntré geti orðið allt að 200 ára gömul. Elstu hlyntré á Íslandi eru orðin um 100 ára gömul og hæstu trén eru farin að nálgast 15 metra.

4.





Heimildir:

1. Baldur Þorsteinsson, 1995. Fræskrá 1933- 1992. II. Lauftré, www.skog.is/skograekt/fraeskra2.xls.
2. David More, John White, 2003. Cassell's Trees of Britain & Northern Europe. ISBN 0-304-36192-5.
6. Munnlegar: Ólafur Steinsson, Bröttuhlíð 4, Hveragerði.

Ljósmyndir: höfundur



Lyðveislundin er þar til að hjálpa þér.

Velkomin í Þjóðskógana

Opnir alla daga, allan ársins hring



Skógrækt ríkisins
www.skogur.is

Fljótsklofi er einn af bestu stafræðingum Íslands og hefur verið starfsamaður í Stóra-Klofa á Landi síðan 1980. Hann hefur verið starfsamaður í Stóra-Klofa á Landi síðan 1980.



Trjár hríslur úr Fljótsklofi

– upphaf skógræktar í Stóra-Klofa á Landi

Þór Eiríksson



Nærri mun láta að Landsveit, öðru nafni Land, í Rangárvallasýslu hafi orðið allra sveita verst úti þegar uppblástur og gróðureyðing var í algleymingi hér á landi á 19. öld. Náma fróðleiks um uppblásturinn og upphaf baráttunnar við eyðingaröflin er hin merka bók „Sandgræðslan“ frá árinu 1958 þar sem minnst er 50 ára starfs Sandgræðslu ríkisins.

Þrjátíu árum síðar kom út fróðleg viðbót í myndríkri bók um mikið og fjölbætt starf Sandgræðslunnar síðan. Stofnunin hafði þá um skeið heitið Landgræðsla ríkisins. Í bókinni sem nefnist „Græðum Ísland“ skrifar Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri þarfan kafla um „vormenn Íslands“, menn sem höfðu að ævistarfi að hefta uppblástur og græða upp auðnir. Þá kallar hann hina „dyggu og traustu starfsmenn sem unnu landvarnarstörf af trúmennsku og takmarkalausri elju og með það eitt fyrir augum að vinna gagn landi og lýð.“

Sveinn lýsir síðan starfi þriggja manna og er þar á meðal Árni Árnason (1897-1979), land-græðsluvörður í Stóra-Klofa á Landi. Hann vitnar þar líka í viðtal sem Árni hafði á sínum tíma átt við Jón R. Hjálmarsson skólastjóra og rithöfund. Sést þar vel hve Árni vann frækin framvarðarverk í landgræðslunni af mikilli hugsjón og trú á málstaðinn. Gleði hans er einlæg er hann um síðir lítur augum gróð land þar sem auðnin ein hafði blasað við.

Það er því hvorki svartsýnn úrtölumaður né atorkulítið letiblóð sem hristir höfuðið í vantrú þegar ung eiginkonan tekur upp á því að gróðursetja þrjár hríslur við bæinn. Það er í rauninni ekki nema með hangandi hendi sem unnt er að sjá af grasbletti undir slíka tilraun, jafnvel lófastórum, af torræktuðu túninu, umkringdu svörtum sandi sveitarinnar. En Árni í Stóra-Klofa vill ekki draga úr ánægju á heimilinu. Hrefna Kristjánsdóttir kona hans gengur kirfilega frá mjóum rótum



niður í sendna mold og lætur girða kringum hríslurnar þrjár.

Nærfellt fjörutíu árum síðar blasir nú við vegfarendum um Landsveit myndarlegur trjágarður. Undirrituðum sumarnágranna í Mörk á Landi síðastliðinn hálfan annan áratug og afkomanda bænda þar og annars staðar í Landsveit hefur löngum leikið forvitni á að spyrja Hrefnu nánar um upphaf skógarlundarins í Stóra-Klofa og greina öðrum frá árangursríku ræktunarstarfi hennar og fjölskyldu hennar nyrst í Rangárþingi. Segir hér frá samtali okkar sólbjartan haustdag árið 2003 er Hekla skartaði hvíttri treyju sem lagst hafði yfir um nóttina.

Hafist handa

Hrefna setti fyrstu hríslurnar niður árið 1964. Árni maður hennar var vantrúaður á það tiltæki Hrefnu að gróðursetja tré þarna. Það mundi ekkert þýða. Sandauðn var allt um kring og baráttan stóð um að fá melgresi til að spretta þarna - og gras á ný. Árni taldi þetta kalkvisti. Mynd er til af Ruth dóttur þeirra ungri hjá smáum trjámum sem tekin var skömmu eftir gróðursetningu. Framtíðin er óþekkt en mjór er mikils vísir.

Hríslurnar þrjár, reynitré, fékk Hrefna í ferðalagi með kvenfélagi Landsveitar suður í Fljótshlíð þar sem komið hafði verið við hjá skógrækt ríkisins á Tumastöðum. Hrefna minnst þess að í ferðinni hefði verið skoðuð nýafhjúpuð brjóstmynd af Þorsteini Erlingssyni, skáldinu ástsæla. Hríslurnar þrjár eru enn við lýði. Þótt stórar séu og stæðilegar eru þær horfnar í lundinn í Stóra-Klofa sem kominn er til sögunnar síðan.

Eins og áður sagði gat Árni að sögn Hrefnu með naumindum séð af „svolfítilli svuntu af túninu“ sem ræktað hafði verið með harmkvælum og mikilli land-



Kortið sýnir staðsetningu Stóra-Klofa á Landi. Kortið teiknaði Skarphéðinn Smári Þórhalsson.



Dr. Hrefna minnstu við alla til staðar í Stóra-Klofa.

græðsluvinnu. Það var Oddur Árnason í Hrólfsstaðahelli sem Hrefna fékk til að girða blettinn fyrir skógræktina í Stóra-Klofa. Hann var starfsmaður hjá Árna við sandgræðsluna. Ruth Árnadóttir „man eftir því hvernig áburður var notaður þegar koma átti fyrstu plöntunum til. Kúamykja og hland úr forinni var blandað saman við vatn í hæfilegu magni og allir liðtækir notaðir til að bera þetta í garðinn, því garður skyldi þetta verða“.

Síðar færði sonur þeirra Árna, Kristján bóndi í Stóra-Klofa, út trjáræktarsvæðið og setti „hringinn“ umhverfis. Hann plægði fyrir runnum sem afmarka trjágarðinn. Og þess ber að geta að þau hjón, Kristján Árnason og kona hans Inga í Stóra-Klofa, hafa stutt og styrkt með ráðum og dáð alla rækt þar á bæ síðustu áratuginna.

Árni fékk trú á trjárækt Hrefnu þegar á leið. Hún minnst þess hlýjum huga er þau hjónin höfðu setið yfir kaffisopa góðviðrisdag síðla sumars 1979 og hann hafi þá komist svo að orði að sér þætti garðurinn vera að verða fallegur. Árni féll frá 11. september 1979.

Fjölbreytnin eykst

Alla tíð höfðu smám saman bæst við tré hjá Hrefnu, langmest birki. Ég spurði um aðrar tegundir. Fyrsta öspin kom frá Guðrúnu Kristinsdóttur í Hvammi í Landsveit um 5 árum eftir fyrstu gróðursetningu í Stóra-Klofa, á árunum 1968 - 1970. Kristján bætti snemma við víði (alaskavíði). Gallinn við víði, segir Hrefna, er sá að honum hættir til að vera lúsugur.

Hrefna beitti ýmsum aðferðum við trjáræktina. Hún lét ný tré í vatn um haustið. Þau voru geymd um veturinn. Hlúð var að þeim með sandi. Þau spíruðu þegar voraði.

Um 1989 voru 5 lítil lerkitré gróðursett í Stóra-Klofa. Þau spruttu mjög vel, t.d. miðað við vöxt í Mörk, 5 km ofar í sveitinni. Gott skjól var komið í Stóra-Klofa með þrýðilegum skilyrðum fyrir litlar plöntur. Enn má telja fleiri tegundir. Þar er greni, elri og nýlega bættist við hlynur.

Hrefna hafði ekki velt fyrir sér hæð trjáanna nákvæmlega. Líðan trjáanna færi ekki alltaf eftir stærðinni frekar en hjá mannfólkinu, en miðað við 6 metra háa flaggstöng sunnan við húsið virðist henni ösp þar vera um 8 metra há. Annars staðar í garðinum gætu verið tré á að giska 10 - 12 metra há.

Hrefna vinnur stött og stöðugt að ýmsum breytingum í garðinum sínum í Stóra-Klofa. Hún stefnir t.d. núna að því að fá víðinn burt næst húsinu og fá birkikvist í staðinn. Þá skal



nefnt að við bæinn er litskrúðugur blómagarður sem Hrefna lætur sér mjög annt um.

Trjáræktin er líf og yndi Hrefnu. „Trén eru börnin mín, hin eru farin.“ Hún býr þar nú ein en Kristján og fjölskylda hans sem nýlega flutti til Hellu sunnar í sýslunni er þó í Stóra-Klofa með annan fótinn og er oft á ferðinni á heimaslóðum ýmissa erinda. Sömu leiðis bregður Hrefna sér til þeirra oft og tíðum, og dvelst einkum á veturna. Ruth dóttir hennar í Reykjavík á bústað við túnfótinn og eru þau Grétar maður hennar og fjölskylda sömu-

leiðis oft á ferðinni.

Þess skal getið að þau Ruth hafa bætt um betur og fært út skógræktina í Stóra-Klofa með myndarlegri gróðursetningu í námunda við bústað sinn síðustu tvo áratugina. Stærð skógar-svæðisins hjá Stóra-Klofa er á að giska tveir og hálfur hektari. Auk þess hafa þau Hrefna, Kristján, Ruth og fjölskyldur þeirra plantað trjám í töluverðu magni norðan Klofalækjar sem þarna rennur, í ámóta stórt land og eldra svæðið í grennd við bæinn. Þar er svonefndur afmælisskógur o.fl.

Æskulóðir

Hrefna Kristjánsdóttir segir sig „sveitamanneskju“. Hún er fædd á Gunnarsstöðum á Langanessströnd árið 1922, en flutti til Vopnafjarðar sex ára. Hún var sumarlangt í sveit hjá afasystur sinni á Ljótstöðum Faðir hennar, Kristján Friðfinnsson, lést árið 1952. Hrefna minnst föður síns með hlýju og virðingu. Hann varð fyrir þeirri ógæfu að taka þurfti af honum annan fótinn. Var það sökum blóðeitrunar í kjölfar slyss. En föður Hrefnu féllust ekki hendur. Hann fór suður, lærði klæðskeraiðn í Vestmannaeyjum sér og fjölskyldu sinni til lífsviðurværis. Í samtali við Ruth Árnadóttur mælist henni svo: „Ég leiði líka hugann að ömmu minni, Jakóbínu Gunnlaugsdóttur, sem heima beið bónda síns með barnahópinn og búið, meðan hann nam“. Síðar lærði Kristján einnig skósmíðar og rak um árabíl skósmíðaverkstæði í Reykjavík.

Hrefna segist ef til vill mundu standa öðruvísi að núna með gróðursetningu. „En á þessum tíma, árið 1964, stóð húsið eins og eintrjánungur á berangri. Nú er algert skjól af trjámum. Ég veit ekki af vindi“, segir Hrefna. Hún segir kímín frá því að stundum hringi í sig umhyggjusamir vinir



þegar stormur geisar og spyrji hvort vindarnir kveini ekki illyrmislega við dymar hjá henni. Hún segir svo ekki vera. Vindarnir fara fyrir ofan garð í orðsins fyllstu merkingu

Nú vikur sögunni á ný lítillaga að Landsveit. Ég spyr Hrefnu um trjáræktarstarf í nágrenni Stóra-Klofa á fyrri árum. „Gunnlaugur Kristmundsson sandgræðslustjóri og Árni maðurinn minn höfðu gróðursett fyrstu trén í kirkjugarðinum í Skarði á árunum 1934 - 1936. Þau munu hafa verið frá Jótlandi.“ Þá segir Hrefna birkifraei hafa verið sáð inni í svo-nefndum Torfum skammt frá Tjarnarlæk norðaustur af Stóra-Klofa. Að sögn Kristjáns Árnasonar var sáð niður með Tjarnarlæk fyrir neðan Torfurnar. Þær heita Engigarður sem er fremstur, Króka-Torfa og Tjarnartorfa innst. Sáningin var vel heppnuð, breiddist skógurinn skjótt út og er þar nú einstaklega fallegt um að litast.

Hljór hugur og umönnun

En við höldum okkur við Stóra-Klofa og ég inni Hrefnu eftir aðferðum hennar við áburðargjöf. Hún segir hana mjög mikilvæga við gróðursetningu. Notaður er skítur úr fjárhúsunum í Stóra -Klofa við gróðursetninguna en dálítið blákornt á litlu hríslurnar.

Eins og áður sagði plægði Kristján Árnason sonur hennar fyrir ytri trjágarði umhverfis. Hann hefur því lagt hönd á plóginn í orðsins fyllstu merkingu og




Hrefna leggur að lokum í samtali okkar mikla áherslu á vinnu hans og hjálp gegnum tíðina, og annarra í samlyndri fjölskyldunni.

Hrefnu Kristjánsdóttur þykir vænt um trén sín eins og áður sagði, hún „faðmar trén og kyssir jörðina þar sem þau vaxa og dafna“. Í upphafi voru í Stóra Klofa miðstöðvar og umsvif sandgræðslu í ofanverðri Rangárvallasýslu. Skammt frá bænum var „flugvöllur“ fyrir litla dreifingarvél sem var notuð áður en hin landskunna vél „Páll Sveinsson“ kom til sögunnar. Æ síðan hefur verið haldið áfram að græða upp Ísland, stundum með stórtækum aðgerðum, en þyngra vegur hljóðlætt starf unnið tveim höndum af þolinmæði og alúð. Um síðir verður árangur erfiðsins öðrum til ánægju og landinu til framdráttar.

Þannig urðu þrjár hríslur sem skutu rötum í Stóra-Klofa fyrir fjórum áratugum byrjun á dálitlum skógi sem veitir þar skjól fyrir veðri og vindum og er jafnframt heimaforlki og vegfarendum um Landsveit til augnayndis og ánægju.

Greinarhöfundur þakkar þeim systkinum, Kristjáni Árnasyni og Ruth Árnadóttur, yfirlestur og góðar ábendingar.

Þór tók myndirnar nema mynd nr. 4, af blómabeði í garðinum við bæinn. Þá mynd tók Ruth Árnadóttir.



6. Séð í vestr frá þjóðveginum um Landsveit og heim að Stóra-Klofa. Skjólbeltið í lengd sinni austast í garðinum blasir við. Grillir í bæinn til vinstri. Skarðsfjall þrýðir baksýn.

Heiðursáskrifendur Skógræktarríðisins

REYKJAVÍK

Árgerði ehf.

B. Guðjónsdóttir ehf.

Þorgerður Ó.

Bandasamtök Íslands

Eggert Kristjánsson hf.

Egilsen hf.

Félagsmálaráðgjafir

G.A.P. sl.

Gæðmann ehf.

Grasteinn ehf.

Háskóli Íslands

Hamt hf. verknefustofa

Inter-net íslandi hf.

Íslenskir aðalvektakar hf.

Ísól ehf.

Jarðveitar ehf.

Jonas Rósnang hf.

KPMG erku-skóður hf.

Landslag ehf.

Malbikunarstöðin Flóði hf.

Melastuðlau Jónsænsdóttir

Morgunblaðið Árvakur hf.

Mús og málsmörgunþjón Flóri ehf.

Nærst okkar Reykjavíkur

Nói-Sírus hf.

Pizza Pússa ehf.

Præsentatjónus-Cropset ehf.

Rafmagnsveitur ríkisins

Rafbæknistofan hf.

Rafver hf.

Ríkisskúli-skóður

RST Nýs

Samþinguráðgjafir

Securitas hf.

Sæljungur hf.

Stofnunin hf.

Umbrottsráðgjafir

Umhverfisstofnan

Ungmennafélag Íslands

Vátryggingafélag Íslands

Veðurfarsvæðin Dínun hf.

Björn Jónsson



Umm... **þar á meðal skógrækt**

Það er merkileg reynsla að gefa sig að ræktun. Sá sem iðkar slíkt gerir það annaðhvort af nauðsyn eða löngun - helst svolitlu samblandi af hvoru tveggja. Að fara út í ræktun felur í sér að sýna einhverju alúð - ef til vill meiri alúð en búast má við þegar fjarskyldar lífverur eiga í hlut.

Ræktun felur í sér leit að svörun - jákvæðri svörun allra helst - en neikvæð svör hljóta að reka að ræktunarmanni án allrar vægðar meðan hann er að vitkast. Hafi hann heppni með sér rekur nógu mörg jákvæð svör á fjörurt hans til að blása honum kjarki í brjóst og halda honum við efnið.



1. Þetta byrjar allt á bakkaplöntunum smáu! Hér er árgömul ösp á austurleið, kvæmið er Salka frá Gróðrarstöðinni Mörk. Þegar tveir eru í bíl er hægðarleikur að taka með sér 700 plöntur úr bænum. Það er hæfilegur skammtur í helgargróðursetningu og svo er að sjálfsögðu sáldrað blákorni kringum plönturnar á eftir.

Talið er að Íslendingar hafi ekki farið að stunda ræktun að ráði fyrir en á 19. öld. Þá hefst matjurtarækt í smáum stíl fyrir atbeina framsýnna forgöngumanna. Í þá daga var yfirleitt hlaðin stétt framan við torfbæi forfeðra okkar, væntanlega kölluð hlað í daglegu tali fyrir á öld-um. Fram af þessari stétt vörpuðu menn ösku og alls kyns sorpi sem til féll á bænum og var svæðið því kallað hlaðvarpi. Hann færðist smám saman fjær bæjardyrum þegar leið á aldir og öskuhaugar mynduðust og orðið hlað táknaði þá breiðara svæði. Í hlaðvarpanum spratt betur en annars staðar.

Þegar hugsjónamenn í *mat-jurtarækt* svipuðust um eftir hentugu garðstæði á 19. öld blasti hlaðvarpinn við sjónum - hvergi var gróður sællegri en þar! Fjöldi mynda sannar að þar gerðu margir Íslendingar fyrstu garða sína og stunduðu afskaplega lífræna ræktun. Uppskeran var kærkomin viðbót við vetrarforða langsoltinnar þjóðar en ýmsum þótti jurtagróður þó heldur ómerkileg fæða fyrst í stað.

Fóðurrækt fyrir gripi próast á 20. öld og tekur stórstígum framförum öldina á enda. Á þessu rækt-unarsviði skynjuðu menn sömu lögmál og í matjurtarækt: Það þurfti að nýta 110-115 daga vaxtartíma eins og kostur var og hjálpa gróðri af stað eftir megni til þess að uppskera yrði sem best. Þegar kom fram á 20. öld fóru menn að reyna ræktun á blásnum melum og söndum og sáu að það gat skilað góðum árangri - en krafðist reyndar ríflegrar áburðargjafar á hverju ári. Þetta ber að hafa í huga með tilliti til þess sem rakið verður síðar, en miklu munar á ræktun með árlegri áburðargjöf og sjálfbærri ræktun við erfiðustu aðstæður.

Skógrækt lét lítið yfir sér á frum-býlingsárum matjurtaræktar og fóðurræktar. Tegundaval var lítið - fyrst og fremst hinn innlendi gróður - og þekking af skornum skammti. Hugsjónamenn og eldhugar blésu í glæðurnar og minntu á að Ísland hefði verið víði vaxið milli fjalls og fjöru í árdaga. Það olli sérstökum vandræðum að við þjuggum í rolluríkinu - sauðkindin var manninum réttþærri og fór ferða sinna þar

sem henni sýndist, stýfði þá vaxt-arsprota sem hún náði til.

Skógrækt á Íslandi spratt fremur upp af hugsjón en ábatavon, gagnstætt hinum ræktunargrein-unum tveimur. Af þeirri ástæðu var minna hirt um að fullnýta rammann sem íslenskar aðstæður buðu þessari nýju grein - vaxtartíma og jarðveg - og forðast að hugsa um vaxtarkröfur og væntingar. Þess vegna fór gróður oft seint í gang og himdi í kyrrstöðu fyrstu árin og smám saman þróaðist hinn þjóðlegi íslenski skógræktarbarlómur: *Það gerist nú ekki mikið fyrstu fimm árin!*

Af þessum sökum myndaðist aldrei spenna í skógrækt - þessi brennandi ákafi sem krefst þess að hvert sumar skili viðunandi árangri. Spennuleysið hefur staðið skógrækt á Íslandi fyrir þrifum alla tíð - það hefur nefnilega tómlæti í för með sér.

Ég fór að hugsa um skógrækt á rýru landi austur í Landbroti á 8. áratug síðustu aldar og þá varð það fyrsta verkefni mitt að afla tiltækra upplýsinga um hugsanlegar trjátegundir, þarfir þeirra og kröfur. Niðurstaðan lofaði ekki góðu. Allar tegundir virtust þurfa betri jarðveg en fannst í Sólheimalandi og ekki nóg með það, þær virtust helst þurfa aðgang að grunnvatni, en það var óvíða tiltækt þar sem Sólheimajörð er að mestu á 20-30 metra þykku gjallhrauni sem lekur hverjum dropa er úr lofti kemur en er að öðru leyti þurrar hálfgrónar sandflesjur ásamt sendinni mýri. Það virtist borin von að hugsa um skógrækt við slíkar aðstæður.

Það var ekki nauðsyn sem ýtti mér út í skógrækt heldur óviðráð-anleg löngun, og þessi ákafa leit að svörun - helst jákvæðri. Ég minnst þess enn þegar ég stóð frammi fyrir hinni brennandi spurningu um tegundaval í þetta land - og ég vissi að ég gæti í fyrsta lagi búist við trúverðugu svari eftir fimmtán ár! Fimmtán



Mér gekk margt í hag þrátt fyrir allt. Til dæmis kom aldrei fyrir að smáplanta ýttist upp úr jörð yfir veturinn vegna frostlyftingar eins

Ég kveinkaði mér gagnvart vindbarningi og veðraham þegar ég stakk smáplöntum niður á berangri. Slæmt að eiga ekki smákjarr til að skýla þessum vesalingum! Það tók mig allmörg ár að sannreyna að trjágróður getur vaxið upp með sóma á alversta berangri ef borið er á hann fyrstu árin og barplöntum skýlt og nú er ég svo forhertur að ég stíngt alaskaðsp og sitkagreni niður þar

Eitt af því sem skipti sköpum í skógræktinni var að sigrast á þjóðarósiðnum - *hinni þéttu gróðursetningu* - þessari löngun sem blundaði í sjálfum mér á vinda-sömum stöðum. Til skamms tíma þurfti ég að bíta svoltíð á jaxlinn þegar ég stakk litlum greniplöntum niður með þriggja metra



Þessar tegundir þrífist í hraunmöl[og svörtum sandi?

Það var óhugsandi. Hraunmöl og sandur eru alsnauð og framfleyta engum gróðri fyrr en áfok hefur myndað allþykka jarðvegsþekju á yfirborðinu. Áburðargjöf kom ekki til greina nema fyrstu árin vegna kostnaðar og fyrirhafnar. **Hér þurfti að stofna til sjálfbærrar þróunar** til þess að eyðisandar gætu breyst í útivistarskóga á tiltölulega fáum árum með hóflegum tilkostnaði og fyrirhöfn.

Það var freistandi eins og áður að leita að hinni jákvæðu svörun, breyta auðn í útivistarskóg á tíu til fimmtán árum, laða skordýr og fugla að svæðinu, auðga vistkerfið svo um munaði. Ég var búinn að horfa á þetta eydda land áratugum saman og alltaf brann í huga mér hvernig hægt væri að klæða það grænum gróðri á ný. Vandinn var hins vegar sá að landið var *ónýtt*, það var svo rýrt að það var nánast eyðimörk, án teljandi gróðurs eða lífs af neinu tagi. Hér gerðist ekkert jákvætt nema þessi dauða jörð yrði gædd mikilli *sjálfbærri* grósku.

Nágrannar mínir rækta gras, annað grænfóður og korn á svipuðu landi með býsna góðum árangri, en þeir bera búfjáraburð á landið á ári hverju, og tilbúinn



áburð að auki, snöggtur meira en bændur uppi á Síðu bera á ræktunarland sitt. Hér þarf drjúga árlega áburðargjöf og aldrei dugar að slaka á.

Þarna kom *lúpína* til sögunnar. Hún er af ertublómaætt eins og kunnugt er, en á rótum hennar myndast rótarhnúðar vegna hnýðisgerla er lifa í samlífi við plöntuna og binda köfnunarefni. Það lá beint við að kanna þetta úrræði og athuga hvort trjáplöntur gætu ekki þrífist í nábyli við lúpínu þótt venjulegur jarðvegur fyrirfyndist ekki, aðeins sandur og hraunmöl. Ég hafði sannreynt að birki þrífst furðanlega við erfiðar aðstæður í nábyli við lúpínu þegar það vex upp af fræi en hin þunga hafátt veldur því að það verður ljótt í vexti og hniprar sig niður, myndar sviplíttinn kjarrskóg. Sama máli gegndi um bergfuru. Þessar tegundir eru þar að auki seinvaxta og hafa ekki þrótt til að bjarga sér skjótt í annarri eins órækt, lúpínan vex upp yfir þær og sviptir þær sól og birtu. Hér þurfti þróttmiklar og skjótvaxnar tegundir til að nýta aðstæður og rífa sig upp.

Nú þurfti að þreifa fyrir sér. Fyrst var að sá lúpínufraei og sjá hvernig þetta færi með sig. Sveinn Runólfsson landgræðslu-





umbúnaðar; hún virtist líkleg til að leggja þetta land undir sig á skömmum tíma með tilstyrk lúpínunnar. Jafnframt var sitkabastarði, blágreni, hvítgreni og sitkabastarður gróðursett á spildum hér og þar, en það fékk aukabjónustu - holur með hrossataði - af því að grenið er ekki eins duglegt og öspin að rífa sig upp úr æsku smæð sinni. Enn fremur voru harðgerir runnar - rauð ígulrós og hvít þymirós - gróðursettir meðfram ökuleiðum til að setja nokkurn lit á þetta rýra land.

Þannig hafa mál þróast á söndunum. Oftast hef ég sáð lúpínufræi og stungið bakkaplöntum niður sama vorið. Það hefur sýnst hentugt að gróðursetja bakkaplönturnar fyrst og gera síðan aðra yfirferð með lúpínufræið, sá nokkrum fræjum á tveimur eða þremur stöðum í grennd við

hverja plöntu. Lúpínufræið er eins konar farseiðill fyrir litla bakkaplöntu inn í framtíðina. Ræktunarmaður ber blákom tvisvar á bakkaplönturnar fyrsta og annað sumarið en síðan einu sinni á sumri næstu tvö til þrjú árin til þess að þær verði þróttmiklar og sendi rætur sínar víða. Lúpínan fer að sá sér út á þriðja sumri og myndar á nokkrum árum samfellda breiðu, eins konar lifandi áburðarverksmiðju, á spildunni umhverfis trjáplönturnar sem mun tryggja furðugóðan

10. Hér var blágreni, hvítgreni og sitkabastarði stungið niður 2002 - með 3 metra millibili - gróðursett í óblandað hrossatað og skýlt síðan með 10 lítra plastfötum. Gömul lúpínusáning sést lengst til vinstri en að öðru leyti er nýbúið að sá í þetta rýra land. Búfjáraburður, tilbúinn áburður og skjól eru forsenda þess að greni hefji strax góðan vöxt við svo erfiðar aðstæður - lúpína tryggir það að hraður vöxtur haldi áfram eftir að áburðargjöf er hætt. Eftir 5-6 ár hafa þessir smælingjar vaxið svo um munar og eru orðnir ótrúlega harðir af sér. Mestu skiptir að þeir verði ekki fyrir áföllum tvö fyrstu árin.

vöxt þeirra næstu áratugi þótt venjulegur jarðvegur sé ekki á svæðinu fyrstu árin.

Þetta er sú aðferð sem ég hef notað að öllum jafnaði af því að hún gefur öspinni svolítið forskot á lúpínuna í hæðarvexti. og skilar skipulegum og samfelldum skógi þegar frá líður. Ég hafði fyrst og fremst ótta af því fyrstu árin að hávaxin lúpínan yfirbugaði smá-vaxnar asparplönturnar og kæfði þær undir sér. Þessi ræktunaráttur hefur hins vegar þann galla að lúpínan skilar tiltölulega litlum lífmassa fyrstu árin og þarf því að kasta blákorni að öspinni um skeið.



11. Hér hefur litlum Keisara verið stungið niður í hraunmöl í þéttgrónu lúpínulandi. Hann fær mjög riflegan áburðarskammt með sér til að festa rætur og nema land og tynist umsvifalaust í gróðurbreiðunni. Umhverfis er jörðin þakin köfnunarefnisríkum gróðurleifum sem tryggja frekari framgang plöntunnar. Eftir tvö ár er hún vaxin upp úr þykkuninu, státtin og sælleg. Fyrirhöfn er í algeru lágmarki en aðferðin skilar skjóttum árangri og vanhöld eru lítil.



Sumt er óútreiknanlegt í þessu dæmi. Lúpínan sáir sér til dæmis mishratt út á auðninni og getur þar munað tveimur til þremur árum þótt ekki sjáist teljandi munur á aðstæðum. Þessu þarf að gefa gaum vegna áburðargjafar. Ef lúpínan sáir sér seint út á einhverju svæði þarf að kasta blákorni að öspinni árinu lengur til þess að hún standi ekki lengi í svelt.

Síðustu árin hef ég fylgst náið með samspili lúpínu og aspar og gefið gaum að því hvernig lágvaxin bakkaplantan bjargar sér í samkeppni við hina vaxtarhröðu og hávöxnu lúpínu. Hefur það

orðið kveikja að öðrum ræktunarháttum sem spara áburðargjöf og fyrirhöfn svo um munar en skila óreglulegri skógi þegar frá líður.

Aðferð mín upp á síðkastið er að stinga bakkaplöntum niður í lúpínubreiðu á fimmta til sjötta ári, bera mjög hressilega á þær og snúa síðan baki við þeim, enda týnast þær brátt í þykkninu. Ég veit af fenginni reynslu að þær munu vaxa upp úr lúpínubreiðunni eftir tvö ár blaðmiklar og gróskulegar. Þetta sparar áburðargjöf og yfirferð af því að lúpínan er farin að gefa af sér mikinn lífmassa sem skilar köfnunarefni til bakkaplantnanna. Hið eina sem máli skiptir er að kasta svo miklu af blákorni að hinni nýgróðursettu plöntu að hún ræti sig vel í sandinum eða hraunmölinni á fyrsta sumri.

Þetta sýnist í rauninni fráleitt en árangur er satt að segja framur öllum vonum. Aspir sem vaxa upp úr köfnunarefni lúpínubreiðunnar eru eðlilegar, blaðstórar og sællegar og skila oft ótrúlegum vexti þrátt fyrir afar þurt umhverfi. Nokkur munur virðist á því hve asparplöntur ná fljótt að nýta köfnunarefni lúpíunnar, getur munað einu eða tveimur árum,

en allar komast þær á bragðið að lokum.

Stóra spurningin í þessari tilraun var hve fljótt ætti að stinga bakkaplöntum niður í lúpínusáningu. Framan af hafði ég enga tilfinningu fyrir því hve lúpínan sáði sér seint eða fljótt út. Beið ég því stundum óþarflega lengi með að stinga öspinni niður og varaði mig ekki á því að lúpínan þarf aðeins eitt eða tvö hagstæð sumur til að loka landi sem aðeins var með strjálum lúpínutoppum skömmu áður. Þegar slíkt gerist geta einhverjar asparplöntur orðið undir í baráttu um birtu og rými og þær verða stundum grannar og teygðar meðan þær eru að brjótast upp úr lúpínubrykkjunu. Vaxtarlagið breytist þó og nær jafnvægi á næstu árum og vanhöld eru afar lítil þegar ræktunarmaður hefur náð valdi á verki sínu.

Vorið 2003 var nokkrum bökkum af Keisara stungið niður í svæði sem lúpínan hafði lokað að mestu. Ég hafði byrjað þessar ræktunartilraunir niðri í lægðum þar sem skýlt var og nokkur von til raka í jörðu og árangur orðið framur björtustu vonum. Nú var brugðið á annað ráð og plöntun-



13. Hér sést hvernig álfavarp og vaxandi asparskógur eru að mynda eina heild.

um stungið niður í hraunmöl á bungum og hæðum þar sem mér hafði ekki komið til hugar að gróðursetja fyrir. Ekki nóg með það, heldur bar ég nú blákom á hverja plöntu strax að lokinni gróðursetningu og hafði skammtinn mjög riflegan - ég bjóst nefnilega ekki við að sjá hana aftur fyrir en hún yxi upp úr lúpínubreiðunni eftir tvö ár. Köfnunarefnisframleiðsla lúpínunnar umhverfis er orðin svo mikil að hún á að nægja nýbúnum til að ræta sig og komast til þroska ef þeir fá vænan áburðarskammt með sér þegar þeim er stungið niður.

Asparkvæmi virðast skila sér með hlutfallslegum vaxtarhraða og líðan innan lúpínu sem utan. Mest hefur verið gróðursett af Sölku við þessar aðstæður og skilar hún sér forkunnarvel. Pinni og Keisari skila sér sömuleiðis prýðilega en vaxa nokkru hægar. Tvö síðari kvæmin sönnuðu ágæti sitt enn frekar nú í vor því að ekki kipptu þau sér upp við langvarandi næturfrost þótt sumar tegundir gróðurs létu nokkuð á sjá.

Kvæmið sem nefnt er Keisari verðskuldar sérstaka umfjöllun. Það er ekki hraðvaxta, þolir engan samanburð við Sölku í því tilliti. En það er lífseigt við þær erfiðu aðstæður sem ríkja á söndunum í Skaftafellssýslu og aðdáun mín á því vex með hverju ári sem líður. Keisarinn er vindþolinn með afbrigðum og lætur lítið á sjá þótt harðviðri gangi yfir. Hann þolir spellvirki gæsarinnar ótrúlega vel og vanhöld eru sáralítill. Síðast en ekki síst skilar hann sér einstaklega vel eftir hörð kuldaköst á vori því að aldrei sjást dæmi þess að hann finni fyrir þeim. Í stuttu máli sagt ber Keisarinn algerlega af öðrum asparkvæmum í ræktun við þessi erfiðu skilyrði. Ræktunarmaður getur óhikað sett traust sitt á hann þar sem mest mæðir á.

Eitt hlýtt ég að nefna enn í sambandi við asparræktun: Það hlýtur að teljast eðlilegt að klippa greinar af öspinni smám saman upp í seilingarhæð, að frátöldum trám í skógarjaðri þar sem mest mæðir á; þau þurfa að veita skjól og draga úr vindblæstri utan af berangri inn í skóginn.

Stiklingaræktun víðis skilar engan veginn eins góðum árangri við þessar aðstæður, þótt vel sé gert við víðinn og stiklingarnir fái hrossatað til að ræta sig í. Jörvaviðir og brúnn alaskavíðir

lega vel saman alaskaösp og alaskalúpína, frekjuhundar báðar tvær og ómetanlegar til að klæða auðnir þessa lands.

Nú hefur drjúgur hluti af söndunum á Sólheimum verið lagður undir asparræktun með þeirri aðferð sem lýst hefur verið. Gróðursetning er fremur gisin, 2,5 til 3 metrar milli plantna. Góðar líkur eru til að þarna vaxi upp snotur asparskógur á hóflegum tíma með lítilli fyrirhöfn þótt landið sé afar þurrt og víða rýrara



vaxa seinna en öspin við svona erfiðar aðstæður og eru ekki eins duglegir að bjarga sér. Þess ber enn fremur að geta að þung hafátt ríkir á þessu svæði og gætir áhrifa hennar talsvert í vaxtarlagi víðisins þótt vöxtur aspar sé í fyllsta jafnvægi.

Síðast en ekki síst nefni ég meginatriði málsins: Víðir verður aldrei annað en runni, hversu mikið sem hann vex, en öspin verður tré og bætir stöðugt við sig. Þetta gerir allan gæfumun. Ræktun í sandi og hraunmöl virðist einfaldlega henta alaskaösp ótrúlega vel. Þar sést gjörlla hversu harðdugleg hún er og ötul að bjarga sér. Þær eiga óneitan-

en orð fá lýst. Þegar tímar líða fer öspin að fjölga sér með rótarskotum og sáningu og veitir þá ekki af að gróður sé sæmilega gisinn fyrir og eyður á stöku stað.

Við upphaf þessarar ræktunar hugleiddi ég hvernig plöntum skyldi dreift um landið - með öðrum orðum: átti ég að stinga plöntum niður í röðum eða óreglulega til þess að skógur sem yxi upp yrði sem eðlilegastur?



15. Þetta land blés upp fyrir löngu og var afar dökkt álitum - grásvört hraunmöl en gróður enginn. Lúpínan var lengi - ein 8 ár - að loka landinu af því að það er svo feikilega þurrt. Öspin var ekki komin í ljós þegar þessi mynd var tekin en hún er vaxin upp úr breiðunni nú og er afar sælleg enda nóg köfnunarefni í nánd þótt flest annað vanti. Vanhöld eru ótrúlega lítil.

Hér skipti mestu hvort gróðursetningu væri fylgt eftir með áburðargjöf og ætlast til viðunandi árangurs eins og í annarri ræktun. Sé borið á bakkaplönturnar oftan en við gróðursetningu þurfa þær að vera í röðum til hægðarauka því að þá er hægt að fara um landið með eðlilegum gönguhraða, fylgja röðinni og kasta áburðarlúku að hverri plöntu án þess að hægja ferðina. Ef gróðursetning er óregluleg gengur áburðardreifing langtum hægar af því að alltaf er verið að skyggjast eftir því hvort einhver planta verði útundan og þrátt fyrir alla aðgát verður slæðingur af plöntum afskiptur. Það sést á 7. mynd hver afleiðingin verður.

Þessi vandi er afgangur með seinni ræktunaraðferðinni sem áður var getið: að gróðursetja öspina í nálega fullgróði lúpínu-

land og bera aðeins einu sinni á hana. Þessi aðferð sparar áburð og vinnu svo um munar en skilar hraðspróttum og óreglulegum gróðri.

Þetta land er kjörlandi gæsarinnar sem röltir hér um á vorin í leit að strjálum nýgræðingi og tíni í sig krækiber seinni part sumars. Hún er mesti skaðvaldur í asparlandi og kippir nýgróðursettum bakkaplöntum upp á vorin áður en þær fara að ræta sig.

Enn fremur brýtur hún plöntur í stórum stíl fyrsta haustið og seinkar vexti þeirra um tvö ár. Gras vex upp í kringum asparplönturnar á öðru sumri og lætur gæsin þær að mestu í friði eftir það. Öðru máli gegnir um álfina sem verpir þarna á svæðinu; hún amast aldrei við trjágróðri þótt hún sé á beit innan um aspinar að næturlagi alveg fram á haust.

Gæsin má sín þó lítils gagnvart gróskunni sem þróast á svæðinu þegar lúpínan býr um sig og öspin teygir rætur sínar um sand og hraunmöl sem verður smám saman auðug að köfnunarefni frá fúnandi jurtaleifum á yfirborðinu. Það er með stórum ólíkindum að sjá sannkallaða eyðimörk taka stakkaskiptum á fáum árum og fyllast ólgandi gróðurmætti. Gæsin hopar af hólmi en skógarþröstur kemur í hennar stað og setur svip á umhverfi sitt. Fleiri fuglategundir fylgja á eftir þegar trjágróður vex og dafnar.

Lúpínan verður gjarnan 70-90 sentimetra há við þessar aðstæður og skilar af sér feiknamiklum lífmassa á hverju hausti. Lúpínuhrísið verður brúnleitt þegar haustar en síðar mógult og leggst smám saman flatt á jörðina undan veðri og snjóum. Mikið köfn-

Þessi mynd sýnir ástandið eftir að hafa verið plöntuð með lúpínu og öspum. Landið er mjög þurrt og gróðursetningin er óregluleg. Þetta land er kjörlandi gæsarinnar sem röltir hér um á vorin í leit að strjálum nýgræðingi og tíni í sig krækiber seinni part sumars. Hún er mesti skaðvaldur í asparlandi og kippir nýgróðursettum bakkaplöntum upp á vorin áður en þær fara að ræta sig.



unarefni er í þessum lífrænu leifum og skilar það sér smám saman til annars gróðurs á svæðinu. Lúpínustönglar fúna með tíð og tíma og mynda jarðvegsþekju ofan á hinum alsnauda grunni. Þar verða áfangaskil í þróun landgræða því að hinn nýmyndaði jarðvegur fer að halda í sér raka þegar regn fellur úr lofti og breytir þá mjög til hins betra um líðan og framvindu gróðurs.

Verður lúpínan langlíf á þessu landi? Ég vona það! Hún dafnar ótrúlega vel við þessar aðstæður og vex miklu betur en í hinni þurru fokmold. Sjálfsagt á sumarhitinn í mölinni stóran þátt í því. Jarðvegsmyndun ætti því að verða býsna hröð, ekki síst af því að Sólheimar eru á hinu virka gosbelti landsins þar sem laus jarðefni fara oft á flug þegar hvessir og áfok er býsna drjúgt. Það má því ætla að nokkur jarðvegur verði kominn á svæðið eftir tuttugu til þrjátíu ár og hagur útivistarskógarins tryggður þótt tiltækt köfnunarefni minnki smám saman þegar lúpínan hopar og hverfur að lokum.

Lúpínuskógrækt sameinar tvo gilda þætti **-landgræðslu og skógrækt** - sem miða að því að gera Ísland betra og byggilegra land fyrir komandi kynslóðir. Fram að þessu hefur þótt eðlilegt að uppgræðsla örfoka lands væri í senn tímafrek og dýr og skilaði landi með lágmarksgróðurþekju sem endist misjafnlega eftir að áburðargjöf lýkur. Hér er meginmunurinn sá að útivistarskógur

vex upp meðan jarðvegshula og gróðurþekja myndast og er landið því orðið gróskulegt í besta lagi og vænlegur vettvangur fyrir fólk og fugl eftir tuttugu ár til þrjátíu ár.


Lúpínan hörfar og skilar ekki lengur lífmassa sínum til svæðisins til að halda landsgæðum við en asparskógur er vaxinn upp og bætir landið með lauffalli sínu, að ógleymdum öðrum gróðri sem spróttið hefur úr nýjum jarðvegi. Má því ætla að jafnvægi sé komið á og sjálfbær þróun haldi áfram.

Ef til vill spyr einhver þegar hér er komið: Hvernig á svo að nýta þetta land þegar asparskógur er vaxinn upp? Þjónar einhverjum tilgangi að græða upp sanda og auðnir og hleypa þar upp skógi ef landið er ekki nytjað síðan til beitar eða skógarhöggs? Því er til að svara að starfandi kynslóð hverju sinni ráðstafar landsnytjum að geðþóttu sínum. Okkur varðar ekki um nýtingarviðhorf manna um næstu aldamót!


Ef við getum hresst upp á ásynd landsins og gert það að vænlegra umhverfi ber að fagna

því, þeir sem síðar koma nýta landið eins og þeim hentar. Við sem nú lifum erum flest berangursfólk í eðli okkar, alin upp í rollurikinu og teljum búfjárbætt hina sjálfsögðu nýtingu út hagans. Ég hef oft hugsað til þess hve fátæk við erum í anda að ganga með slíka nýtingaráráttu. Frændur okkar á Norðurlöndum telja það sjálfsagðan hlut að drjúgur hluti af landi þeirra sé skógi vaxinn. Mig grunar satt að segja að íslensk þjóð muni verða svipaðs sinnis þegar tímar líða, hún muni ekki telja búfjárbætt hina einu sjálfsögðu landnýtingu sunnan- og vestanlands á 22. öld. Tíminn mun leiða það í ljós.

Þessi auðnarræktun er sennilega það tómstundagaman sem veitir mér einna mesta ánægju nú um stundir. Hún er gersamlega fráleit, alveg út í hött, og skilar ótrúlegum árangri. Hún er afskaplega ódýr af því að árangurstryggingin - það sem knýr hana fram - er ekki tilbúinn áburður heldur fáein kíló af fræi sem sáð er í eitt skipti fyrir öll og



Í 1954 hóf Ísland að byggja upp landgræðslu og skógrækt. Þetta var fyrsta skiptið sem Ísland hóf slíkt. Áður höfðu aðrar lönd byggja upp landgræðslu og skógrækt. Í 1954 hóf Ísland að byggja upp landgræðslu og skógrækt. Þetta var fyrsta skiptið sem Ísland hóf slíkt. Áður höfðu aðrar lönd byggja upp landgræðslu og skógrækt. Í 1954 hóf Ísland að byggja upp landgræðslu og skógrækt. Þetta var fyrsta skiptið sem Ísland hóf slíkt. Áður höfðu aðrar lönd byggja upp landgræðslu og skógrækt.



skila arði næstu áratugi. Hún er ekki tímafrek ef gengið er skipulega til verks og henni fylgir lítið líkamlegt erfiði. Það er átakalítið fyrir einyrkja að sá lúpínufræi með hentugu verkfæri, stinga plöntum niður með finnskum gróðursetningarstaf og sáldra áburði kringum þær stöku sinnum. Hún er ögrandi viðfangsefni og skilar enn ljúfari árangri en ræktun á grónu landi, af því að *breytingin er alger*.

Hér er einfalt úrræði til að græða svöðusár þessa lands, mela og sanda og örfoka land, með lágmarks-kostnaði og fyrirhöfn en skjótum árangri. Hér er vakin upp sjálfbær þróun með innfluttum gróðri-lúpínunni - sem leggur gróðurlaust land undir sig í nokkra áratugi en skilar því síðan með frjóum og góðum jarðvegi þar sem íslenskur gróður nemur land að nýju í skjóli hraðsprottns skógar erlendra trjátegunda er nýta rýra íslenska jörð stórum betur en innlendur gróður.

Lúpínufræi hefur verið sáð allvíða í gróðursnautt land á undan-

förnum áratugum til að stöðva uppblástur og stuðla að aukinni grósku. Þetta hefur yfirleitt skilað góðum árangri. Hins vegar hefur lítið verið skrifað um lúpínurækt og skógrækt svo mér sé kunnugt, og er það tilefni greinar minnar. Ég tel að samkvæmt fenginni reynslu minni sé full ástæða til að stinga niður asparplöntum í lúpínuland - fleiri eða færri - og fara að eins og hér hefur verið lýst. Þannig mætti hleypa upp asparskógi, gisnum eða þéttum, með óverulegri fyrirhöfn en tiltölulega skjótum árangri

Nú má spyrja: Er nokkur ástæða til að rækta alaskaösp og sitkagreni á eyðisöndum og blásnu hrauni? Má þetta land ekki fá að vera í friði og undirstrika sérstöðu Íslands í náttúrulegu tilliti? -lands hinna uppblásnu auðna og svörtu sanda? Svarið er skýrt og afar eindregið. Eyðisandar, melar og blásið hraun eru eyður í lífríki landsins. Þessar eyður blasa við augum okkar hvar sem við förum um landið. Sumt af þeim er mannanna verk en

annað orðið til fyrir atbeina náttúrunnar. Ég hef horft upp á það í ná-grenni mínu hve þessar eyður eru fjandsamlegar öllu lífi. Þarna sést aldrei skordýr, enginn fugl, aðeins mosatægjur og eitt og eitt strá á stangli. Þegar fyrrnefndur gróður er kominn á svæðið verður það hluti lifandi vistkerfis og fyllist af grósku, verður gróðursælla en óbreyttur úthaginn umhverfis. Þetta er sigur lífsins og hann er stór. Þess vegna vil ég stuðla að honum.

Lúpínusáning - sáningartæki.

Það sem til þarf: Ein arfaskafa. raflagnarör ca. 1,5 m langt, lítil trekt, límband.

Notkunarreglur: Smitað lúpínufræ í úlpuvasa -landið rispað með sköfu, nokkur fræ látn í trektina og stýrt niður í rispuna, fæti strokið yfir rispuna til að hylja fræin, stigið eitt skref áfram og aðgerð endurtekin o.s.frv.

Camilla Ståle Sundstrup



Forskipt lerkis á Elftunda árið

Sumarið 2000 dvöldust á Fljótsdalshéraði tvær danskar stúlkur, skógræðinemar við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn (KVL). Erindi þeirra var að afla efnis í kandiðatsritgerð í skóghagfræði við skógræðideild skólans. Þær heita Karen Vesterager og Camilla Ståle Sundstrup. Þær unnu ritgerðina einnig fyrir Skógrækt ríkisins. Leiðbeinandi þeirra hér á Íslandi var dr. Þröstur Eysteinnsson, fagmálastjóri Skógræktar ríkisins, en leiðbeinandi af hálfu háskólans var prófessor dr. merc. Finn Helles. Hér birtist stytt útgáfa af ritgerðinni, sem Camilla samdi sérstaklega fyrir Skógræktarritið. Þessi ritgerð er afar gagnleg fyrir þann mikla fjölda íslenskra skógræktarmanna, sem nú hafa byrjað að rækta lerkis til gagnviðar, af því að hún er skóghagfræðileg greining á grisjun lerkis. Ritgerðin sýnir, að margs þarf að gæta til þess að ná sem mestri fjárhagslegri hagkvæmni. Höfundar komast að ákveðinni niðurstöðu til þess að svo megi verða, eftir að hafa kannað nokkra valkosti. - Sig Bl.

Í þessari grein er fjallað um grisjun lerkis á Fljótsdalshéraði og hvernig hún er skipulögð. Í greininni er gengið út frá því, að nauðsynlegt sé að grisja lerkiskóg á Íslandi. Hér er ekki rætt um hugtakið sjálfgrisjun, þar sem mannshöndin kemur hvergi nærri. Baksvið greinarinnar er það, að Karen Vesterager og ég dvöldum í 5 mánuði á Íslandi til þess að afla efnis í og vinna að aðalritgerð til lokaprófs í skógfræði við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn. Við þökkum Skógrækt ríkisins fyrir að taka á móti okkur og veita okkur nauðsynlega aðstöðu og hjálp, svo og öðrum, sem hjálpuðu okkur margvíslega Sigurði Blöndal, fyrrv. skógræktarstjóra, þökkum við sérstaklega fyrir að þýða greinina á íslensku.

Af því að við erum danskar og höfum hlotið menntun okkar í Danmörku, mótast sjónarhorn okkar af því. Í skógrækt í Danmörku er lítið á grisjun sem þess konar afskipti, sem hugsanlega geti aflað fljótt tekna úr skóginum, en aðallega sem umönnun skógarins, svo að verðmæti hans aukist eins og mögulegt er, áður en hann er að lokum felldur allur. Grisja skal skóginn á þann hátt, að ástand hans sé ætíð hið æskilegasta. Til þess að geta skýrgreint þetta æskilegasta ástand skógarins, verður að:

- greina markmið með ræktun hans,

- ákveða væntanlegan aldur vaxtarlotunnar, *
- ákveða, hvernig hann verður endurnýjaður,
- skýrgreina langtímakröfur, sem gerðar eru til skógbúskaparins.

Öll þessi atriði má nefna „*skógræktarskipulag*“. Það byggist á ótrúlega mörgum spám um:

- vöxt trjána,
- verð á afurðum skógarins,
- kostnaði við skógarhögg og útkeyrslu viðarins.

Grisjunaráætlun er einn þáttur í skógræktarskipulaginu. Þar er sagt fyrir, hve hörð grisjunin skuli vera og er þá oft tilgreindur grunnflötur (m^2)*** eða viðarmagn (m^3)***. Einnig hvert hlutfall grisjunar er notað.

Vaxtartöflur sýna, hvernig vexti miðar á hektaranum, ásamt því hve mikið fellur við grisjanir á vaxtarlotu viðkomandi skógarsteigs. Vaxtartöflur eru bundnar við trjátegund og gróskuflokk****. Á dönsku er til vaxtartafla yfir larki (1. gróskuflokk), sem sýnir, hve mikið skógurinn vex á hverjum tíma á hektara að 50 ára aldri, þegar svo og svo margir m^3 eru grisjaðir.

Í skógrækt, þar sem viðarmagn standandi trjáa og vaxtargeta er óþekkt, er venja að nota sem mælikvarða á, hvenær skuli grisjað, hve mikið af greinum

trjána hefir drepist* . Í Svíþjóð er t.d. notaður sá mælikvarði varðandi grisjun á rauðgreni, að dauðar greinar megi vera á 30% bollengdar. Hversu langt náttúrleg greinhreinsun er komin, segir okkur þannig talsvert um það, hvenær skuli grisjað, en ekki hversu mikið. Önnur aðferð er að nota *hlutfallslegt bil milli trjáa*. Fjöldi trjáa (N) segir til um það, hversu mörg tré standa á hektara. Hlutfallslegt bil milli trjáa (RTA) er hugtak, sem tengir trjáfjölda við hæð trjána í skóginum. Hlutfallslegt bil milli trjáa gefur þannig til kynna, hversu mikið vaxtarrými er fyrir hvert einstakt tré, og er skýrgreint með eftirfarandi líkingu

$$RTA = (10000/N) \cdot 0,5 / H \times 100\%.$$

Eitthvert tiltekið RTA gefur til kynna, hve þétt trén í skógarsteignum eiga að standa eftir grisjun, *þegar þau eru mismunandi há***. RTA er óháð styrkleika grisjunarinnar. Þannig er t.d. hægt að gefa upp, að grisjað skuli þannig, að RTA verði 30%.

Grisjun á Íslandi hingað til

Á Íslandi hafa grisjanir hingað til ekki verið skipulagðar (í þeim skilningi, sem skýrt var hér að framan). Eftir hendinni hefir verið metin þörfin fyrir grisjun á einstökum skógarsteignum. Grisjað var þegar þörf var talin. Við mat á því var horft á hversu þéttur

* vaxtarlota er tíminn frá því skógurinn er endurnýjaður með sjálfgræðslu eða gróðursetningu, þar til síðasta tréð er fellt.


**samanlagður þversniðsflötur allra trjáa 1,3 m frá jörð á ha.

*** samanlagt rúmtak allra trjábola á ha.

**** gróskuflokkur gefur til kynna frjósemi jarðvegs og er ákvarðaður eftir hæð trjána miðað við aldur. Dæmi tekið af 30 ára gömlum skógi: Hæð 8 m = 1. gróskufli. 6 m = 2. gróskufli. 4 m = 3. gróskufli.

*Af því að laufblöð og nálar fá ekki nægilegt ljósmagn gegnum krónupakið til þess að geta lifað. Þetta er afar misjafnt eftir trjátegundum: Birki og larki eru ljóskær tré, en greni og þinur skuggapolin.

** Lágvaxið tré þarf minna rými en hávaxið.



skógurinn var og gefinn upp trjá-
fjöldi á hektara. Ennfremur var litið
til þess, hversu náttúrlæg
greinhreinsun var langt komin, það
er að segja, hvort greinar á neðstu
greinakrönsum voru farnar að
deyja, og ef svo væri, hversu margir
greinakransar voru dauðir.
Náttúrlæg greinhreinsun gerist á
fáum árum, þegar hún er á annað
borð byrjuð. Ef hún er orðin á meira
en um það bil helmingi af hæð
trésins, rýrnar vöxturinn.

Á þeim svæðum, þar sem lerkir
hefir verið grisjað, er bara lítið af
tiltölulega gömlum skógi. Hjá
Skógrækt ríkisins á Hallormsstað
hefir allmikið af lerkiskógi verið
grisjað (allt frá árinu 1952) og elstu
teigarnir á svæði Fljótsdalsáætlunar
einnig. Grisjað er þannig að, viss
trjáfjöldi skal vera á hektaranum að
grisjun lokinni. Algengur mælikvarði
er 2000 tré á hektara eftir fyrstu
grisjun. Sködduð tré eru felld og
mjög stór (grófgreinótt) eða mjög
lítil, hlykkjótt og tvístofna. Með

þessu móti verður skógurinn
heilbrigðari eftir grisjunina

Skúli Björnsson hjá Skógrækt
ríkisins á Hallormsstað hefir um
nokkurra ára skeið reynt að draga
saman reynslu af grisjun lerkis á
Fljótsdalshéraði, samhæfa hana
grisjunarforsögn fyrir skógarfuru í
Noregi og nota sem fyrirmynd.
Út úr því kom „Grisjunartafla fyrir
lerki á Fljótsdalshéraði“, sem sýnd
er á 1. mynd.

Í þessari „töflu“ er gengið út frá
yfirhæð* í teignum og fjölda trjáa á
hektara og það afmarkar
punktabeltið á 1. mynd. Innan þess
er hægt að velja mörg grisjunarferli í
heilli vaxtarlotu. Til dæmis má grisja
oft og lítið í einu, eða sjaldan og
mikið í einu. Tekið er fram, að
sérhver skógareigandi geti innan
þessara marka fundið grisjunarferli,
sem best

uppfyllir eigin kröfur bóndans til
reksturs skóglendisins og þær
forsendur, sem samfélagið á
hverjum stað leyfir.

Skógræktarskipulag á Ís- landi

Saga þess er stutt, eins og eðli-
legt er. Hér á eftir eru settar fram
hugmyndir í sambandi við skipu-
lagningu á allstóru svæði á
Fljótsdalshéraði. Þar er litið á

- stærð skógarins,
- markmið með ræktuninni,
- vaxtargetu lerkis,
- lengd vaxtarlotu og endurnýjun
lerkiskógarins og
- möguleika á að selja lerkivíð-
inn.

Nú verður vikið nánar að hverjum
þessara þátta.

* Meðalhæð 100 gildustu trjáanna í teignum (ha).

Hlutfélag skipting trjátegunda hjó Hérðiskógurinn



2. mynd. Skipting skógar á Fljótsdalshéraði í ræktunarflokka.

Markmið með ræktun skógarins.

Það er mjög auðvelt að gera grein fyrir þessu. Að langmestu leyti er höfuðmarkmið með ræktun lerkiskógarins framleiðsla gagnviðar. Um leið skapast önnur verðmæti, svo sem bara það að gróðursetja skóg í nakið land, meiri vöxtur graslendis í námunda við skóginn og tilurð útivistarsvæða. Gagnviðarskógur af lerk þarf að vera vel beinvaxinn, trén helst ekki með sverum greinum eða hugsanlega greinhreinsuð, svo að borðviðurinn verði í viðunandi gæðaflokki. Grisja verður eins oft og mögulegt er fjárhagslega, en þó ekki sjaldnar en nauðsynlegt er til þess að gæði borðviðarins verði fullgóð. Hver einstakur skógar-eigandi verður að gera sér grein fyrir því, hvers vegna hann hefir gróðursett skóginn eða keypt hann, og á þann hátt skýrgreint ræktunarmarkmið lerkiskógarins

Vaxtargeta lerkis. Það er auðvitað ekki hægt að segja fyrir upp á hár, hvernig lerkiskógurinn

3. mynd. Skipting lerkis á Fljótsdalshéraði í aldursflokka.

Stærð skógarins. Grundvöllur skógræktarskipulags í Danmörku er skrá yfir skóglendið, sem hefir að geyma

- stærð skógarins og flatarmál einstakra trjátegunda,
- hvaða trjátegundir vaxa þar, og (í stuttu máli),
- aldur, trjáhæðir, bolmassa standandi trjáa og
- athugasemdir um svæðið.

Samkvæmt flatarmálmælingum á nýmörkum á Fljótsdalshéraði er vitað að lerk er aðal trjátegundin á svæðinu (sjá 2. mynd).

Myndir sýnir, að lerk er um 65% af flatarmáli nýmarkanna (hér meðtalinn skógur, sem vænta má, að verði hærri en 2 m og má þannig teljast „háskógur“). Þetta eru rúmlega 3.300 hektarar.

Þegar vitneskja er fengin um það, hve mikill skógur er af hverri einstakri trjátegund, er næsta skref að skoða aldur þessara svæða. Tíu ára aldursþrep eru notuð við skiptingu í aldursflokka. 3. mynd er dæmi um þetta.

Megnið af lerkiskóginum er mjög ungt, þar eð 88% af flatarmáli hans er yngri en 10 ára.

Skipting lerkis í aldursflokka





muni vaxa, þar eð elsti eiginlegi lerkiteigur er nú aðeins 62ja ára gamall. Hver verður vaxtargeta skógarteiganna á öllu tímabilinu frá gróðursetningu til lokahöggs? Á grundvelli þessa takmarkaða efnis er hér búin til ímynd (model), sem líkir eftir vaxtargetu eins hektara af lerkiskógi, háð því, hvernig er grisjað. Þessi ímynd sýnir (a) tölur yfir viðarmagn standandi trjáa í m^3/ha , (b) viðarmagn, sem fellur grísjun og (c) tilsvareandi þvermál trjáanna. Ímyndin grundvallast á þeirri hugmynd, að heildarvöxtur sé óháður grísjun. Ennfremur er notuð föst formtala* 0,5. Með tíð og tíma fæst aukin reynsla um

* Formtalan gefur til kynna mjókkun trjábolsins, miðað við jafngildan sívalning með sömu hæð og sama þvermáli eins og tréð í brjósthæð.

vaxtargetu lerkis. Þar með fæst vitneskja, sem treystir grundvöll ímyndarinnar, byggt á miklu meira efni til úrvinnslu, og verður því áreiðanlegri.

Lengd vaxtarlotu og endurnýjun lerkiskógar. Hvenær má búast við því, að tími sé kominn til að fella síðustu trén í teignum? Við göngum út frá því, að lerkíð geti orðið gamalt, og í Svíþjóð er talið, að hæfileg lengd vaxtarlotu sé allt að 130 árum. Íslenskir skógræktarmenn telja þó um þessar mundir, að líklegri sé 80-100 ára vaxtarlota.

Hvað á að taka við - önnur trjátegund, blandaður skógur eða einrækt (monokultur), og á að gróðursetja á ný undir skermi af lerkí eða eftir að öll lerkitré eru fallin? Menn hugsa sér, að endurnýjunin gerist með því að rjóðurfella svæði, sem á eftir verði gróðursett í með annarri trjátegund, eins og til dæmis sitkagreni. Hugsanlega verður gróðursett

undir skermi í stað þess að rjóðurfella. Þegar um er að ræða lerkiskóg, sem við ætlum *ekki* að láta verða 90 ára gamlan, er plantað inn í hann með það í huga að skipta fljótt um trjátegund (25-30 ár).

Möguleikar á að selja lerkíviðinn. Nú um stundir er ósköp lítið framleitt af lerkíviði og því lítið til að selja. Þrátt fyrir lítið framboð, hefir verið unnið við að nýta lerkíviðinn á margvíslegan hátt. Hann hefir verið nýttur í parkettgólf, límtré, klæðningu utan á ýmiss konar hús, skrautmuni, föndur, inniklæðningar á vegg, borð, bekkir, hillur, viðarkurl og viðarkol.

Jafnvel hefir verið spurt eftir gluggaefni frá Danmörku, en magn af lerkíviði, sem enn er hægt að fella, er ennþá of lítið til þess að koma til móts við þess háttar eftirspurn. Ríkisstjórnin hefir skipað vinnuhóp til að



kanna nýtingarmöguleika trjáviðar. Sett hefir verið á stofn viðarmiðlun, sem tekur við við allra áánlegra trjátegunda, sem síðan er nýtt eða unnið úr annars staðar. Magn lerkiviðar úr skógunum mun vaxa og sala mun þróa þannig, að raunverulegur markaður verði til. Erfitt er samt að gera sér grein fyrir, hvert muni verða einkenni slíks markaðar.

Fyrsta grisjun

Enn er ekki komið að fyrstu grisjun í flestum lerkiskógum á Fljótsdalshéraði. Hvenær er tími kominn til þess? Í þessari könnun er markmiðið einmitt að meta á alveg hlutlausan hátt, hvenær grisjun þurfi að hefjast, og þá um leið að geta skipulagt grisjunarstarfið alla vaxtarlotuna. Á 6 stöðum var mælt á hektara (a) fjöldi trjáa, (b) hæð trjáanna, (c) lengd krónu og (d) þvermál trjáanna í brjóst hæð (sjá 5. mynd),

til þess að rannsaka, hvenær eigi að grisja fyrst eða hvenær það sé best. Valdir voru skógarteigar, sem ekki höfðu verið grisjaðir, en talið var, að tími væri kominn að því. Aðeins voru valdir prufufletir, þar sem 4000 tré stóðu á hektara (3800-4200). Víða dreifðust trén svo ójafnt, að sums staðar var þörf á grisjun, en annars staðar hafði krónupakið ekki lokast. 6. mynd á að sýna, hvað út úr þessu kom.


Hversu langt má náttúrlæg greinhreinsun vera komin, sem er ásættanleg, áður en nauðsynlegt er að byrja grisjun? Ef mælikvarði er 60%, á að grisja lerkiteigana. Þegar þeir hafa náð 7,4 m hæð. Í næsthæsta gróskuflokki er það sem næst við 30 ára aldur. Niðurstöður rannsóknarinnar, að því er varðar hæð trjáanna og áætlaðan aldur eftir því, eru nokkuð frábrugðnar því, sem búist var við, skv. venjulegri grisjun á Fljótsdalshéraði hingað til. Þá hefir iðulega verið byrjað að grisja, þar sem náttúrlæg greinhreinsun var rétt byrjuð. Hjá Skógrækt ríkisins hafa menn yfirleitt byrjað að grisja, þegar tré hafa náð 4 m hæð. Og sú grisjun hefir verið svo væg, að nauðsyn-

legt hefir verið að koma aftur eftir 10 ár. Við grisjanir síðar reynist hlutfall lifandi krónu minna en við fyrstu grisjun. Trén ná fyrr tiltekinni hæð á háum gróskuflokki (bonitet) en á lágum. Kannski er hlutur lifandi krónu háður gróskuflokki jarðvegsins. Á fjórum af svæðunum, sem við rannsökuðum, var gróskuflokkur hærrí en gefið er upp á línuriti, sem sýnir 25 m hæð við 100 ára aldur.

Grisjun eða biljöfnun og greinhreinsun

Það falla auðvitað mörg tré við grisjun, þegar gróðursett eru 4000, en aðeins 400 eftir við síðustu grisjun. Þegar svona þétt er gróðursett, er spurning, hvort fyrsta höggið á ekki aðeins að vera jöfnun á bili milli trjáa, þar sem notuð er kjarsög, en ekki eiginleg grisjun þar sem notuð er keðjusög (á ensku nefnd „precommercial thinning“). Slík „hreinsun“ á grennstu og minnstu trjám er ódýrari en eiginleg grisjun. Í töflu 1 er áætlaður tími og kostnaður við þrens konar aðgerðir. Tölurnar eru

6. mynd. Hæð í hlutfalli við náttúrlæga greinhreinsun gefin upp með hluta grænnar krónu.



Tafla 1. Tími og kostnaður við þrenns konar aðgerðir

Aðgerð	Tími á ha	Kostnaður á ha
1. Bil milli trjáa	24	41.000
2. Síðan er grisjað þrisvar sinnum	40	13.000
3. Skógurinn er rjóðurfelldur	201	275.000

byggðar á reynslu, sem hefir fengist hjá Skógrækt ríkisins á Hallormsstað.

Jöfnun á bili fer fram á undan eiginlegri grisjun og takmarkast í rauninni af því, hve gilda stofna kjarrsögin ræður við. Þetta má þó ekki gera fyrr en hægt er að velja þau tré, sem eiga að standa áfram. Ef bil milli plantna er jafnað snemma, má búast við því, að óhjákvæmilegt verði að hreinsa lifandi grófar greinar neðst á stofninum til þess að viðurinn verði nægilega góður og verðmætur. Þá er nægilegt að greinhreinsa þau 4-500 tré, sem búast má við, að standi út vaxtarlotuna.

Hagkvæmasta grisjunaráætlun

1. myndin, sem ég gat um hér að framan (bls. 33) samanstóð af því, hve oft skyldi grisjað, og hve mikið skyldi fellt í hverri grisjun, og settir upp mismunandi valkostir. Auk þess var lagt mat á útkomuna í mismunandi gerðum ímyndarinnar, og því næst breytt, hve miklu var kostað til í tíma og peningum, svo að með því að velja milli kosta var hægt að finna út hagkvæmasta ræktur í ræktuninni. Settar voru fram

* Meðtalið högg og útkleysla að bilfærum vegi.

þrjár tillögur, sem áhugavert væri að meta. Hér var um að ræða (a) hve oft grisjað og (b) við hvaða aldur skógarins, ásamt (c) hversu mikið grisjað hverju sinni. Bornar voru saman hinar þrjár tillögur og skoðað (a) gildleiki trjáanna, (b) gæði viðarins eftir því, hve áhringir voru breiðir, ásamt (c) fjárhagslegum hagnaði (verðmæti höfuðstóls reiknað út í hverri tillögu).

Besta grisjunarferlið reyndist vera eftirfarandi:

1. Bil milli trjáa er jafnað við 17 ára aldur (eða 4ra m hæð). Trjáfjöldi fer niður í 2000/ha, en það svarar til hlutfallslega bils milli trjáa (RTA) um 54%.
2. Síðan er grisjað þrisvar sinnum, þegar skógurinn er 35, 45 og 60 ára gamall. Fjöldi trjáa á ha verður 1100, 800 og 400 við ofannefnd aldursþrep. Það tilsvavar, að RTA verði 32-33 %.
3. Skógurinn er rjóðurfelldur 90 ára gamall.

Þvermál í brjósthæð verður tæpir 31 cm við 90 ára aldur. Við allar grisjanir er notast við grisjunarhlutfallið 1. Með því er átt við, að trén, sem falla við grisjun, hafi að meðaltali sama þvermál eins og trén, sem standa eftir grisjun. Grisjunarhlutfallið má þó vera stærra eða minna en

einn, sem m.a hefir áhrif á þróun gildleikavaxtarins. Í Danmörku er oftast grisjað „að neðan“. Ef grisjunarhlutfallið er t.d. 0,8 verður þvermál trjáanna í lokin (90 ára gömul) 34 cm. Samt verður fjárhagslegur hagnaður á heilli vaxtarlotu minni. Um leið verður viðurinn lakari vegna þess að kvistir stækka og óæskileg breikkun verður á áhringjum. Talað er um högg „að ofan“, þegar grisjunarhlutfallið er stærra en 1. Þá verður þvermál stofnanna við 90 ára aldur ekki nógu stórt (27 cm).

Ef metið er frá skóghagfræðilegu sjónarmiði, sýnir sig, að grisjunarferillinn, sem lýst var hér á undan, skapar stærstan höfuðstól. Þar er grisjað nógu oft, þó að harðar sé grisjað í hvert sinn.


Breytileiki í breidd áhringja verður ásættanlegur (0,1-0,3 mm). Þegar breidd áhringja er tiltölulega jöfn, er minni hætta en ella á, að viðurinn verpest í vinnslu: Einnig eru áhringir nægilega mjóir til þess að viðurinn sé ásættanlega sterkur**.

Öllum er heimilt að nota þá aðferð, sem felst í þessari ímynd. Inn í hana má setja tillögur hvers og eins um að fella færri tré við grisjanir. Ég skora á alla skógar-eigendur, sem ætla að fara að grisja lerkiskóg, að hugleiða svipað og reynt er að sýna í þessari ritgerð. Það hjálpar til að skipuleggja ræktun skógarins.

Líklega vegur fjárhagshliðin þyngst hjá einstökum skógar-eigendum, þegar kemur að næstu grisjunum. Ef of kostnaðarsamt

* Viður barrtrjáa er bestur til allra nota, ef áhringir eru 1-2 mm breiðir. Þeir verða raunar alltaf breiðari í ræktuðum skógi.

Línurit yfir verð lerkiviðar



7. mynd. Línurit yfir verð lerkiviðar í ísl. krónum. Bláa línán sýnir framlegð (= velta / breytilegur kostnaður) grisjunar við tiltekið þvermál.

mun reynast að grisja snemma, þá verður það oftast ekki gert

Í ritgerð okkar er fjárhagsleg greining, sem m.a. grundvallast á ákveðnu línuriti yfir verð. Áætlað er (a) ákveðið magn úr skógarteigum, sem heldur vissu þvermáli á felldum trjám, (b) tilheyrandi meðalkostnaður við högg og útkeyrslu viðarins, ásamt (c) tilsvarendi meðaltekjum. Þetta línurit yfir verð er rissað upp á 7. mynd, og byggist á kostnaði og söluverði hjá Skógrækt ríkisins haustið 2000*.


7. mynd sýnir, að framlegð er hærrí en 0, þvermál á felldum trjám er stærra en 10 cm. Búast má við, að söluverð lækki í framtíðinni, m.a. af því að framboð á lerkiviði eykst. Af því leiðir, að þvermál felldra trjáa verður að vera stærra en 10 cm, áður en skógareigandinn getur fengið ágóða af grisjuninni.

Veturinn 2000 hefir lerkí verðið grisjað hjá Skógrækt ríkisins, þar sem reynt er að sannreyna réttmæti grisjunarferilsins, sem mælt er með í þessari ritgerð. Tíminn leiðir svo í ljós, hvort framvindan í skóginum verður sú, sem hér er gert ráð fyrir, og hvort árangurinn verður ásættanlegur.

Heimildir.

1. K. Vesterager og C.S. Sundstrup, 2000. Strategi for tynding af lærk i Fljótssdalshérað i Island - en beslutningsmodel. KVL, København. 69 bls. + viðbætur og fylgiskjöl.
2. Skúli Björnsson, 1997. Grisjun skóga. Hallormsstað.
3. O. Martinsson, 2000. Munnleg heimild.

Þýðandi skrifaði skýringar neðanmáls í ritgerðinni.
Sig. Blöndal íslenskaði.



*Þetta er langt yfir heimsmarkaðsverði á venjulegum borðviði.




Á hundrað ára afmæli gróðrarstöðvarinnar á Hallormsstað

Inngangur

Margir halda að þjóðgarðurinn á Þingvöllum, sem stofnaður var 1930 skv. lögum frá 1928, hafi verið fyrsta landsvæðið sem íslenska ríkið eignaðist til verndunar náttúru. Svo er þó ekki því að árið 1899 samþykkti Alþingi lög um kaup á Hallormsstaðaskógi til friðunar. Markmiðið var verndun „einasta kjarrskógar á Íslandi, sem hefur varðveist allsæmilega“ svo vitnað sé í orð Christians Flensborg og var þetta því fyrsta friðun lands með lögum í náttúruverndarskyni. Reyndar voru nokkur önnur svæði einnig friðuð af Skógrækt ríkisins á undan Þingvöllum, þ.á.m. Vaglaskógur, Vatnaskógur, Þórsmörk og Ásbyrgi. Af þessu má ljóst vera að hugur Íslendinga snerist fyrst og fremst til verndunar skógarleifa þegar hugmyndir um náttúruvernd voru að ryðja sér til rúms og reyndar lengi fram eftir öldinni. Um upphaf skógræktar, sem um leið er upphaf náttúruverndar á Íslandi, má lesa í bókinni *Íslandsskógum* eftir þá Sigurð Blöndal og Skúla Björn Gunnarsson.

Fyrstu framkvæmdir í þágu skógverndar og ræktunar á Hallormsstað voru friðun svæðis, sem kallað var Mörkin (og er enn), með völdugri girðingu og stofnun gróðrarstöðvar innan hennar árið 1903. Síðan eru liðin hundrað ár og mikið vatn runnið til Lagarfljóts um Kerlingará.



Ekki sést í toppa trjáanna með góðu móti.

Trjásafnið geymir söguna

Þegar gengið er frá nýja bílastæðinu niður í trjásafnið í Mörkinni á Hallormsstað er tignarleg lindifura, sem er álíka breið og hún er há, eitt það fyrsta sem mætir manni. Samt er hún ágætlega hávaxin, enda rétt tæplega hundrað ára gömul, sprottin upp af fræi sem Christian Flensborg sáði með aðstoð músa. Reyndar var þáttur músanna í ræktunarstarfinu sá að finna fræjunum annan stað en sá ágæti skógræðingur Christian Flensborg hafði upphaflega fyrirhugað þeim. Þegar maður virðir fyrir sér þær ágætu lindifurur sem sprottnar eru upp af þessu samstarfi músa og manna þá hvarflar að manni sú spurning hvort mýs standi e.t.v. skógræðingum á sporði í skógrækt. Á þeim tíma bjuggu flestir Íslendingar enn í torfhúsum og höfðu aldrei séð tré.

Svo er gengið um súlnahlið einhverra fallegustu lerkitrjáa landsins að blágreninu frá 1905. Öll eru þessi tré svo hávaxin að toppar þeirra sjást ekki með góðu móti. Eitt þeirra var um langt árabil hæsta tréð á Íslandi og góðir grenilundir eru vaxnir upp af fræi

sem það gaf af sér fyrir 50 árum. Það voru þessi tré sem á fjórða áratug síðustu aldar gáfu Guttormi Pálssyni, Agnari Kofoed-Hansen og Hákonni Bjarnasyni til kynna að víst væri hægt að rækta skóg til timburnytja á Íslandi. Íslendingar voru þá óðum að flytja úr torfbæjum sínum, en fyrir utan lítinn hóp sérvitringa sem nýlega var búinn að stofna Skógræktarfélag Íslands, voru þeir enn með það á hreinu að ekki yxu tré á Íslandi.

Aðeins lengra á vinstri hönd er fjallafurulundur, kræklóttur og lágvaxinn samkvæmt náttúru fjallafuru og athyglisverður vitnisburður um svartsýni eða öllu heldur varkárni Dananna sem stóðu fyrir fyrstu gróðursetningu barrtrjáa. E.t.v. var hún hugsuð sem trygging; ef allt annað dræpist væri hin runnkennnda og ofurharða fjallafura þó líklegust til að þraka.

Á hægri hönd eru svo fjallapínir frá Klettafjöllum Colorado, gullfallegir en toppar þeirra eiga til að fjúka af í hvassviðrum nú þegar þeir eru vaxnir vel upp fyrir birkiskóginn. Eru þeir til marks um bjartsýni einstakra manna sem gróðursettu þá á kreppuárunum þegar flestir höfðu fullt í fangi með að hafa í sig og á.

Næst er gengið um blandaðan skóg lerkis frá Sovétríkjum Evrasíu og þallar frá Bandaríkjum Norður-Ameríku. Trén voru gróðursett á sjötta áratug 20. aldar þegar kalt stríð var í algleymingi milli upprunalanda þeirra og tortíming af völdum kjarnorkustyrjaldar virtist alls ekki fjarlægur möguleiki. Síðan hefur gengið á ýmsu í samskiptum stórveldanna en lerkid og þöllin hafa ætíð lifað í sátt og samlyndi á Hallormsstað og virðast hvorki gera sér grein fyrir uppruna sínum né skráttinni pólitík mannanna. Á þessum tíma bjuggu nánast engir Íslendingar lengur í torfbæjum og allstór hópur var farinn að viðurkenna að tré gætu vaxið á Íslandi en fæstir trúðu því þó að þau yrðu nokkurn tíma mjög stórvaxin.

Á svipuðum tíma var öngum af þeim íslensku blæðspum, sem þá voru þekktar, safnað og komið fyrir á einum stað sem nú er við göngustíginn skammt ofan við Neðstareit í trjásafninu. E.t.v. var þetta fyrsta dæmið um meðvitaða *ex situ* (utan upprunastaðar) verndun erfðalinda í íslenskri skógrækt. Nálægt öspunum eru gamlar skógarfurur, þær einu sem einhverja hluta vegna urðu ekki fyrir barðinu á furulúsinni sem drap flestar skógarfurur landsins fyrir og eftir 1960.

Þegar komið er niður í Neðstareit blasir við hópur alaskaaspa sem nú eru um fimmtugt. Þær sem eftir urðu í uppeldisbeðunum eru nú einhver hæstu og

voldugustu tré landsins, um 22 metrar á hæð og sýna engin merki þess að vera neitt að hægja á vextinum. Reyndar eru mörg þeirra trjáa sem nú mynda trjásafnið á Hallormsstað plöntur sem skildar voru eftir í uppeldis- beðum gróðrarstöðvarinnar af því að þau voru skemmd eða hægvaxta eða einhverra annarra hluta vegna ekki söluvara. Stærð þeirra og fegurð nú er áminning til okkar um að fara varlega í sorteringu á smáplöntum því mjór er mikils vísir. Önnur tré eru sérstök, svo sem eplatré frá Alaska, lífviður frá Kóreu og eik frá Englandi sem öll er að finna í Neðstareit.

Þá má ekki gleyma öðrum eikum, sem Héraðsbúar kalla svo; gömlu birkitrjámum sem voru á staðnum þegar stofnað var til gróðrarstöðvarinnar og er enn að finna hér og hvar í trjásafninu. Þetta eru gamlingjar með karakter, algjör skúlptúr!

Margar sögur í viðbót mætti segja um einstök tré eða einstaka lundi í trjásafninu á Hallormsstað. Engin þeirra kemur þó í

stað hinnar einstöku upplifunar að koma þangað og gefa sér góðan tíma til að rölta um. Það er allt að því skylda allra Íslendinga sem áhuga hafa á skógrækt að gera einmitt það (og e.t.v. ekki síður hinna, sem ekki hafa enn uppgötvað þá vellíðan sem rölt í skógi getur framkallað).

Trjásafnið á Hallormsstað varð til sem náttúruleg afleiðing áratuga rekstrar skógræktargróðrarstöðvar. Eiginlega óvart. Græðireitir sem gengu úr sér, urðu ófrjósamir eða fylltast af illgresi voru yfirgefnir og nýir ræktaðir í staðinn. Ósöluhæfar plöntur voru einfaldlega skildar eftir eða fluttar til að mynda raðir eða skjólbelti í jöðrum nýju reitanna. Trjásafnið geymir því sögu gróðrarstöðvarinnar mun betur en orðin ein. Og nú á aldarafmæli gróðrarstöðvarinnar sem breyttist að hluta til í trjásaft er meirihluti Íslendinga sannfærður um að hægt sé að rækta skóg til timburnytja á Íslandi. Sumir eru jafnvel svo sannfærðir að þeir hafa orðið áhyggjur af miklum vexti trjáa og góðum árangri skógræktar.


Komandi öld

Eftir 1990 urðu miklar breytingar á rekstrarumhverfi skógræktar í landinu er leiddu að lokum til þess að Skógrækt ríkisins hætti plöntuframleiðslu til sölu á almennum markaði og einkageirinn tók alfarið við. Þau beð sem síðast voru í notkun á Hallormsstað eru nú ýmist jólatrjáareitir eða nýtt til ræktunar á móðurplöntum fyrir græðlingaframleiðslu á skilgreindum klónum víðitegunda og aspar. Í gróðurhúsunum er bæði framleiðsla á birkifræi af völdum móðurtrjám og á plöntum nýrra tegunda fyrir trjáafnið. Gróðrarstöðin á Hallormsstað gegnir því enn mikilvægu hlutverki á sviði kynbóta og varðveislu erfðafnis fyrir íslenska skógrækt auk þess sem stærstur hluti gróðurhúsanna er leigður til skógarplöntuframleiðslu á vegum einkarekinnar gróðrarstöðvar.

Þessi skrif eru því alls ekki minningargrein, heldur einfaldlega afmæliskveðja. Megi næstu hundrað árin vera jafn farsæl.



Sigurður Blöndal fræðir ferðafólk um sögu lindifuranna.



Margrét
í Dalismynni



Margrét Guðjónsdóttir í Dalsmynni

Inngangur

Guð gaf mér náðargáfur sem ég er mjög þakklát fyrir:

Ég hef létt skap og liðugan talanda, er fædd full og mér er alveg sama hvernig aðrir haga sér ef þeir æla og slefa bara ekki utan í mig! Oft var ég fljótfær og flumbruleg og átti til að hlaupa á mig en ég hef reynt að læra að passa mig á því. Svo hef ég reynt að vinna úr hverju augnabliki og hverjum degi og sé yfirleitt ekki eftir neinu sem gerðist í gær eða í fortíðinni og kviði heldur ekki framtíðinni. Þetta er ég búin að gera í mörg mörg ár. Ég erfi ekki hluti við nokkurn mann og reyni þá að afgreiða þá strax.

Þetta segir Margrét Guðjónsdóttir, sem kennd er við Dalsmynni, en hún er, eins og hún orðar það, orðin próventukerling hjá ungu hjónunum í Dalsmynni II, dóttursyninum Atla Sveini Svanssyni og Hjólту Júlíusdóttur. Þau eru liðlega tvítug og nýlega tekin við búi. Margréti er margt til lista lagt og stundar m.a. hannyrðir og er ræktunarkona af lífi og sál, ein af þessum eljusömu konum sem sjaldan fellur verk úr hendi. Hún er formaður Skógræktarfélags Heiðsynninga og mikill talsmaður skógræktar.





Uppruni og æskuár

Ég er fædd í Skógum í Kolbeinsstaðahreppi. Foreldrar mínir voru Guðjón Jónsson úr Hnappadal í Kolbeinsstaðahreppi og Ágústa Júlíusdóttir, ættuð úr Svarfaðardal. Móðir mín var á margan hátt nútímakona, mjög félagslynd og fyrir aldamótin 1900 ræktaði hún kartöflur og rófur í Svarfaðardalnum. Frá henni hef ég efalaust þessa miklu ræktunarbörf. Við systkinin vorum 5. Móðir mín missti föður sinn þriggja ára gömul. Hún var send í Skagafjörð 12 ára gömul. Þar var hún í 12 ár og eignaðist stelpu en átti ekki samleið með barnsföðurnum. Þá fer hún sem vinnukona að Álftanesi á Mýrum. Tveimur árum síðar kynnist hún föður mínum sem hafði þá tekið við búi á Skógum að bróður hans látnum. Ég held að hún hafi viljað losna úr vinnumennskunni og sagði bara já þegar pabbi bað hana að giftast sér. Reyndar var

þetta ekki nein alsæl lukka því að þau áttu ekki mikið skap saman voru á margan hátt mjög ólík. Ég var fjögurra ára þegar við fluttum frá Skógum á Mýrarnar að Kvíslhöfða. Þar fengu foreldrar mínir kot og voru leiguliðar. Ég var því alin upp sem kotakrakki en þó þó engu sérstaka virðingu fyrir heldri bændunum í sveitinni. Sagði það sem mér sýndist við hvern sem var.

Ég var sjö ára gömul þegar bróðir minn fæddist. Þegar mamma komst á fætur fór hún beint í heyskapinn. Ég var heima og tók ábyrgð á þeim litla og systkinum mínum eftir það. Ég man svo vel eftir því hvað ég var fljótt fullorðinsleg. Held að krakkar þroskist mikið á því að vera falin ábyrgð. Nú bregður hins vegar svo við að unglingar mega aldrei bera ábyrgð. Þetta finnst mér ekki rétt uppeldi.

Byrjaði búskap snemma

Maður byrjaði nú ekki fyrr en 9 ára í skóla og alls var ég 20 vikur í barnaskóla. Það er öll sú menntun sem ég hef fengið. Það er sko ekki skrítið að ég láti dálítið á mér bera.

Mér finnst nú samt að ég hafi lifað glaða og góða æsku. Reyndar stefndi hugurinn á skólavist í húsmæðraskóla eins og stelpur á þessum árum dreyndi um. Ég fór í vist að Kolviðarnesi 16 ára og ætlaði að safna mér fyrir skólavistinni. Þar voru mæðginin Margrét Hannesdóttir, ættuð úr Húnavatnssýslu, trúuð og vel gefin kona, og Guðmundur Guðmundsson. Hún var orðin um áttætt og orðin ófær um að mjólka og ráða fram úr heimilisstörfum. Margrét hafði lengi beðið Guð um að gefa Munda sínum konu. Hafði hana dreynt að til hennar kæmi stúlka með miklu kasti sem strusaði inn í stofuna með skrítna húfu á höfði. Í draumnum



Mynd 3. Bæjarstæðið í Dalsmynni er fagurt. Vestan við bæjarhlaðið er þessi fallega tjörn og blómstrandi horblaðka eða reiðingsgras (*Menyanthes trifoliata*).

var henni sagt að þetta væri konuefnið hans Munda og hún væri 16 ára. Það var svartamyrkur þegar ég kom í Kolviðarnes um haustið. Ég strunsaði inn í stofuna og heilsa Margréti. Gamla konan var að flétta hár sitt sem var mikið og sítt. Hún spurði mig: „Hvað ertu gömul nýjan mín?“ „Sextán ára“ svaraði ég. Þá segir hún „Láttu ekki nokkurn lifandi mann heyra þetta að þú sért bara sextán ára“. Hún sagði mér síðar að henni hefði brugðið svo rosalega við að sjá mig. Ég var líka með mjög sérkennilega húfu, sem ég hafði saumað úr kanínuskinni, á höfði og þetta hefur nú líklega virkað dálítið einkennilega á gömlu konuna.

Svo atvikaðist það nú svo, þrátt fyrir að ég væri nú ekki á trúlofunarbuxunum, að við Guðmund-



ur trúlofuðum okkur - enda sóttist hann mikið eftir mér. Mér leist ekkert á hann í fyrstu, fannst hann eldgamall og ekki sérlega friður. En smám saman fann ég hvað hann hafði sterka útgeislun og var blíður og góður. Þá hætti ég að taka eftir þessu ytra útliti og ég get ekki sagt annað en að þetta hafi orðið mikið gæfuhjónaband. Við giftum okkur, eftir fæðingu fyrsta barns okkar,

þegar ég var átján ára. Guðmundur hafði átt eina dóttur skömmu áður en ég kom og tók ég við uppeldi hennar. Við bjuggum í átta ár á Kolviðarnesi. Guðmundur varð langþreyttur á setum yfir fé. Það var einlægt í hættum við ósa Haffjarðarar og einnig höfðum við fé á beit í fjallinu við Dalsmynni. Það varð úr að við keyptum jörðina Dalsmynni og seldum Thorsurunum Kolviðarnesið.

Við vorum bara búin að vera einn mánuð í Dalsmynni þegar tengdamóðir mín deyr.

Ég fékk til okkar stúlku ári síðar en hún var þýsk - Elísabet Shultz og var hjá mér á fimmta ár - enda veitti ekki af því. Í Dalsmynni var alltaf mikill gestagangur auk þess sem skólinn var þar þannig að kennari kom á bæina og börnin voru mörg. Elísabet settist síðar að í Grundarfirði. Á sumrin voru síðan oft margir kaupstaðarkrakkar hjá okkur. Ég átti svo góðan mann og þrátt fyrir það væri 21 ár á milli okkar, var hann svo ungur í anda og yndislegur við alla krakka að þetta var enginn vandi.



Mynd 5. Í túnjaðrinum ræktar Margrét nytjaskóg, m.a. jólatré sem hún hlífir með öllum ráðum. Ýmislegt sem ekki er lengur til gagns notar hún sem skjólgjafa.



hafa kvenfélagskonur unnið mikið og gott starf í gegnum árin. Við erum nú með hugmyndir um að gera þessum skógarreitum til góða í samstarfi við Opinn skóg og hefja framkvæmdir á næsta ári.


Félagið fékk nýtt líf með Landgræðsluskógaáttakinu árið 1990. Um það leyti tek ég við formannsstarfinu og fæ marga góða í lið með mér. Ég skrifaði oddvitum í þremur hreppum; Kolbeinsstaðahreppi, Eyjahreppi og Miklaholtshreppi og fékk lönd í verkefnið. Þetta hafðist af því að ég fór og talaði við þá alla í framhaldinu. Einhverjir gárungar hafa sagt mér að ég hafi talað svo mikið um skógrækt að þeir hafi fengið alveg nóg og ekki séð annað ráð en að láta okkur fá landið. Það er svo annað mál að ég get verið ofvirk í því sem ég tek fyrir hendur. Hvað um það, þarna lögðust margir á eitt og allt unnið í þegnskaparvinnu. Það var glóandi áhugi og mikið unnið. Á næstu árum nýttum við okkur öll tækifæri til þess að fá fólk til þess að vinna við gróðursetningu og nú er þetta mikið að koma til og á eftir að verða stórkostlegt svæði í framtíðinni.

Skógræktarstarfið

Ég hafði komið með nokkrar plöntur og anga með mér frá Kolviðarnesi og setti þær hér við bæinn. En svo komu börnin hvert af öðru og ýmislegt að stússa. Þegar ég gekk með áttunda barnið, einhvern tíma fyrir 1960, áskotnuðust mér 700 birkiplöntur. Mundi minn var svo vænn að girða af spildu í brekkunni ofan við bæinn. Ég fór að baksa við að koma plöntunum niður og vildi gera það áður en ég legðist á sæng. Ég var reyndar orðin dálítið þung á mér þarna í brattanum en skömmu eftir að allar plöntur voru komnar í jörð, þann 23. júní, átti ég strákinn Tryggva og gekk allt að óskum. Þannig hófst minn skógræktarferill fyrir alvöru.

skógarhaka og gróðursetti í gríð og erg. Til marks um þann mikla áhuga sem var hér á þessum tíma þá gáfu hjónin á Hofsstöðum, Eggert Kjartansson og Sigríður Þórðardóttir ljósmóðir, land til skógræktar, bæði Skógræktarfélagi Heiðsynninga, þar er kallaður Hofsstaðareitur, og kvenfélaginu reit sem heitir Másstaðabyrgi. Þessi gjöf lýsti mikilli framsýni og þeirri bjartsýni sem ríkti í garð skógræktar. Í Másstaðabyrgi

Um miðja síðustu öld blossaði upp skógræktaráhugi hér í sveitinni, í kjölfar þess að Hákon Bjarnason kom og hélt fræðslufundi. Þá var Þórður Gíslason á Ölkeldu kosinn formaður og var það um margra áratuga skeið. Hákon var svo innlifaður og sannfærandi að allir hrifust af þessari hugsjón sem hann boðaði. Fólk kom með skóflur og





Félagsmál og kveðskapur

Við fórum saman á aðalfund á Egilsstöðum, nokkrir Borgfirðingar og fleiri héðan af Vesturlandi. Það hafði verið orðrómur um það, að á fundinum yrði lúpinn tekinn á beinið. Á leiðinni austur gistum við á Hörgslandi á Síðu. Ég orðaði það við Ágúst Árnason í Hvammi að nú yrðum við að verja lúpinn. „Þá verður þú að yrkja“, sagði Gústi. Ég settist því niður um kvöldið og fór að setja eitthvað niður á blað. Í störfum á



fundinum lenti ég í nefnd þar sem var einhver ályktun um lúpinn. Í nefndinni var þrasað og þrasað og klukkan var að verða hálf tólf. Ég bað þá um að fá að fara með kvæði, var reyndar ekki búin að slípa þetta alveg til. Sá sem átti að flytja tillöguna bað mig svo að flytja ljóðið aftur daginn eftir þegar tillögurnar yrðu bornar undir fundinn. Þetta gerði ég og síðan hefur aldrei verið minnst á lúpinn á fundum



Mynd 11. Svæðið er víðáttumikið og stórt og inn á milli eru örgrýtismelar, sem verða græddir upp smám saman.

Skógræktarfélags Íslands. Ég er dálítið ánægð með það að hafa stungið dálítið upp í þá sem hafa verið á móti henni og þeir hafa ekki vaðið uppi, alla vega ekki meðan ég hef sótt fundi félagsins. Ég er mikill fylgjandi þessarar öndvegisjurtar, hvernig hún græðir og klæðir auðnir og mela. Það finnst mér dásamlegt.

Nú svo hef ég farið víða með skógræktarfólki, t.d. í þrjár gróðursetningarferðir til Noregs. Svo er minnisstæð ferð sem ég fór til Skotlands en í þeirri ferð var Hákon Aðalsteinsson, skógarbóndi á Héraði og þjóðkunnur hagyrðingur. Hann spókaði sig í skóginum með mikinn skinnhatt á höfði og var alltaf tottandi pípustert. Strákarnir í ferðinni byrjuðu strax á því að nefna það við mig að nú þyrfti ég að ljóða á Hákon en ég neitaði því. Af strákskap létu þeir Hákon fá vísu, sem ég var reyndar búin að yrkja fyrir langa löngu, en sögðu hins vegar Hákon að Margrét í Dalsmynni hefði ort þetta um hann af því að mér fyndist hann reykja mikið, sem var eintóm þvæla. Vísan er svona:

*Ef þú reykir eins og hippi
ert þú fljótt með tóman haus,
reikar um með tjörutyppi,
titrandi og getulaus.*



Mynd 12. Við höfum lagt áherslu á að gróðursetja á skýldu staðina fyrst enda er árangur óðum að koma í ljós. Margrét er hér hjá vel vöxnum greniplöntum.

Þetta sámaði Hákon eðlilega og svaraði að bragði:

*Á mér eru tólin traust og
tímans þörfum sinna.
Typpi mitt er tjörulaust
og teygist eins og hinna.*

Þetta var hin skemmtilegasta uppákoma en auðvitað sagði ég Hákon hvernig í pottinn var búið. Þegar við vorum að fara frá Skotlandi fann ég ekki vegabréfið mitt. Þá voru allir með tárin í augunum og héldu að það yrði að skilja mig eftir í Skotlandi. Einhvern veginn redduðu strákarnir þessu þannig að ég komst með, þó síðust yrði inn í flugvélina.

Nokkru síðar erum við Hákon saman á hagröðingakvöldi á Akranesi. Hákon hefur orðið og fer að ræða um að Margrét í Dalsmynni sé rammgöldrótt. Segir hann frá klúðrinu með vegabréfið í Skotlandi og segir að flestir hafi staðið í þeirri trú að ég hefði orðið eftir í Skotlandi. „En viti menn“, segir Hákon, „Það fyrsta sem við sáum í flugstöðinni í Keflavík, var Margrét! Af því tilefni varð til þessi vísa“:

*Margrét nýtti fræðin forn
svo ferðum hennar lyki.
Eins og gömul galdranom
geystist heim á priki.*

Ég er hins vegar ekki talandi hagröðingur og get ekki gert vísurnar svona á stundinni. En Hákon hefur alltaf tekið upp hanskann fyrir mig á þessum hagröðingamótum og varið mig drengilega ef á mig hallar.

Framtíðin

Ég er mjög bjartsýn á framtíð skógræktar í sveitinni. Menn kaupa hér gjarnan jarðir og gerast skógarbændur. Langflestir hafa góðan tíma og peninga, gera upp hús og laga og byggja upp. Það er nú munur að sjá slíkt en að aka framhjá draugbæjum sem grotna niður og engum verða að gagni. Það getur því orðið fallett um að litast í sveitunum með tíð og tíma. Þessi hefðbundni búskapur sýnist mér hins vegar alls



Mynd 13. Varða sem Guðmundur eiginmaður Margrétar reisti á þeim árum sem þau hjónin voru með búskap í Kolviðarnesi og rak fé til beitar á afrétt inn af Dalsmynni.

staðar eiga undir högg að sækja. Það er enginn sem lifir alfarið á honum lengur. Það er líka margt nýtt sem verið er að prófa hér eins og til dæmis ræktun á hör sem nokkrir bændur hafa byrjað á og svo virðist ferðaþjónusta bænda ganga þokkalega.

Ég hef verið svo heppin að búa við mikið barnalán og það þykir mér mikill auður. Venjulega læt ég fólk vera í friði með sitt líf og sínar skoðanir og er ekkert að skipta mér of mikið af, hvorki mínu fólki né öðrum. Það er kannski helst í kringum plöntur eða verkefni í sambandi við skógræktina að ég þyki uppþrengjandi. Í raun hefur allt mitt líf verið alveg dásamlegt.



Mynd 14. Rauðamelskirkjugarður, þar sem Guðmundur eiginmaður Margrétar er jarðsettur. Hann féll frá níráður að aldri árið 2000. Árni Þórarinnsson gerði garðinn frægan „Hjá vondu fólki“.



Heiðursáskrifendur Skógræktarrítisins

Veiðingasláströfnum

Veiðingaáúsið Íomtróna ehf

Vélarver hf

Vélatærufoley Íslands

Veiðileik hf

KÖPAVOGUR

Þingavörð ehf

BNA.is ehf

Karabú ehf

Sundstöðin Sturðugla ehf

Örninnu salstun AH

GARÐABER

Blómavæðingun Garðabæinn

HAFNARFJÖRDUR

Alexander Olafsson ehf

Garðverkunin Hafnarfjarður

KEFLAVÍK

Nesprófi ehf

Reykjanesið

Umbrót ehf

KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Íslandsk markaðar hf

GRINDAVÍK

Stekkaflói ehf

GARÐUR

Gerðaloppun

NIARDVÍK

Hítavita Suðurnesja

MOSELLSBÆR

Þe naðarar arbarar Kjaiaressinnar

Mozzo ehf

Jólabjónusta Kirkjugarðanna

Þjónustustímar 585 2700 og 585 2770

Aðaskólaíðan í Fúsevöy, sími 585 2700, og skólaíðan í Gufunesi, sími 585 2770 eru opnar á þorlákumessu og aðfangadögum kl. 9.00 til 15.00. Þar veitum við upplýsingar, gefum leiðbeiningar um aðhyrnungráða og afhendum talakd el þér kærur.

Leiðsögn og prestbjónusta

Á Þorlákumessu og aðfangadögum til kl. 10.00 og 15.00, verður Fúsevögskirkja opin. Á aðfangadögum munu prestar verða á staðarhyrðu, sem vilja stíga til í dögslóðinni. Stjórnendur Kirkjugarðanna verða á vettvangi garðanna báðar þessa daga og leiðbeina fólki frá kl. 9.00 til 15.00.

Glaðilega jólahátíð

Kirkjugarðar
Reykjavíkurinnviðastjórnaðna
<http://www.kirkjugarðar.is>



ÖSTA OG
SMJÖRSALAN SE



Kópavogsbær



Austur-Hérað

Njótum útiveru í fallegu umhverfi okkar.

Göngum vel um landið og
vörumst að skilja eftir verks-
unnumerki.



Garðyrkjusjórn

Heiðursáskrifendur Skógræktarríðisins

AKRANES

Hvalfjarðarstrandakræppur
Núðalsúl hl
Skólinn aðalgrunnur

BORGARNES

Borgarbyggð
Bókklefi- og félagsheimilið
KB-Borgarnes skólur
Landbúnaðarskólinn
Hvanneyri
Skógræktshverfur
Strandóttir Myraskóli

SNÆFELLSSÍÐI

Snæfellsheið

BÚÐARDALLUR

Mjallmussunlegjó Búðardal

BOLUNGARVÍK

Bolungarvík skólinn
Spensjóar- og Bolungarvík skólur

SÚÐAVÍK

Súðavík skólinn

PATREKSEYRÐUR

Oðinn
Vesturbyggð

BRU

Staðarskólinn

HÖLMANVÍK

Hölmur skólinn

HVANNAVISTANGI

Háskólingur vestur



1. mynd. Kort sem sýnir vaxtarstaði birkis við Fiská, merktir með grænum lit. Birkio í landi Reynifells er neðan við Hríslugil undir Vatnsdalsfjalli. Dökkgrænn litur auðkennir kjarrið þar sem það er þéttast. Birkikjarr og stakar hríslur eru einnig í Krappa við Árgilsstaði, en þar er skógræktargirðing frá árinu 1950.



Birkið við Fiská

- vísbending um vistkerfi sem var?

Inngangur

Í Rangárvallasýslu finnast gamlir birki-skógar aðeins í nágrenni Heklu og á Þórsmerkursvæðinu. Heimildir benda til að svo hafi verið í að minnsta kosti þrjár aldir (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709-1710, Sýslu- og sóknarlýsingar frá 1839 - 1873, Einar Helgason 1899, Þórður Tómasson 1996). Efst í Landsveit og á Rangárvöllum er birki útbreitt og eru þar víða fallegir skógarteigar og kjarr í landi Skarfaness, Galtalækjar, Merkihvols, Næfurholts, Hóla, Haukadals og Selsunds. Á Þórsmerkursvæðinu eru skógar á Almenninum norðan við Ljósá, í Þórsmörk, og á Goðalandi eða Básunum sunnan Krossár. Eftir skógarkönnun í Rangárvallasýslu á vegum Skógræktar ríkisins árið 1987 var

áætlað að heildarstærð samfellds skóglendis þar væri um 10 km² og að mjög gisið skóglendi væri alls um 15 km² (Skógrækt ríkisins, óbirt gögn).

Skógar í sýslunni eru leifar af mun víð-áttumeira skóglendi sem var í þessum landshluta, sem öðrum, fyrr á tímum en tók að eyðast hratt á fyrstu öldum byggðar í landinu. Skógareyðinguna má rekja til landnýtingar, einkum skógarhöggs og beitar, sem að jafnaði tók meira af skóginum en nam endurnýjun hans. Að auki áttu eldgos, harðindi og uppblástur hlut að máli og ýttu undir áhrif nýtingar á skógin (Þórarinn Þórarinnsson 1974, Grétar Guðbergsson 1992, Ása L. Aradóttir og Ólafur Arnalds 2001).



2. mynd. Vaxtarstaður birkisins við Fiská undir Vatnsdalsfjalli, sjónarhorn niður með ánni. Birkið vex á hraunnefjunum tveimur sem skaga út í ána. Meira og þéttara kjarr er á neðra nefinu (2. - 7. mynd eru frá 8. júlí 2003).

Með stórauðinni skógrækt og landgræðslu, fækkun sauðfjár og breyttum búskaparháttum á undanföllum áratugum hefur birki og annar trjágróður tekið að aukast í landinu. Aukningin hefur einkum orðið við nýræktun á skóglausu landi en einnig við sjálfsáningu og endurvöxt birkis á gömlum skógarsvæðum. Á landsvæðum sem hafa verið skóglaus lengi má sums staðar finna stöku hríslur af birki og jafnvel skógartorfur á stöðum sem eru torfærir fyrir menn og búsmala. Yfirleitt eru þetta hólmar og eyjar í straumhórðum ám eða syllur og snasir í hamra-veggjum, gljúfrum og giljum. Vitna þessir staðir um skóga fyrri tíma og veita sumir vísbendingu um gróðurfar sem áður einkenndi landið. Þessar leifar eru síðustu vígi birkisins á skóglausum svæðum. Nú þegar vígstaðan er breytt geta þeir orðið að mikilvægum

fræuppsprettum sem birkið tekur að breiða sig út frá á nýjan leik. Dæmi um skógartorfur og leifar af þessu tagi eru Grímstorfa í Hafrafelli á Fljótshólshéraði (Eypór Einarsson 1979), Bláfellshólmi í Hvítá (Sigurður H. Magnússon, munnlegar upplýsingar) og Viðey í Þjórsá ofan við Minninúp í Gnúpverjahreppi, en líklegt er að staðir á landinu öllu skipti hundruðum.

Í samantekt sinni um skóga í Rangárvallasýslu í lok 19. aldar getur Einar Helgason (1899) staða þar sem staka skógarhólma eða hríslur af birki og reynivið var að finna í sýslunni á þeim tíma. Helstir þeirra voru lágvaxið kjarr á Skógasandi í landi Eystrí -Skóga, birkihríslur í Hestavaðshólma í Skógaá ofan Skógafoss, reyniviðarhrísla og birkihríslur í Nauthúsagili innan við Stóru-Mörk, birkihríslur í giljum í innanverðri Fljótshlíð frá Merkjá við

Múlakot inn að Þórólfsá, reyniviðarhrísla í Fiskárgili við Árgilsstaði í Hvolhreppi, og Klofaeyja í Þjórsá norður af Búrfelli þar sem var laglegur skógur (Einar Helgason 1899). Á flestum þessara staða er birki eða reynivið enn að finna.

Birkið við Fiská

Það kom mér nokkuð á óvart fyrir liðlega 10 árum að ganga fram á lágvaxið birkið kjarr og hríslur í hraunkanti við Fiská í landi Reynifells á Rangárvöllum, allfjarri öðru gamalgrönu kjarr- og skóglendi. Ég hafði ekki rekist fyrr á kjarr þarna upp með ánni og ekki heyrt um það. Síðan hef ég nokkrum sinnum átt þarna leið um, en það var ekki fyrr en sumarið 2003 að ég gætti svolítið betur að staðnum en áður, tók þar nokkrar ljósmyndir og reyndi að kortleggja útbreiðslu birkisins með GPS staðsetningartæki. Var

þar komið efni til að setjast niður, lýsa staðnum og vekja athygli á honum.

Fiská á upptök sín í fjalllendu innan við Þríhyrning, en þar ber hæst Hæringsfell og Rauðnefsstaðafjall. Áin fellur til suðvesturs niður með Þríhyrningi og tekur sveig til norðurs og vesturs með Vatnsdalsfjalli. Liggur áin undir fjallinu niður að Árgilsstöðum og rennur þaðan út til Eystri-Rangár nokkru neðan við Tungufoss (1. mynd). Að Fiská að norðan liggur um 4000 ára gamalt hraun en sunnan árinna er berggrunnur eldri og móberg ríkjandi (Haukur Jóhannesson og



3. mynd. Birkikjarrið á neðra hraunnefinu við Fiská, sjónarhorn upp með ánni til Þríhyrnings.



4. mynd. Birkikjarrið á neðra hraunnefinu við Fiská, sjónarhorn niður með ánni. Hér er birkið 1 - 2 m hátt með einstaka kalkvisti sem skaga upp úr því. Blómleggir geithvannar teygja sig upp í gegnum kjarrið. Var land með Fiská og Rangá þessu líkt á 10. öld er Gunnar á Hlíðarenda og bræður hans riðu hér um?

Sigmundur Einarsson 1990). Í landi Árgilsstaða, á milli Skútufoss og Bæjarfoss, fellur áin um hraunið og er þar alldjúpt gil með hamraveggjum. Hraunjaðarinn með ofanverðri ánni er víðast hvar vel fær mönnum og skepnum en á stöku stað eru brattir og illfærir hraunveggir sem áin rennur undir. Á einum þeirra er birkikjarrið við Fiská í landi Reynifells að finna.

Birkið á Reynifelli er við ána þar sem hún rennur undir norðanverðu Vatnsdalsfjalli (1. mynd). Hraunkanturinn þar sem birkið vex er um 10-15 metra þykkur og veit á móti suðri. Yfirborð hraunsins er í um 130 m hæð yfir sjávarmáli. Birki finnst þarna á um 500 m löngu svæði með ánni, víðast hvar sem stakar hríslur og smáplöntur, en það þéttir sig þó í tveimur sundurslitnum kjarrblettum framan á hraunnefjum sem skaga út í ána (2. mynd). Á nefinu sem liggur neðar við ána er birkið þétt og vöxtulegt og meiri skógarblær á landinu en á efra nefinu þar sem birkið er gisnara og undirgróður minni. Neðan við birkið er brattur og lítið gróinn hraunveggur en ofan við og á milli hraunnefjanna er hálfgróin mólendisbrekka. Þar sem birkið vex er halli á bilinu 30 - 50°. Á hrauninu ofan við brekkuna tekur við graslendismói með gulvíði. Í hlífum Vatnsdalsfjalls handan árinna eru grasi grónar brekkur skornar af giljum. Gil þessi nefnast Hríslugil (1. mynd) og eru sagnir um að þar hafi vaxið birki (Örnefnastofnun, Helga Skúladóttir, óbirt handrit). Beggja vegna árinna hafa verið bithagar sauðfjár fram á þennan dag og einhver hrossabeit. Á undanföllum árum hefur dregið úr beit á svæðinu og ber gróður þess merki að hann er í framför.



5. mynd. Geithvönn og blágresi í undirgróðri í kjarrinu við Fiská.

Birkikjarrið undir Vatnsdalsfjalli er hvorki víðáttumikið né hávaxið. Stærri breiðan er aðeins um 150 m² að flatarmáli. Í meginhluta hennar er birkið þétt og hæð hríslna um 1-2 m (3.-4. mynd). Einstaka kalkvistir skaga þó hærra upp úr kjarrinu. Líklegt er að snjór setjist framan í hraunbrúnina í skafrenningi á veturna, brjóti ofan af hríslunum og haldi vexti þeirra niðri. Það er eftirtektarvert að þar sem kjarrið er þéttast er skógarbotnsgróður en hann bendir til að birkið hafi viðhaldið lengi og að þarna megi enn finna leifar af skógarvistkerfi sem fyrrum var útbreitt á svæðinu. Botngróðrinum má lýsa sem gróskumiklu en fremur tegundafáu blómlendi og er það af allt öðrum toga en gróðurlendi í nágrenninu. Ríkjandi tegundir í birkikjarrinu eru geithvönn, blágresi, hrútaberjalyng, bláberjalyng, vallelfting, loðvíðir og umfeðmingur (4.-6. mynd). Bæði geithvönn og blágresi eru sjaldséð annars staðar á svæðinu. Í svarðlagi undir birkinu er mest um mosana tildurmosa (*Hylocomium splendens*) og runnaskraut (*Rhytidiadelphus triquetrus*) sem báðir er algengir í skógarbotnum

hér á landi. Gróðri í kjarrinu svipar til gróðurs sem er að finna í birkiskógum og víðikjarri sem lengi hefur verið friðað fyrir sauðfjárbætur (Hörður Kristinsson 1979, Eypór Einarsson 1979, Ásrún Elmarsdóttir o.fl. 2003). Í hraunbrúninni utan við kjarrblettinn er hins vegar lágvaxinn, en alltegundaríkur mólendisgróður. Þar eru krækilyng, beitiylng, holtasóley, ljónslappi, blávingull og týtúlíngresi ríkjandi tegundir, en þar

vaxa einnig túnvingull, hálíngresi, vallhæra, ilmreyr, hvítmaðra, gulvíðir, loðvíðir og blóðberg. Af mosum er mest um hraungambra (*Racomitrium lanuginosum*) og tildurmosa. Hér er ekki um tæmandi upptalningu á plöntutegundum á svæðinu að ræða. Innan um mólendisgróðurinn er nokkuð um ungbirki en frædreifing á sér greinilega stað út frá kjarrinu og eldri hríslum í hraunkantinum (7. mynd).

Oftar en einu sinni hef ég heyrt eða séð til músarrindils í þessum litla kjarrbletti við Fiská, bæði að sumri og vetri. Hugsanlegt er að hann eigi sér þar varpstað. Músarrindill hefst mest við í kjarri og skóglendi en er einnig algengur á hraunasvæðum í grennd við ár og læki hér á landi (Ævar Petersen 1998). Hann er því einn af íbúum birkiskógarins.

Heimildir um birki við Fiská

Lengi hefur verið vitað um birki við Fiská þótt fremur litlar heimildir sé um það að finna, samanber lýsingu Einar Helgasonar frá 1899. Þar getur hann um reyniviðinn við Árgilsstaði en greinir hins vegar ekki frá birkinu þar. Í



6. mynd. Umfeðmingur í birkihríslu við Fiská.



7. mynd. Proskalegir kvenreklar á birkinu við Fiská, fræmyndun hafin. Sjálfsáíð ungbirki er að finna í hraunbrúninni utan við kjarrið.

gili Fiskár við Árgilsstaði hafa lengi verið kjarrleifar og birkihríslur í klettum og brúnum. Árið 1950 reisti Skógræktarfélag Rangæinga litla girðingu (2,6 ha) við Bæjarfoss í Fiská í svonefndum Krappa á mótis við Árgilsstaði og var þá stærsta og samfelldasta kjarrsvæðið þar friðað. Næstu árin var þar talsvert gróðursett, m.a af skógarfuru, rauðgreni og sitkagreni, en formaður félagsins á þeim tíma var Ólafur Bergsteinsson bóndi á Árgilsstöðum (Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1951 - 1953, Skógrækt ríkisins, óbirt gögn). Í skógargirðingunni í Krappa er nú snotur skógarlundur með birkikraga fremst við árgilið en barrskógur er ofan við hann (8. mynd). Gönguferð með giliinu við Árgilsstaði haustið 2003 leiddi í ljós að birki er þar dreift á tæplega 700 m löngu svæði með Fiská og eru þá meðtaldar nokkrar sjálfsánar smá-

plöntur með ánni neðan við girðinguna. Efstu hríslurnar eru hins vegar í giliinu nokkru ofan við girðinguna (1. mynd).

Einu rituðu heimildir sem ég hef fundið um birki ofar með Fiská eru í örnefnalýsingu frá Reynifelli frá fyrri hluta síðustu aldar sem getið var um að ofan. Lýsingin er í handriti Helgu Skúladóttur frá Keldum (f. 1902, d. 1947). Þar segir í inngangi varðandi skóga fyrri tíðar á svæðinu: „Því til sönnunar voru skógarhríslur í gili, hátt upp í norðanverðu Vatnsdalsfjalli fram á daga þeirra, sem enn lifa og sverir skógarlurkar í mótakinu í Þríhyrningi“. Gilið sem hér er vísað til er eitt af Hríslugiljunum í norðanverðu Vatnsdalsfjalli, sem eru eins og fram hefur komið, á mótis við þann stað þar sem birkikjarrið er nú að finna við Fiská í Reynifellslandi. Ekki er þó getið um kjarrið þar í hraunbrúninni í örnefnalýsinguinni. Fólki frá

Reynifelli og nálægum býlum hefur þó löngum verið kunnugt um birkið þarna þótt ekki færi miklum sögum af því,

Verndun skógarleifa og endurheimt birkiskóga

Eyðingu skóga og uppblástur lands er almennt litið á sem mestu hnignun umhverfis og auðlinda frá því að land byggðist. Líklegt er að hnignunin hafi staðið langt fram á 20. öld. Það er ekki fyrr en á síðustu áratugum að segja má að loks hafi farið að rofa til og að vörn hafi verið snúið í sókn með stórfelldri landgræðslu og skógrækt. Fjölmörg verkefni og aðgerðir ríkisstofnana, félagasamtaka og einstaklinga vitna um að mikið starf er unnið á þessu sviði í landinu. Í skógrækt og landgræðslu er yfirleitt um fleira en eina leið að velja þegar kemur að aðferðum og tegundavali (Ása L. Aradóttir



8. mynd. Skógræktargirðing við Fiská í Krappa við Árgilsstaði. Séð niður með ánni að Velli og til Hvolsfjalls (2. nóvember 2003).

1994, Sigurður H. Magnússon 1997). Ekki er laust við að menn hafi greint nokkuð á um leiðir. Innfluttar plöntutegundir eru sumum mikill þyrnir í augum á meðan aðrir sjá ekkert athugavert við að nota þær sem víðast til landgræðslu og skógræktar. Menn verða seint á einu máli í þessu efni en mikið hefur verið um það fjallað á undanföllum árum. Hvað sem því líður þá eru sennilega flestir þeir sem áhuga hafa á landgræðslu, skógrækt og náttúruvernd sammála um að stuðla beri að verndun og aukinni útbreiðslu birkiskóga í landinu.

Birkiskógar og kjarr er eftirsótt til útivistar og mikil ásókn hefur verið í sumarbústaðalönd í birkivöxnu landi. Mikið land hefur farið undir slíkar byggðir á undanföllum áratugum, einkum á Suðurlandi og Vesturlandi. Því má segja að áfram hafi gengið á birkiskóga þótt hvorki séu þeir höggðir né beittir eins og áður var. Þegar kemur að verndun birkiskóga er eðlilegt að menn líti einkum til stærri skógarsvæða þar sem líf-

vænleg skógarvistkerfi með ein-kennandi gróðri og dýralífi er enn að finna. Slíkar heildir hafa ótvírætt mikið gildi. Birkileifar á borð við þær sem er að finna við Fiská hafa einnig mikla þýðingu og ætti að líta meira til slíkra staða við skógrækt og landgræðslu. Þeir hafa mikið upplýsinga- og fræðslugildi vegna þess að þar er yfirleitt að finna einu augljósu merkin um að land hafi fyrrum verið skógi vaxið. Þeir gefa því vísbendingu um þá gífurlegu breytingu sem varð á gróðurfari landsins við eyðingu skóganna og geta opnað augu manna fyrir því hvert stefna beri við endurheimt fyrra vistkerfis. Þar má enn finna gamla stofna, eða arfgerðir, af birki sem eru vel aðlagðir staðbundnu veðurfari og ættu því að vera vel fallnir til nota í skógrækt og landgræðslu. Ennfremur getur þar verið að finna einangraða stofna af öðrum plöntutegundum og dýrum sem voru hluti af skógarvistkerfi fyrri tíma. Þessir stofnar eru mikilvægir þegar kemur að endurheimt skóganna og kunna

að þarfnast sérstakrar verndar.

Það væri verðugt rannsóknaverkefni, t.d. fyrir framhaldsnema í líf-fræði eða skógfræði, að kortleggja skógarleifar þar sem lítið er um birkiskóg og rannsaka birkið, annan gróður og dýralíf Jafnframt að leggja á ráðin um hvernig vernda megi slíka staði og stuðla að aukinni útbreiðslu birkis og fylgitegunda út frá þeim. Slík rannsókn gæti orðið góð viðbót við aðrar rannsóknir á vistfræði birkis og birkiskóga hér á landi sem fram hafa farið á undanföllum

árum (Sigurður H. Magnússon og Borgþór Magnússon 1990, 2001, Ása L. Aradóttir 1991, Ása L. Aradóttir, Ingvi Þorsteinsson og Snorri Sigurðsson 2001, Ása L. Aradóttir og Ólafur Arnalds 2001, Ásrún Elmarsdóttir o.fl. 2003).

Auknum fjármunum frá ríkinu hefur á síðustu árum verið varið til að styðja við bakið á landeigendum til að fara út í skógrækt og landgræðslu á jörðum sínum. Verndun birkileifa og endurheimt birkiskóga er verðugt viðfangsefni sem ætti að rýmast innan þeirra áætlana og verkefna sem í gangi eru og njóta stuðnings frá hinu opinbera.

Þakkarorð


Sigurður H. Magnússon las yfir handrit og færði margt til betri vegar, Karólína R. Guðjónsdóttir teiknaði kort. Starfsmenn Skógræktar ríkisins veittu aðgang að gögnum um útbreiðslu skóga í Rangárvallasýslu. Jónína Hafsteinsdóttir á Örnefnastofnun gaf upplýsingar um örnefnaskrár frá Reynifelli og Vatnsdal.

Heimildir:

- Árni Magnússon og Páll Vídalín. Jarðabók. Gefin út af hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn 1913 - - 1917. Fyrsta bindi. Vestmannaeyja- og Rangárvallasýsla. Ljósprentuð í Odda 1980. Sögufélagið, Reykjavík. 416 bls.
- Ása L. Aradóttir. 1991. Population biology and stand development of birch (*Betula pubescens* Ehrh.) on disturbed sites in Iceland. Doktorsritgerð við Texas A&M University, College Station, Texas.
- Ása L. Aradóttir. 1994. Nýjar leiðir við endurheimt landgæða. Í: Græðum Ísland, Landgræðslan 1993 - 1994. Árbók V. Rittstjóri Andrés Arnalds. Landgræðsla ríkisins, bls. 57 - 72.
- Ása L. Aradóttir. Ingvi Þorsteinsson og Snorri Sigurðsson, 2001. Distribution and characteristics of birch woodlands in North Iceland. Í: Nordic Mountain Birch Ecosystems. Rittstjóri: F.E. Wielgolaski. Man and Biosphere Series 27: 51-61.
- Ása L. Aradóttir og Ólafur Arnalds, 2001. Ecosystems degradation and restoration of birch woodlands in Iceland. Í: Nordic Mountain Birch Ecosystems. Rittstjóri: F.E. Wielgolaski. Man and Biosphere Series 27: 293-306.
- Ásrún Einarisdóttir, Bjarni D. Sigurðsson, Guðmundur Halldórsson, Ólafur K. Nielsen og Borgþór Magnússon, 2003. Áhrif skógræktar á lífríki. Ráðunautafundur 2003: 196 - 200. Bændasamtök Íslands, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
- Einar Helgason, 1899. Skýrsla um skógana í Rangárvallasýslu. Í: Skýrsla um aðgjörðir og efnahag Búnaðarfélags Suðurlandsins. 1.d. janúarm. til 31. desemberm. 1898. Prentsmiðja Ísa-foldar, Reykjavík, bls. 33 - 50.
- Eypór Einarsson 1979. Grímstorfa. Ársrit Skógræktarfélagsins 1979: 9 - 12.
- Grétar Guðbergsson, 1992. Skógar í Skagafirði. Ársrit Skógræktarfélagsins 1992: 74 - 85.
- Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson, 1990. Glefsur úr sögu hrauna og jarðvegs sunnan Heklu. Í: Græðum Ísland, Landgræðslan 1989 - 1990. Árbók III. Rittstjóri Andrés Arnalds. Landgræðsla ríkisins, bls. 123 - 136.
- Hörður Kristinsson, 1979. Gróður í beitarfriðuðum hólum á Auðkúluheiði og í Svartárbungum. Týli 9: 33 - 46.
- Sigurður H. Magnússon 1997. Restoration of eroded areas in Iceland. Í: Restoration Ecology and Sustainable Development (ritstj. Urbanska, K.M., Webb, N.R. og Edwards, P.J.). Cambridge University Press, bls. 188-211.
- Sigurður H. Magnússon og Borgþór Magnússon 1990. Birkisáningar til landgræðslu og skógræktar. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1990: 9-18.
- Sigurður H. Magnússon og Borgþór Magnússon, 2001. Effect of enhancement of willow (*Salix spp.*) on establishment of birch (*Betula pubescens*) on eroded soils in Iceland. Í: Nordic Mountain Birch Ecosystems. Rittstjóri: F.E. Wielgolaski. Man and Biosphere Series 27: 317-329.
- Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags. Rangárvallasýsla. 1839-1845, 1856 og 1872-1873. Rangæingafélagið í Reykjavík, 1968.
- Þórarinn Þórarinnsson, 1974. Þjóðin lifði en skógurinn dó. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1974: 16 - 29.
- Þórður Tómasson, 1996. Þórsmörk. Land og saga. Rittstjóri: Hálfðan Ómar Hálfðanarson. Mál og mynd, Reykjavík, 304 bls.
- Ævar Petersen 1998. Íslenskir fuglar. Vatnslitamyndir eftir Jón Baldur Hlíðberg. Vaka-Helgafell, Reykjavík. 312 bls.
- Örnefnastofnun, óbirt handrit. Reynifell. Handrit Helgu Skúladóttur frá Keldum. Bergsteinn Kristjánsson skráði. 11 bls.



Fyrir og nú í Ísafjarðarsýslum



1. mynd.

Inngangur með leiðréttingum og viðbæti

Nú verður haldið áfram að segja frá Vestfjarðaför minni í ágúst 2002. Í síðasta hefti Skógræktarritsins skýrði ég frá því, sem fyrir augu bar í Barðastrandarsýslum. Nú verður haldið um Ísafjarðarsýslur.

En fyrst viðbótarmyndir úr Vestur-Barðastrandarsýslu: Ég fann mynd, sem ég tók 30. júlí 1983 í sitkagrenilundinum í Barmahlíð (1. mynd) og hefði í raun átt að birtast í fyrra, af því að þar stendur Jens Guðmundsson á Reykhólum milli þeirra Sveinbjarnar Dagfinnssonar ráðuneytisstjóra (t.h.) og Hauks Ragnarssonar skógarvarðar (t.v.). Trjábolirnir tveir á myndinni eru til staðfestingar því, að verið var að grisja lundinn. Eins og sagt var frá í fyrra, var Jens um langt árabil formaður Skógræktarfélagsins Bjarkar.

Þegar ég var að setja saman klausuna um sitkagrenilundinn við Flókalund, sem fór á kaf í snjó veturinn 1994/1995 (sjá mynd 10 á bls. 59 í Skógræktarritinu 2003, 1. tbl.), sendi Brynjólfur Jónsson ritstjóri mér tvær myndir, sem hann tók af lundinum í apríl 1995.



2. mynd.



3. mynd.

Þær sýna svo vel, hvert álagið hefir verið á trén og eru til sönnunar því. Hversu vel sitkagrenitrén þola að svigna undan snjóþyngslum, en rétta sig samt upp (sjá mynd 11 á bls. 59 í Skógræktarritinu 2003, 1. tbl.). Þessar myndir eru svo góðar, að ég verð að birta þær svona eftir á (2. og 3. mynd).

Svo er ein leiðrétting: í frásögninni af hinum merkilega trjágarði í Miðjanesi í Reykhólasveit skrifaði ég, að bóndinn á bænum,

Halldóra Játvarðardóttir, ætti stærstan hlut að því ágæta máli. Hið sanna er mér nú sagt eftir á, að Helga systir hennar megi, öðrum fremur, teljast höfundur garðsins, en hún var einmitt stödd á Miðjanesi, þegar við Sæmundur vorum þar 20. ágúst 2002 og sýndi okkur garðinn, en gat ekki við okkur um sinn hlut í gerð hans. Ég biðst velvirðingar á misgáningi mínum í þessu máli, sem ég vona, að nú sé leiðréttur.


Dýrafjörður

Lækur í Dýrafirði

Við skoðuðum þessa tvo merki-legu skógarreiti þar rækilega, en ég lýsti þeim raunar í þessum dálki Skógræktarritsins 1998, bls. 83-85, og er litlu við það að bæta (4. mynd er vestan til í yngri reitnum). En fróðlegt var að sjá inni í reitnum ungan fjallapín og fjallapöll, sem döfnuðu ágætlega (5. mynd). Og bæði elsta sitkagrenið og annað yngra leit ágætlega út, litur dökkgrænn og ársprotar langir.



4. mynd.



5. mynd.



6. mynd.


Við sáum þarna mikið af stór-svepp einum, sem ég þekkti ekki, en tók með mér sýnishorn handa Helga Hallgrímssyni. Hann úr-skurðaði, að þetta væri risahnallur (*Cortinarius crassus*). Fágætur á Íslandi, en finnst þó í öllum landshlutum (6. mynd).

Gemlufall

Þessi bær er norðan við Dýrafjörð gegnt Þingeyri og tekur heiðin milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar nafn af honum. Hér er afar fallegur, lítill lundur af sitkagreni, sem stendur á ísaldarhrygg. Samkvæmt „Landsúttekt“ er yfirhæð eftir 58 ár 10,5 m og meðalársvöxtur 7,5 m³. Standandi tré miðað við 1 ha eru 3.400, sem er vissulega allt of þétt miðað við hæð. Fyrir því eru krónur of litlar, sem fer að leiða til þess, að dregur úr vexti. Grenitegundir, sem hér eru ræktaðar ættu að hafa græna krónu á allt að 70% bollengdar á hraðasta vaxtarskeiði, og við það miðast raunverulega grisjunin. Ég teldi eðlilegt, að sitkagreniteigur með þeirri yfirhæð, sem þarna er, hefði í mesta lagi 2.000 stand-

andi tré. En hér er þessi háí meðalársvöxtur að hluta til vegna fjölda stofna. Til vonar og vara minni ég á, að í meðalársvexti skógarteigs eru talin með bæði standandi og felld tré. Við grisjunina gerist það, að bolvöxturinn færir yfir á æ færri tré, eftir því sem þau hækka. Hæsta tré nú mældist 12,40 m.

En hvað sem þessum vanga-veltum líður, er bolviðarvöxturinn hér næsthæstur á Vestfjörðum. Aðeins í Barmahlíð er hann hærri með meðalársvöxt 9,0 m³,



7. mynd tók ég 21. ágúst 2002. Hún er af sitkagrenilundinum á Gemlufalli.

sem er með því alhæsta á landinu, eins og skrifað var í frásögninni í fyrra. En ég get bætt við hér því, sem ég gleymdi þar, að standandi tré í Barmahlíð eru 2.500 á ha. Þar var teigurinn grisjaður 1983 (1. mynd).

Sitkagrenið í Gemlufalli er með brúnum nálum á einni hlið. Mér fannst það gæti verið eftir lúsagang.

Ofan við bæinn er mjög stór og fallegur reitur með yngri plöntum. Búið er að afmarka myndarlegt svæði fyrir skóg, sem ekki

einungis ætti að verða yndis-skógur, heldur einnig að gefa af sér bolvið til nytja. 7,5 m³ meðalársvöxtur þætti alls staðar í Fennóslandi standa afar vel undir timburskógrækt.

Af stórsveppum fundum við hér bæði lerkisúlung (*Suillus grevillei*) og kúalubba (*Leccinum scabrum*).

Eftirþankar um uppruna sitkagrenitrjáanna. Í „Landsúttektinni“ er lundurinn talinn 58 ára, þ.e. gróðursettur 1942. Sæmundur hefir spurt dóttur bóndans, sem þá bjó á Gemlufalli, hvort hún muni eftir gróðursetningu þessara trjáa. Hún telur það hafi verið 1942. Við gefum okkur, að það sé rétt. En spurning er, hvort Arnór Snorrason hefir borað í tré þar alveg niðri við rót. Með því væri hægt að sjá nokkuð nákvæmlega aldurinn.



Á 8. mynd, sem er tekin í framhaldi af 7. mynd, er horft inn í lundinn. Þar sjást Sæmundur Þorvaldsson t.v. og Jón Skúlason, bóndi á Gemlufalli, t.h. Athygli vekur, hve sléttur börkurinn er á stofni trjáanna, en það stafar að hluta til af því, hve skógurinn er þéttur og greinar því grannar og hafa fallið snemma af stofninum.



Á 9. mynd er ungt sitkagreni í forgrunni, aftar skjólbelti og í baksýn slitur af birkikræðu í fjallinu.



10. mynd er af hinu fagra birkiteppi norðan Dýrafjarðar og hvernig það speglast í firðinum.

Þessi spurning vaknar: Hvaða sitkagreni var falt í gróðrarstöðvum landsins 1942? Ég get satt að segja hvergi fundið það. Spurning er, hvort einhverjar plöntur af Portlock-greninu gætu hafa lent að Gemlufalli (sjá „Skógræktarritið“ 1997, bls. 141-145). Það er ólíklegt, af því að plönturnar af þessu kvæmi, sem Hjörleifur Zóphóníasson fékk í Múlakoti voru svo fáar. Portlock-kvæmið hefir alls staðar ákveðið svipmót. sem mér finnst trén á Gemlufalli ekki hafa.

Samkvæmt fræskrá Baldurs Þorsteinssonar frá 1994, þar sem skráð er allt sitkagrenifræ, sem Skógrækt ríkisins fékk og lét frá sér, getur ekkert sitkagrenikvæmi hafa verið til að gróðursetja 1942. Það er því enn óráðin gáta, hvaða sitkagrenikvæmi var gróðursett á Gemlufalli þetta ár.

Norðurhlíðin beggja megin við Valseyri

Þarna er hlíðin upp undir klettabelti þakin lágvaxinni og ofurþéttri birkikræðu. Utar í hlíðinni er hún rofin af lækjarskorningum og gisnar svo smátt og smátt. Sama gerist innar í hlíðinni.

Birkikræðan þarna, þar sem hún er nær órofin, er í mínum augum eitt fegursta gróðurflosteppi á Íslandi ásamt birkinu í Tungu í Hálsasveit, Hrífunesi í Skaftártungu og Dalsmynni í Fnjóskadal. Óvíða sér maður á jafnáhrifamikinn hátt mátt birkisins - þótt aðeins sé lágvaxin kræða - til að vernda jarðveg í snarbrattri fjallshlíð.

Ég hvet skógræktarfélkið í Dýrafirði - og raunar á Vestfjörðum - til þess að vekja athygli almennings á því, hvíllt djásn náttúrunnar er þarna.

Botnsskógur

Árið 1954 voru girtir 10 ha þarna. Samkvæmt „Járnsíðu“ Skógræktarfélags Íslands hófst gróðursetning barrtrjáa 1955 með skógarfuru. Síðasta gróðursetning samkvæmt

11. mynd tók ég 8. júlí 1982 í Botnsskógi, sem sýnir vindbarið og gulleitt sitkagreni. Er greinilega ekki búið að ná sér eftir kalda sumarið og haustið 1979.





12. mynd er líka tekin 8. júlí 1982 af óvenjulega hávöxnum og vel formuðum gulvíði í Botnsskógi.




13. mynd er tekin 21. ágúst 2002 í Botnsskógi af myndarlegri birkipyrpingu. Dæmi um slíkar þyrpingar, sem vert væri að „frelsa“.

„Járnsíðu“ var 1960. Höfðu þá alls verið gróðursettar 10.850 plöntur. Af sitkagreni og sitkabastarði alls 3.300 plöntur. 550 birki voru gróðursett. Væri fróðlegt að vita, hvernig því hefir reitt af. Sjálfsagt mest Bæjarstaða, sem ætti að skera sig úr á haustin, því að það helst grænt miklu lengur en náttúrulega birkið þarna. Einnig væri fróðlegt að vita, hvort nokkuð sæist af þeim 150 gráelriplöntum, sem voru gróðursettar 1959. Þær voru örugglega ættaðar frá Rognan í Salten í Noregi. skammt norðan heimskaupsbaugs.

Sitkagrenið er víða mjög fallett þarna, eins og alls staðar. Sums staðar voru ársprotar 50-60 cm. Rauðgreni var þarna geðugt. Nokkuð er eftir af skógarfuru, en hún var ekki falleg.


Birkið. Hér má sjá leifar af vænu birki, allt að 6-7 m háu, en vissulega kræklóttu, sem örugglega má kenna snjóþyngslum um. Mér finnst það með því myndarlegasta, sem ég hefi séð vestra, að vísu ekki eins hátt og hið hæsta í Norðdal í Trostansfirði, en sambærilegt við þyrpingar í Djúpafríði og Mórudal. Mér finnst skógræktarfélagið ætti að „frelsa“ allar vænstu birkipyrpingarnar í girðingunni með því að grisja lakara



14. mynd er tekin 21. ágúst 2002 af ákaflega vöxtulegu sitkagreni. Þannig er þessi tegund yfirleitt í Botnsskógi. Hefir heldur betur breytt um svip frá 1982.



15. mynd tekin 21. ágúst 2002 og horft heim að bænum á Ketilseyri í Dýrafirði. Fagurt víðiskjólbelti meðfram þjóðveginum skýlir bænum vel fyrir ryki og hávaða.



17. mynd er af hinum glæsilega teig af ungum birkiskógi á Ketilseyri, sem nefndur er í meginmálinu. Þingeyri er í baksýn.



16. mynd er af skjólbelti úr víði, sem var gróðursett nálægt íbúðarhúsinu til að skýla fyrir hafáttinni utan af Dýrafirði.

kjarr frá þeim og einnig barrtré. Slíkar þyrpingar eru mikið yndi skógargesta.

Berserkjasvepp sá ég á einum stað.

Ketilseyri

Hér er á 20 árum vaxinn magn- aður heimilisskógur og trjágarður. Utan við sjálfan trjágarðinn er stórt svæði með fallegu birki - affallalaus í hávöxnu grasi, sem á næstu 10 árum verður orðinn samfelldur skógur. Skjólbeltin úr víði eru afar glæsileg.

Allar plöntur voru hér heimaaldar. Stórar plöntur, ræktaðar í mjólkurfernum. Mér finnst að eigi að halda þessu fordæmi Sigurðar Friðfinnssonar rækilega á lofti, eins og Sæmundur gerir raunar í eftirmælum í Skógræktarritinu 2002. En þetta járn þarf að hamra víða og oft. Leggja þunga áherslu á, að í skógrækt af þessu tagi í graslendi duga ekki litlu bakkaplönturnar.

Haukadalur

Við mældum eina af hinum fallegu alaskaöspum og reyndist hún 11 m há. Mér virðist þær vera 9 talsins og allar mjög vel



18. mynd er tekin 21. ágúst 2002 af trjálundinum við bæinn í Haukadal í Dýrafirði.



19. mynd tók ég 9. júlí 1982 í Tunguskógi í Tungudal við Skutulsfjörð. Grenið er frekar dapurlegt, eins og víða var raunin þá á Vestfjörðum.



20. mynd tók ég 24. september 1988 yfir neðri hluta Tunguskógar úr gagnstæðri átt við 19. mynd. Nú hefir heldur betur lýft brúnin á sitkagreninu frá því 1982.

vaxnar og ekki sjáanlegt, að þær hafi nokkurn tíma misst topp.


Nær húsinu er lítill lundur af sitkagreni, 5-6 tré, hið hæsta um 10 m hátt. Mér sýnast þau ansi Portlock-leg á svip.

Ísafjörður

Við fórum snögga ferð í skóginn í Stóruð og Tungudal með Magdalenu Sigurðardóttur og Gísla Eiríkssyni.

Stóruð

Við fórum bara rétt inn í jaðarinn, þar sem gengið er inn í skóginn. Sitkagreni er þarna mjög tilkomumikið. „Járnsíða“ upplýsir, að þar hafi 10 plöntum af



21. mynd tók ég 21. ágúst 2002 í Stóruð í Ísafjarðarkaupstað. Þetta er í NV-höminu, þar sem gengið er inn í skóginn. Sennilega er þarna elsta sitkagrenið, sem gæti verið gróðursett 1949, en að öðrum kosti 1956. Glansar af hreysti. Þarna standa, talið frá vinstri: Kristján Jónsson, starfsmaður Skjólsskóga, Magdalena Sigurðardóttir, um áratuga skeið forystukona í Skógræktarfélagi Ísafjarðar, Gísli Eiríksson, líka forystumaður í Skógræktarfélaginu, og Sæmundur Þorvaldsson, framkvæmdastjóri Skjólsskóga á Vestfjörðum.

sitkagreni verið plantað 1949. Það hefir örugglega verið kvæmið CRV (=Copper River Valley). Næst er sitkagreni gróðursett þar 1956 (83 plöntur) og 1957 (360 plöntur). „Landsúttekt“ gefur upp við 35 ára aldur yfirhæð 9,00 og meðalárvöxtur 5,0 m³. Glæsilegt.

Rauðgreni er fallegt þarna, þar sem það vex í skjóli sitkagrenis.

Tunguskógur

Sitkagrenið er glæsilegt þarna, sums staðar finnst manni hann vera kominn í timburskóg. En rauðgrenið er þar mun lakara.

Stafafuran, sem var ljómandi falleg þarna ung 1982, hefir farið afar illa af snjóbroti. Væri mikilsvert að grisja hana og taka burt lemstraða og skakka stofna.

Bæði svæðin eru orðin mjög tilkomumikil. Göngustígarnir að vísu orðnir dálítið lúnir. Mikið



22. mynd er tekin sama dag og hin 21. inni í Tunguskógi. Hér er rauðgreni í forgrunni, en sitkagreni aftar. Mér þykir líklegt, að tegundirnar þarna séu jafngamlar. En ekki fer milli mála, hvílíka yfirburði sitkagrenið hefir. Þarna standa þau hin sömu og á 21. mynd.



23. mynd er tekin 21. ágúst 2002 af ungum skógi á svæðinu milli Stóruðar og Tunguskógar, sem minnst er á í meginmáli.



25. mynd er tekin af sama skjólbelti 21. ágúst 2002.



24. mynd er tekin 9. júlí 1982 af skjólbeltinu í Holti í Öndarfirði.



26. mynd er tekin 30. ágúst 1974 af hinum fræga trjá- og blómagarði Skrúð á Núpi í Dýrafirði, þegar aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn þar. Myndin er birt hér til fróðleiks um fortíðina, af því að garðurinn er nú mjög breyttur frá því, sem þá var. Lerkitréð fræga sést efst í horninu til vinstri.

væri gott, ef hægt væri að kurlbera þá. Nóg efni til kurlunar fengist á staðnum við grisjun.

Yngri svæðin milli Stóruðar og Tungudals eru komin á gott skrið. Munu taka miklum stakkaskiptum á næstu 10 árum. Mér er í minni, þegar ég gekk þarna með Gísla Eiríkssyni 1988 og var að ræða við hann um, hve mikilsvert væri að tengja Stóruð og Tunguskóg saman. Nú er það að verða veruleiki.

Holt í Öndarfirði

Ég hafði einkum áhuga á að skoða skjólbeltið kringum skógarreitinn hjá skólanum. Ég skoðaði það 1982 og hreift af. Sýndi oft myndir af því hjá skógræktarfélagum víða um land til vitnis um það, að Vestfirðir gætu verið með í skjólbeltarækt ekki síður

en aðrir landshlutar. Alaskavíðir (brúnn) var í því á víxl við viðju, og var talsvert hærri.

Beltið hafði hækkað mikið, en alaskavíðirinn var að mestu horfinn, hver sem orsökina er. Kannski brotnað. Við sáum þó leifar af honum. Viðjan stóð eftir og hafði hækkað mikið.

Skrúður


Við skoðuðum hann síðasta morguninn. Nú er hann mjög vel hirtur. Ég minntist þess, þegar við Haukur Ragnarsson komum þangað í júlí 1982 og grisjuðum burt feiknin öll af kákvisti. Vilborg ljósmóðir, sem þá var helsta stoð garðsins, var með okkur við grisjunina.

Við Sæmundur ræddum okkar á milli, að það þyrfti að gera skjólbelti utan um garðinn til

þess að loka honum. Helst þyrfti það að vera ekki minna en 20 m frá jöðrum garðsins, svo að það gæti verið snjóvörn fyrir hann.



Kortið teiknaði Skarphéðinn Smári Þórhallsson.



Fossinn og reyniviðarhríslan í *Vatnsdalsfjalli*



Fossgilið norðarlega í Deildarhjallanum.

Sigurður Nordal, heimspekingur og bókmenntafræðingur, fæddist árið 1886 að Eyjófsstöðum í Vatnsdal og ólst þar upp. Eyjófsstaðir eru í Vatnsdal austanverðum, undir Vatnsdalsfjalli, og næsti bær utan við er Hvammur. Í lok námsára sinna árið 1915 birti Sigurður stutta grein

í tímaritinu Skinfaxa. Nefnist greinin „Reyniviðarhríslan“ og fjallar um tvö náttúrufyrirbæri sem honum eru minnisstæð úr bernsku, foss og hríslu. Þessi stutta grein á erindi við skógræktarmenn og aðra áhugamenn um náttúruna, og er hún með leyfi birt hér í heild³:

Reyniviðarhríslan

„Hjallinn“ er geysimikill stallur undir Jörundarfelli, hæsta tindinum á Vatnsdalsfjalli. Að ofan er hann grös-ugur og ágætt beitiland, en hlíðin fram að sveitinni er frámunalega hrikaleg. Efst gengur hamraveggur með endilangri brúninni, urinn af veðrum og vatni. Bjargstuðlarnir eru margsprendir, og súlnabrot standa laus á þrepunum. Fyrir neðan hamrana tekur við snarbrótt blágrýtisurð, sem gengur niður á jafnsléttu.

Margt er einkennilegt í Hjallanum. En tvennt er mér minnisstæðast þaðan: fossinn og hríslan.

Um miðjan Hjallann er lægð í brúnina, og klettarnir ganga þar í boga nærri því niður á jafnsléttu, mörg hundruð fet á hæð. Þeir mynda þar fagra og reglulega borg, sem er eins og sköpuð fyrir foss. Svona borg hlýtur allar ár að dreyma um að hitta á leið sinni. Félli stóra þarna fram af brúninni, væri það fegursti foss á Íslandi.

En niður í þessa konunglegu foss-borg fellur ekki fljót, heldur dálitill lækur. Og „fossinum“ er varla nafnið gefandi. Nokkurra tugi feta niður fyrir brúnina sést hvítleit buna - svo er allur fossinn orðinn að úða, sem gerir dökka skellu á hamrana.

Lækurinn ætlar sér ekki af. Honum er það langt um megn að mynda svona háan foss. Viljinn er ótakmarkaður, kraftana brestur.

Uppi á Hjallanum er hann venjulegur glaðlyndur fjallalækur, sem veltir sér á milli lyngbakkanna og hoppelar yfir steinana. Og niðri í hömrinum þéttist úðinn og verður aftur að læk, sem rennur hægt og gætilega niður balann fyrir neðan og týnist í flóanum. Hversdagslíf allt saman, nema þetta ævintýri á mótum æsku og elli, þegar hann ætlaði að mynda fossinn.

Hjallalækurinn segir marga sögu. Það er oftast sorgarsaga, en bjarmi ævintýrisins er yfir henni. Í ævintýrunum

er leikið fyrir opnum tjöldum. Sigrarnir eru stórir og fljótunnir, og ósigrarnir eru líka yrkisefni. Í lífinu fer mest af baráttunni fram að tjaldabaki. Ósigrarnir eru smáir, en þeir draga sig saman. Sigrarnir eru að fá að halda áfram að berjast. Reyniviðarhríslan segir dálítið af þessari sögu

Sunnarlega í Hjallanum blikar dálitill grænn blettur uppi í urðinni, ofar en miðhlíðis. Það er reyniviðarhrísla, eina skógarhríslan, sem ég hef séð í Húnavatnssýslunni. Hún hefur ekki orðið svona langlíf af því að malarriðið, sem hún vex í, sé svo góður jarðvegur. En urðin er í kring, illfær mönnum og skepnum, egghvassar blágrýtishellur, sem slyngur í, þegar slegið er á þær. Malarriðið er gríðastaður.

Í fornöld var Hjallinn að ofan allur skógi vaxinn, eins og sjá má í Vatnsdælu. Þessum skógi hafa nú menn og sauðfé gjöreytt. En áður en svo langt var komið, hefur frjófið til hríslunnar borist niður fyrir hamrana - guð má vita, fyrir hvað mörgum öldum.

En baráttulaust hefur lífið þarna í urðinni ekki verið. Við og við hafa auðvitað þrínar kindur komið upp að hríslunni, nagað af henni brumin og kippið úr vextinum. En verstu óvinirnir hafa verið snjórin og leysingarnar. Snjórin hefur víst brotið marga greinina og legið þungt á stofninum sjálfum. Og í leysingum á vorin verður mölin að leðju, sem sigur niður og reynir að grafa hrísluna. Þó eru áraskipti að þessu. Sum vorin er hríslan svo lág og beygjuleg, að henni er varla ætlandi líf. En næsta sumar er hún aftur orðin hærri og þéttari, og nýir angar eru sprotnir fram í stað greinanna, sem snjórin sligaði og leirinn gróf.


Hamarinn fyrir ofan er harður og sýnist óvinnandi. En það, sem vatn og frost hafa einu sinni sprengt og núið, grær aldrei aftur. Hríslan er viðkvæm. Í þessari hrikanáttúru er hún eins og barn í tróllahöndum. En sárin hennar

geta gróið, og hún getur yngst og endurfæðst. Hún á lífsaflíð í æðum sínum eins og við sjálf. Hamrarnir, sem ber við himin, fylla gestinn lotningu og gefa huga hans vængi inn í ómæli fortíðar og framtíðar. En það er hríslan, sem með sinni eigin sögu og öllu því, sem hún minnir á í lífi einstaklinganna og allífsins sjálfs, vermir honum um hjartaræturnar.

Rannsóknarleiddangur í Hvammsurð

Hér lýkur þessari hugljúfu lýsingu Sigurðar Nordals frá 1915 á reyniviðarhríslunni í Hvammsurðinni í Vatnsdal. Eftir lestur hennar ákvað ég að fara og kanna hvort hríslan væri enn þarna 88 árum síðar, eða hvort hún hefði gefist upp fyrir náttúruöflunum og drepist. Ég hafði samband við vinnufélaga minn, Ingvar Björnsson frá Hólabaki í Sveinsstaðahreppi, og í ljós kom að móðurafi hans og nafni var fæddur í Hvammi og hafði búið á Eyjólfstöðum frá 1956, næsta bæ sunnan við Hvamm, einmitt þar sem Sigurður Nordal ólst upp. Vatnsdælingar virtust kannast við hrísluna í Hvammsurðinni og töldu þeir að fremur væri um tvær en eina hríslu að ræða. Ekki voru þeir vissir um hvort þær væru báðar reyniviður eða hvort um birki væri að ræða. Einnig heyrðist því fleygt að hríslan ætti mörg afkvæmi í Reykjavík. Mér heyrðist reyndar á sumum Vatnsdælingum að þeir teldu illfært eða jafnvel ófært upp að hríslunum.

Það var fastmælum bundið hjá okkur Ingvari að ég kæmi í Hólabak laugardaginn 13. september 2003 og við færum í könnunarleiðangur í Hvammsurðina. Þegar ég kom í Hólabak ræddi ég við foreldra hans, og sagði móðir hans, uppalin á Eyjólfstöðum, að fyrrum hefði stundum verið farið upp að hríslunni og reynt að



Hvammsskriða neðan við klettana sem mynda Deildarhjallann. Hríslurnar tvær eru merktar inn og er talið líklegt að sú sem er nær og til hægri á myndinni sé móðurhríslan.

hlúa að henni með því að bera á hana og taka frá henni grjótið sem skreið niður og ógnaði tilveru hennar.

Við Ingvar ákváðum að aka fram Vatnsdalinn að vestan og skoða hríslurnar með því að skyggjast fyrst þvert yfir dalinn. Þennan dag voru menn að reka fé heim eftir réttir og töfðumst við bæði vegna fjárrekstra og við að spjalla við kunningja. Vatnsdals-


fjallið er mikið og margbreytilegt og utan í fjallinu, nokkuð utan við bæinn Hvamm, er mikill hamraveggur neðan við hjallann, sem Sigurður nefndi bara Hjalla, en mér sýnist að sé stundum nefndur Hvammshjalli en oftast Deildarhjalli. Næsti bær utan við Hvamm er Hjallaland og heitir eflaust eftir þessum áberandi hjalla í Vatnsdalsfjalli. Hamraveggurinn í Deildarhjalla vekur athygli, og Ágúst á Hofi segir frá

því í ævisögu sinni¹ er hann einhverju sinni fylgdi Guðmundi Friðjónssyni frá Sandi um Vatnsdal að skáldið gaf hjallanum þessa meitluðu einkunn: „Þetta er hallarstíll“. Stuðlabergsskreyttur hamraveggurinn sem myndar hjallann er líklega berggúll sem hefur storknað undir yfirborði jarðar sem veðrun hefur síðan berað.

Tvær hríslur í Hvammsurð

Þegar við horfðum þvert yfir dalinn í átt að Vatnsdalsfjalli sást Deildarhjalli greinilega nokkuð innar en hátindur Vatnsdalsfjalls, Jörundarfell. Neðan Deildarhjallans eru þessir þverhniptu stuðlabergshamrar og er Fossgilið áberandi norðantil en úr hömrum og stuðlum Deildarhjallans hefur hrunið og hrynur enn grjót sem myndar afar miklar stórgrytisskriður niður undir þjóðveg. Skriðurnar eru mestar sunnan Fossgilsins. Í þessum miklu skriðum greindum við tvo græna brúska, tvær hríslur. Sú sem var nær fossinum var upp af grænum grasrinda í þessum annars gróðurlausu skriðum, en hin svo sem 300 metrum sunnar og svolítið ofar, sunnan við gulan taum í skriðunni og án nokkurs sýnilegs gróðurs í nágrenninu

Við ókum fyrir Vatnsdalsbotninn og staðnæmdumst neðan við nyrðri hrísluna og gengum upp grasrindann í logni og síðdegissól. Það var fjölbreyttur gróður sem þarna óx, enda nýtur síðdegissólar afar vel. Í grasrótinni mátti greina ilmreyr, geithvönn, gulmöðru og hrútaberjalýng með þroskuðum berjum, en á milli steinanna í urðinni var algjörlega gróðurlaust, en þar var ótrúlega mikið af kóngulóm sem biðu bráðar í vefjum sínum. Þetta reyndist auðveldt ganga og þegar við nálgumst hrísluna sáuð við að þetta var reyniviður.



Greinarhöfundur við nyrðri hrísluna sem er upp af grasrindanum.

Grasrindinn endaði svo sem 10 metrum neðan hennar, en upp vorum við komnir eftir 20 mínútna gang frá bílnum. Hríslan myndaði eiginlega runna, grannir viðarteinungar teygðu sig þétt saman upp úr urðinni, og gætu stofnarnir hafa verið um 30 talsins og einir fjórir þeirra voru sverastir, líklega um 5 sentimetrar í þvermál. Hríslan var um 3 metrar á hæð þar sem mest var, og sjá mátti að sums staðar voru bitin

blöð neðst á greinum, enda átti sauðfé greiða leið upp grasrindann. Hríslan hafði borið allmörg ber og voru þau flest fallin eða fuglétin. Við tókum myndir og nærðumst á suðrænum ávöxtum, en gáfum hríslunni nokkrar áburðarlúkuk, en áburð höfðum við fengið á Hólabaki.

Við gengum nú suður að hinni hríslunni og var skriðan nokkuð varasöm, stórgrytt og grjótið

laust, og urðum við að gæta þess að stórgrytið ofan við okkur félli ekki á fætur okkar. Eftir um 20 mínútna gang frá fyrri hríslunni komum við að þeirri syðri, og reyndist hún einnig vera reyniviður, enn verr sett en sú fyrri. Hún var lægri, kannski 1,5 metra há, með ber, og stofnarnir líklega 60 talsins og enginn eins sver og á þeirri nyrðri. Skriðan lá þungt á henni og oddhvassir steinar ógnuðu efstu sprotunum. Við hlið hennar lágu tveir dauðir sprotar, hvítir og veðraðir. Einnig þarna tókum við myndir, gáfum áburð og lögðum síðan af stað heimleiðis. Vegna þess hve skriðan var varasöm ákváðum við að ganga sömu leið til baka, að nyrðri hríslunni, svo við gætum gengið niður hættulausan grasrindann. Lausagrytið valt undan fótum okkar, og einu sinni fór lítil skriða af stað að baki okkar.

Heimildir um reyniviðarhrísluna í Hvammsurð

Elstu heimildir um reyniviðarhrísluna í Vatnsdalnum sem mér eru kunnar eru úr ritum Stefáns Stefánssonar grasafræðings, en kona hans, Steinunn Frímansdóttir, var frá Helgavatni í Vatnsdal. Hann kannaði gróður í Vatnsdal sumarið 1888 og skrifaði um þær rannsóknir á dönsku í Videnskabelige Meddelelser árið 1895⁹. Þar segir hann frá ferð sinni í Hvammsurðina í Vatnsdalsfjalli. og er sá kafli dagbókar hans í bókinni um rannsóknarferðir hans, sem Steindór Steindórsson frá Hlíðum tók saman¹⁰.

„Ég hygg að hliðin, sem urðin þekur nú, hafi fyrrum eins og raunar allar neðanverðar hliðar dalsins verið vaxnar birkiskógi, sem blandaður hefir verið víði, og reynirunnum á við og dreif. Þetta sannar fjöldi feyskinna trjástofna og greina, sem er að finna hingað og þangað í gjótunum í urðinni, og einnig hinir sárafaú



Blöð og ber nyrðri hríslunnar í Hvammsturð.

einstaklingar, sem enn standa sem lifandi vitnisburður um hinn horfna skógargróður..... Mér hafði verið sagt frá því, að í Hvammsturð væri fallegur reynivíður með beinum stofni, sem stæði upp úr urðinni og væri skryddur blómum á ári hverju. En mikil voru vonbrigði mín, þegar ég kom á staðinn. Hinn beinvaxni stofn var grafinn í urðina, og einungis greinaendar laufríkrar krónu voru

sýnilegir, og lá þó grjót yfir þeim á mörgum stöðum. En upp af þessum hálfveysknu mörðu og meiddu greinum teygðu ungir, rauðleitir sprotar sig upp í ljósið. Á tveimur stöðum öðrum fann ég einnig reynisprot, sem sýnilega voru einnig sprotnir af trjástofninum niðri í urðinni. Á hinn bóginn verður því ekki neitað, að trén, sem grafinn eru í grjóthrúgur Hvammsturðar, eru áþreifanlegt

vitni um að hér eins og víðar, hefir náttúran sjálf rekið smiðshöggjö á það eyðingarstarf sem hófst þegar við landnám, og menn og fénaður héldu áfram eftir því sem aldirnar liðu. En svo eru það einmitt mennirnir, sem með miskunnarlausu víðarhöggi í bröttum hlíðum dalsins áttu þátt í að koma af stað skriðuhlaupum og þeirri eyðileggingu sem af þeim stafaði. Þannig er það maðurinn einn, sem ber sökina á hinu algera skógleysi þessara héraða".

Í grasafræðisafni Náttúrufræðistofnunar í Reykjavík eru tvö sýni af reynivíðnum í Hvammsturðinni, annað úr ferð Stefáns Stefánssonar frá 6. ágúst 1888 og á spjaldinu stendur: „Hvammur í Vatnsdal. Af ungri örlíttli hríslu“. Hinu sýninu safnaði Ágúst B. Jónsson 3. ágúst 1913 og þar stendur „Hvammsturð í Vatnsdal“. Þetta er án efa Ágúst á Hofi, sem þar bjó 1916-1959. Hann var náttúruunnandi og skógræktarmaður og getur þess í ævisögu sinni, en minnst ekki á hrísluna¹.

Guðmundur Jósafatsson frá Brandsstöðum skrifar um skóga í Húnavatnspingi í Húnavöku 1976²: „Örnefnið Reynivíðarhrísla er í Hvammsturðinni allhátt, oftast aðeins nefnt Hríslan. Nú getur hún tæpast talist nema runni, eins og hún horfði við mér fyrir tæpum 48 árum [1928 ?]. Hvort hún hefur hækkað til muna síðan, veit ég ekki, en þarna hefur hún varist og barist í aldir og heldur velli enn, og að því er ég best veit, ein síns liðs heimaaldra stallsystra sinna, þótt leitað væri um allt héraðið.“ Líklega er ekki rétt að tala um að reynivíðarhríslan sé örnefni, en ummæli Guðmundar benda til þess að hríslan hafi á fyrri hluta síðustu aldar verið ein. Í Árbók Ferðafélags Íslands (1964) skrifar Jón Eypórsson⁵: „Nokkuð sunnan Foss-

lækjar stendur einstök reyniviðar-hrísla hátt uppi í urðinni, enda kemst sauðfénaður ekki þangað.“ Í öðru hefti Húnaþings (1978) segir svo um jörðina Hvamm⁶: „Norðan túns eru Hvammsurðir og Hvammstjörn (Urðartjörn). Hátt í syðri urðinni lifa enn nokkrar reyniviðarhríslur við harðan kost.“

Í grein Sigurðar Blöndals um reynivið árið 2000 segir frá hríslunni í Hvammsurðinni⁷: „Í Syðri-Hvammsurð er merkileg hrísla. Hallgrímur Guðjónsson, sem lengi bjó í Hvammi, segir svo frá í apríl sl.: Hvammsnibba heitir í fjallinu utan við Hvamm. Kippkorn neðan við bjargið í stórgrýtisurð vex stök hrísla af reyni, gömul orðin. Hallgrímur afi minn Hallgrímsson, keypti Hvamm af Benedikt Gísla Blöndal [langafa mínum S. Bl.] skömmu eftir aldamótin. Hann lét bera skít að hríslunni einhvern tíma á fyrri búskaparárum sínum. Nú eru smáplöntur af reyni að koma upp í urðinni norðar í áttina að Fossgili.“ Enn fremur segir: „Jón Gíslason á Hofi í Vatnsdal kveðst hafa

komið að hríslunni ekki alls fyrir löngu. Hún sé um ein mannhæð og skammt frá henni kvað hann vera 2-3 lágvaxnar hríslur (munleg heimild).“

Niðurstaða

Helgi Hallgrímsson ritaði grein í Skógræktarritið árið 2003 um reynipísl, dvergform af reyniviði⁴. Mér sýnist reyniviðurinn í Hvammsurðinni ekki falla undir þá skilgreiningu, bæði eru blöðin stærri og plönturnar hávaxnari. Hér er því eflaust um að ræða hefðbundinn íslenskan reynivið, sem lifað hefur af þrengingar fyrri alda. Máltíflíngur mín segir mér að munur sé á hríslu og tré. Hrísla er hálfgerður runni, marggreindur, en tré er hávaxið, oft með einum stofni og krónu. Reyniviðurinn í Hvammsurðinni er dæmigerð hrísla.

Gönguferðin hafði tekið í heild klukkutíma og tíu mínútur og var þessari rannsóknarferð okkar Ingvars lokið. Við höfðum séð það að hríslan úr bernskuminningu Sigurðar Nordals lifði þarna enn, 88 árum síðar. Eftir lýsing-

um hans að dæma er það eflaust syðri hríslan sem hann lýsir. Hún er algjörlega einangruð og þangað fer fé tæplega. Stefán Stefánsson segir að árið 1888 hafi fólk talað um „að fallegt reyniviðartré væri í urðinni, sem með beinum stofni lyfti blómstrandi krónu sinni upp yfir dökkt urðargrjótið.“ Þetta kann að hafa verið rétt einhverntíma á góðviðristímum, en tréð brotnað og sprotarnir sem nú vaxa séu rótarskot frá þessari rót, tréð hefur breyst í hríslu. Líklega hefur lengi einungis verið um eina hríslu að ræða í Hvammsurðinni, syðri hrísluna, enda er hún „ofar en miðhlíðis“ eins og Sigurður Nordal segir 1915 og umlukin stórgryti, „barn í tröllahöndum“. Það er fyrst í bókinni Húnaþing frá 1978 sem talað er um fleiri en eina hríslu. Hallgrímur í Hvammi segir árið 2000 að smáplöntur séu að koma upp norðan við hrísluna, „í áttina að Fossgili“ og er þar áreiðanlega átt við hrísluna ofan við grasrindann. Þykir mér því líklegt að ytri hríslan ofan við grasrindann sé afkomandi þeirrar syðri og hafi skotið þar rótum á góðviðristímabilinu 1930-1960. Vel kann að vera að fleiri afkvæmi gömlu hríslunnar leynist í Vatnsdalsfjalli, en það konnuðum við ekki.

Reyniviðurinn er á máli skógræktarmanna nefndur einstæðingur (solitær á Norðurlandamálum). Það merkir, að hann finnst fyrst og fremst sem stök, dreifð tré, í hæsta lagi litlar þyrpingar eða lundir, en myndar ekki samfelldar breiður, eins og birki og gulfviðir stundum⁷. Hríslurnar í Hvammsurðinni í Vatnsdal eru dæmigerðir einstæðingar, meira að segja miklir einstæðingar, og syðri hríslan er algjör einstæðingur.




Horft fram Vatnsdal í átt að Hvammi. Ingvar Björnsson við syðri hrísluna sem er lágvaxnari og meiri um sig og líklega móðurplantan.



Nærmynd af upprunalegu hríslunni, með feyskinn sprota í forgrunni.

Heimildir

- 1 Andrés Kristjánsson, 1970 og 1971. Ágúst á Hofi leysir frá skjóðunni, 180 bls., og Ágúst á Hofi lætur flest flakka, 205 bls.
- 2 Guðmundur Jósafatsson, 1976. Skógar í Húnavatnspingi. Húnavaka 16, 23-34.
- 3 Halldór Jónsson, 1975. Húnavatnspingi. Húnaþing I, 1- 38.
- 4 Helgi Hallgrímsson, 2003. Reynipísl. Dvergform af reyniviði. Skógræktarritið 2003, 1.tbl., 75-77.
- 5 Jón Eypórsson, 1964. Austur-Húnavatnssýsla. Árbók Ferðafélags Íslands 1964. 224 bls.
- 6 Konráð Eggertsson, 1978. Áshreppur. Húnaþing II, 322-352.
- 7 Sigurður Blöndal, 2000. Reyniviður (*Sorbus aucuparia* L.) á Íslandi - og nokkur almenn atriði um tegundina. Skógræktarritið 2000, 1.tbl., 17-46.
- 8 Sigurður Nordal. 1915. Reyniviðarhrísan. Skinfaxi 6, 4-5.
- 9 Stefán Stefánsson, 1895. Fra Íslands Vækstrige II. Vatnsdalens Vegetation. Videnskabelige Meddelelser 56, 174-212.
- 10 Steindór Steindórsson, 1986. Rannsóknarferðir Stefáns Stefánssonar skólameistara. 132 bls.



Fróðleiksmoli

Reynveldurinn var fyrstur kallaður heilagt he. Í þjóðsögum segir að á jólanótt hafði þús logað á greinum hans. Stokkröðu þau ekki hverjum líg sem vindur blés. Reynveldurinn var því einhverj konar mynd jólatréssins. E.L.v. samir eða alhelginn í því að hann er alþessu, í íslenskum kirkjugörðum. Þarinn fallega reynveld er að lina á Stað í Sögundalshöf.



*Trisund
valpa
lunatio*



Þorvaldur Jónsson



Landið sem gjarnan er kallað „Þúsund vatna landið“, en gæti allt eins kallast „Land skóganna“, var áfangastaður nokkurra skógræktarmanna frá Íslandi í sumarbyrjun ársins 2003.

Hópurinn fór til Finnlands á ráðstefnu Norræna skógarsambandsins, NSU (Nordisk skovunion), sem stóð 16. - 19. júní. Sambandið skipa 5 Norðurlandþjóðir, Finnland, Svíþjóð, Noregur, Danmörk og Ísland.

NSU stendur fyrir slíkum ráðstefnum fjórða hvert ár. Þá hittast skógræktarmenn frá þessum bræðraþjóðum, bera saman bækur sínar og skiptast á skoðunum. Reynt er að varpa ljósi á helstu strauma og áherslur í skógrækt og dagskráin gjarnan krydduð með listrænum viðburðum. Þá er boðið upp á fjölbreyttar skoðunarferðir. Að þessu sinni voru a.m.k. 14 ferðir í boði.

Íslendingar hafa ekki enn staðið fyrir NSU-þingi en hlotnaðist þó sá heiður að vera gestgjafar á samkomu árið 1996, í tilefni 50 ára afmælis sambandsins. Þótti hún takast með miklum ágætum og er auðvitað vísir þess sem koma skal.

Sumir hafa á orði að Íslendingum lyndi líklega hvað best við Finna af Norðurlandþjóðunum. En hvað sem þeim vangaveltum líður, þekkja fremur fáir Íslendingar mikið til lands þeirra og þjóðar. Það er því ekki úr vegi að reifa nokkrar staðreyndir.



Lerkiskógurinn í Raivola.



Frá heimsókn hópsins til sögunarmyllu „Finnforest Kerto“ um 60 kílómetra vestan við Helsinki. Síðar um daginn var skoðuð risastóra pappírverksmiðjan „Kirkkiemi“ þar sem notuð var blæðsp sem hráefni og afraksturinn var að þeirra sögn hágæða pappír sem notaður er í helstu glanstímarit Evrópu.

Sögunbrot

Saga Finnlands er saga þjóðar sem lengst af var undirokuð af stórveldum í Evrópu og átökum þeirra á milli. Þar koma næstu nágrannar þeirra, Svíar og Rússar, einkum við sögu.

Þegar keisaranum var steipt af stóli í Rússlandi í byltingu bolsévika, ákváðu Finnar að nú væri þeirra tækifæri komið. Þeir lýstu yfir sjálfstæði Finnlands, þann 6. desember 1917. En Adam var ekki lengi í Paradís. Finnska þjóðin fór ekki varhluta af þeim tröllslegu átökum sem fylgdu rússnesku byltingunni.

Í Finnlandi braust út borgarastríð milli svonefndra hvítliða, sem studdir voru af borgaralegum öflum í þéttbýlinu og rauðliða úr röðum verkamanna og bænda. Baráttan var hatrömm og skildi eftir sig djúp sár. Talið er að 6.500 hafi fallið í beinum stríðsátökum og allt að 10.000 manns til viðbótar af völdum stríðsaðgerðanna.

Rauðliðum gekk betur í upphafi og nutu stuðnings rússneskra hersveita. Hvítliðar sóttu í sig veðrið, þegar leið á vorið, með Gustaf Mannerheim herforingja í fararbroddi. Átökunum lauk þann 16. maí þegar hvítliðar náðu Helsingfors á sitt vald. Í kjölfarið voru um 12.000 rauðliðar handteknir og sátu margir þeirra lengi í fangelsum. 125 rauðliðar voru dæmdir til dauða og líflátnir. Þessir hörmungatímar hafa alla tíð síðan hvílt sem dimmur skuggi á finnsku þjóðinni.

Í síðari heimsstyrjöldinni náðu Rússar syðstu héruðum Finnlands og innlimuðu Kirjálaeiðið. Hundruð þúsunda Finna flúðu frá þessum svæðum. Þeir sem eftir

urðu voru fluttir nauðugir til svæða víða um Sovétríkin. Þessir þjóðflutningar líkómnuðust greinarhöfundi og Óla Val Hanssýni í leiðangri til Kamtsjatka 1993 (sjá Skógræktarrit 1995), í bílstjóra þeirra, honum Alexander. Foreldrar hans höfðu verið fluttir nauðugir frá Kirjálaeiðinu til Kamtsjatka.



Á fyrstu árunum eftir stríð voru áhrif Sovétríkjanna mikil í Finnlandi. Þau fóru þó smám saman dvínandi allt fram að falli Sovétríkjanna undir lok síðustu aldar. Finnum tókst með lipurð að stíga ákveðinn línudans í valdatafli kalda stríðsins milli austurs og vesturs. Þeir voru gjarnan boðberar slökunar og tóku iðulega að sér hlutverk sáttasemjarans.

Eftir miklar efnahagsþrengingar og atvinnuleysi, á árunum 1991-1993, var efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu í Finnlandi. Þá greiddu 57 % þátttakenda því atkvæði að þjóðin skyldi óska eftir aðild að Evrópusambandinu. Árið 1995 gengu Finnar í sambandið. Þeir gerðu evruna að gjaldmiðli landsins, eins og 11 aðrar bandalagsþjóðir árið 2002.



Gist var í bændagistingu á „Pohjolan tuvat“ við eitt af þúsund vötnum Finnlands. Bóndinn dró þennan fallega vatnafisk úr neti um morguninn. Við greindum ekki tegundina en fiskurinn bragðaðist þeim mun betur. Hér höfðu hjónin alfarið snúið sér að þessum nýja atvinnuvegi og byggt snotur bjálkahús og innréttað ágæta gístaðstöðu.



Lokaályktun ráðstefnunnar:

Ráðstefnan er sammála um það, að skógana eigi að umgangast og nýta, með langtíamarkmið að leiðarljósi og á sjálfbæran hátt, þar sem tekið verði tillit til efnahagslegra, vistfræðilegra og samfélagslegra sjónarmiða.

Vakin er athygli á mikilvægi norrænu skóganna fyrir íbúana, sem nýta þá á margvíslegan hátt. Mikilvægi skóganna sem útivistar- og búsvæða fer stöðugt vaxandi.

Hagsmunaaðilar í skógrækt á Norðurlöndum vilja axla þá ábyrgð, sem felst í kröfunni um að sú endurnýjanlega auðlind, sem skógurinn er, verði nýtt á sem bestan hátt. Þeir vilja því stuðla að almennri og viðtækri umræðu um málefnið.

Markmiðið er, að þessi auðlind verði virkjuð með sem skynsamlegustum hætti. Fullt tillit verði tekið til nýtingar skógarins, þeirra samfélagslegu gæða sem í honum felast og ekki síst þeirrar líffræðilegu fjölbreytni og endurnýjunarmáttar sem er að finna í hinum margbreytilegu norrænu skógum.

Mannfjölgun á jörðinni er hraðfara og kallar á æ meira magn hráefnis og vöru. Félagsleg vandamál verða meira áberandi og bregðast þarf við auknu álagi á umhverfið og náttúruna. Í skógrækt og skógariðnaði felast miklir möguleikar til lausna marga vandamála á þessu sviði. Skógurinn sem endurnýjanleg auðlind skiptir okkur því öll miklu máli.

„Hin fjölbættu gildi skógarins“ munu því gegna stóru hlutverki í sameiginlegri framtíð jarðarbúa



Stjórn NSU ásamt mökum. Fremst sitja: Til hægri Jan Heino, formaður Finnlandsdeildar og forseti NSU frá 1998-2002, ásamt eiginkonu og núverandi forseta sambandsins t.v., Svínum Björn Sprängare.

Í tengslum við heimsóknina fengum við systurfélag okkar í Finnlandi „Finska Forstföreningen“, „Suomen Metsäyhdistys“ til þess að skipuleggja tveggja daga skoðunarferð, sem gaf okkur færi á því að kynnast skógrækt í Finnlandi.

Þá fór hópurinn til Raivola í Rússlandi, ásamt 50 manns víðs vegar frá Norðurlöndunum. Dagskrá þeirrar ferðar var reyndar einnig skipulögð með hliðsjón af óskum okkar. Á heimleiðinni var komið við í Mustilla-trjásnisafninu í Suður-Finnlandi.


Þegar komið er til Finnlands fer ekki á milli mála að þar ríkir uppgangur og bjartsýni. Ævintýrið um Nokia-fyrirtækið, sem lengst af framleiddi gúmmistígúvél, en breyttist á örfáum árum í eitt öflugasta hátækniyrirtæki í heimi, er vel þekkt og kom Finnum sannarlega í samband við umheiminn.

Þó ber að hafa í huga að velgengnin hefur ekki einvörðungu komið til af framleiðslu farsíma. Skógurinn hefur löngum verið jafn mikilvægur Finnum og fiskurinn okkur Íslendingum. Við fall Sovétríkjanna breyttust forsendur áratuga efnahags- og markaðslegra tengsla. Þetta leiddi til mikillar uppstokkunar í Finnlandi, sem bitnaði harkalega á iðnaði.

Þegar haft er í huga að atvinnuleysi fór yfir 20%, á þrengingstímum árin 1991-1994, er ótrúlegt að verða vitni að þeim miklu umskiptum sem hafa orðið í Finnlandi á örfáum árum. Á íslenskan mælikvarða er enn um töluvert atvinnuleysi að ræða en efnahagsástandið hefur gjörbreyst. Þessar miklu hræringar höfðu engu að síður þau áhrif að Finnar tóku langstökk inn í 21. öldina.

Finnar hafa þótt meðal fremstu þjóða í skógrækt og iðnaðartengdri vöruþróun en voru þó taldir standa Svíum og Kanadamönnum nokkuð að baki. Á síðustu 10 árum hafa þeir hins vegar skotið þessum þjóðum ref fyrir rass og eru nú komnir með töluvert forskot. Skógariðnaður hefur blómstrað og finnsk fyrirtæki stóreflst.

Það er margt sem hefur haldist í hendur, m.a. hefur framleiðni aukist og áhersla á stöðluð og skipulögð vinnubrögð hefur verið í fyrirrúmi. Svo kölluð vottuð skógrækt hefur verið innleidd en það var einmitt hún sem Finnar voru uppfullir af og áhugasamir um á afmælispingi NSU á Íslandi 1996, sem áður er getið.



Finnar hafa lagt mikið upp úr því að rækta úrvals hengibjörk (*Betula pendula*) og áhugi á öðrum lauftrjategundum hefur einnig aukist. Undir leiðsögn Risto Hagqvist frá Rannsóknarstöð skógræktar í Finnlandi fengum við góða yfirsýn yfir kvæmarannsóknir og kynbætur. Aðalmarkmiðið er að rækta tré sem hafa eiginleika sem hentar skógaríðnaðinum. Þar er m.a. sóst eftir miklum vexti, beinum stofni og hlutfallslega fingerðum greinum auk fleiri eiginleika sem metnir eru að verðleikum.

Þá hafa finnsk fyrirtæki sameinast og hafin var sókn út fyrir landsteinana. Framgangur Finna á erlendra grund er eftirtektarverður. Þeir hafa keypt fyrirtæki, eða yfirtækið, bæði í Svíþjóð og Mið-Evrópu og jafnframt haslað sér völl í Norður-Ameríku og víðar.

Í dag er staðan orðin sú, að stærstu fyrirtæki Evrópu í trjávöru-, pappírs- og efnaiðnaði eru finnsk. Það þýðir vel að merkja, að þau eru meðal þeirra stærstu í heiminum. Þar standa fremst; Stora Enso, sem varð til með kaupum Finna á stóru ríkisfyrirtæki í Svíþjóð, UPM - Kymmene og Metsäliitto. Því síðastnefnda fengum við að kynnst á fyrsta degi skoðunarferða okkar.

Þá heimsóttum við sögunarmyllu og pappírsverksmiðju í Lohja, sem er 60 km vestan við Helsinki. Verksmiðjan framleiðir hágæðapappír en þar er notuð blæðsp í því skyni að auka gæði

pappírins. Með því móti er einnig hægt að komast hjá því að nota kemísk íblöndunarefni.

Skoðunarferðin gaf okkur inn-sýn í hve háþróaður og margþættur pappírsiðnaðurinn er. Umbúðapjöldfélag Vesturlanda kallar á æ meiri pappírnotkun og stöðugt er unnið að þróun vöruflokka.

Leiðsögumaður okkar, ung finnsk valkyrja, Sirpu Kärkkäinen, og Harri Hyppänen, umdæmisstjóri Metsäliitto-fyrirtækisins, voru sammála um að meginfor-

senda fyrir gæðum vörunnar væri fyrsta flokks hráefni. Og ekki fjarlægt að álykta að þarna komi hin sérstæða og heimsþekkt finnska hönnun nokkuð við sögu.


Finnland er um 338 þúsund ferkílómetrar að stærð eða meira en þrefalt stærra en Ísland og þar af eru 76 % vaxin skógi. Skógurinn er í huga Finna bankainnstæða. Þar er uppspretta auðlindar sem landið hefur byggt velferð sína á alla síðustu öld og fram á þennan dag.

Hér er skoðaður rannsóknareitur á grál (*Alnus incana*) og svartelri (*Alnus glutinosa*). Í framhaldi af rannsóknum er fyrirhugað að koma á fót fræreitum með úrvalsefnivið. Áhugi á ræktun þessara tegunda hefur aukist á síðari árum þar sem þær eru m.a. eftirsóttar í panil- og húsgagnagerð.





Skóðuð var gróðrarstöð þar sem framleiddar voru um 7-8 milljónir plantna. Finnar hafa stöðugt verið að vinna að þróun plöntuframleiðslunnar með margvíslegum hætti enda hafa þeir náð afburða gæðum í þessu sambandi. Mættum við margt af þeim læra hér á Íslandi.



Helstu trjátegundirnar sem eru nýttar eru fura, greni og birki en á síðustu árum hefur færst mikið í vöxt að flytja inn hráefni frá Rússlandi og Eyrstrasaltslöndunum. Þessi innflutningur nemur í dag hátt í 20 % af því heildarmagni sem verksmiðjur í Finnlandi nota.

Við urðum áþreifanlega vör við þessa miklu flutninga þegar við fórum yfir landamærin til Rússlands að heimsækja lerkiskóginn í Raivola. Tugir dregkhlaðinna

flutningabíla biðu afgreiðslu á landamærunum og töfðu ferð okkar.

Með endurbættum skógræktar- aðferðum hefur skógarforði Finnlands aukist jafnt og þétt síðustu öld og er nú um 2.000 milljónir rúmmetra. Árlegur vöxtur skóganna er talinn nema um 90 milljónum rúmmetra og þar af eru höggvin árlega tré sem skila 55 milljónum rúmmetra eða sem samsvarar um 2,2% af heildarflatarmáli skóganna.

Ár hvert eru gróðursettar um 150 milljónir trjáplantna í Finnlandi til þess að viðhalda framleiðslugetunni en auk þess eru notaðar sáningar og aðferðir, sem lýst er hér á næstu síðu, á tugum þúsunda ha. Til samanburðar eru settar niður á bilinu 4- 5 milljónir plantna á Íslandi.

Lungi finnsku skóganna er í einkaeigu. Talið er að landeigendur séu um 440 þúsund og á meðal-skógareigandi um 40 hektara lands. Þrátt fyrir allan þennan fjölda landeigenda virðist það ekki dragbítur á skógariðnaðinn.




Þessi sauðkind vakti athygli okkar Íslendinga enda var hún tjóðruð í skóginum ásamt fleiri og lömbin laus á stjái í kringum hana. Þetta mun vera alsíða hér. Fylgst er með að færa þær til eftir því sem minnkar í haganum og fyrir vikið er auðvelt að fara um skógin þar sem beitt hefur verið. Þá vakti ekki síður athygli listfengi sauðfjáreigandans en hann er greinilega vel hagar á tré eins og meðfylgjandi mynd ætti að sýna.

Háþróuð upplýsingakerfi koma að góðum notum. Allar helstu upplýsingar liggja fyrir í aðgengi- legum gagnasöfnum; skrár og kort um aldur skógarins á tilteknu svæði, viðarmagn á ha, stærðarsamsetning o.s.frv.

Yfirleitt er búið að selja trén þegar þau eru felld og margra metra háir buðlungar, sem forðum stóðu við skógarstíga og vegi, eru horfnir. Hráefnið er yfirleitt komið í verksmiðjuna innan sólarhrings frá því að trén eru felld.

Eignarhald skóga í Finnlandi (%)



Eitt það allra sérkennilegasta sem við fengum að sjá þar ytra var gamalgróin aðferð í skógrækt sem nú er verið að endurvekja dálítið í Finnlandi en það að er að brenna skógræktarsvæðin. Með því er losað um næringarefni og samkeppnin við illgresi eða samkeppnisplöntur er í lágmarki fyrstu árin. Skógurinn er fyrst höggvinn en einnig skilið eftir nokkuð af furu (sjá neðstu mynd) og er hugmyndin að fræið spíri í kjölfarið. Hér er verið að líkja eftir framgangi náttúrunnar að einhverju marki. Hópurinn fékk tækifæri á þessum stað til þess að gróðursetja sérstakan íslenskan lund. Á mynd í miðju má sjá Jón Loftsson skógræktarstjóra t.h. og Pertti Vuorist sem tók á móti okkur ásamt tveimur bræðrum Aania að nafni, eka skógarkörum sem sýndu okkur líka fallega bústaði sem þeir voru að reisa skammt frá. Á efstu mynd er hópurinn saman kominn að gróðursetningu lokinni.



Hátindur ferðarinnar - Raivolalerkíð

Hápunktur ferðarinnar var án efa heimsóknin í lerkiskóginn við Raivola. Ástæða þess að við lögðum áherslu á að komast þangað er einföld. Bróðurparturinn af því lerkí sem hefur verið gróðursett síðustu þrjá áratugina á Íslandi á ættir að rekja þangað.

Þegar við stóðum frammi fyrir þessum stóru trjám kann að vera að einhverjir hafi séð fyrir hugskotssjónum sínum, skógarmyndina sem smám saman er að koma fram á Fljótsdalshéraði. Óðum fækkar þó trjámum sem sáð var til í Raivola árið 1738.

En það var fleira sem lokkaði okkur á þennan stað. Tilurð skógarins á sér heillandi og sérstæða sögu.

Pétur mikli Rússlandskeisari var upphafsmaðurinn að ræktun lerkisins í Raivola. Tilgangurinn var sá að skapa hráefni svo efla mætti skipaflota keisaradæmisins. Ráðinn var þýskur skógfræðingur, Fockel að nafni. Hann fékk fyrst þann starfa að safna fræi af úrvals lerkitrjám í Arkangelskhéraði. Þar var að finna vesturmörk útbreiðslusvæðis lerkisins. Tók það hann hvorki meira né minna en 8 ár að finna og safna ákjósanlegu fræi, því var síðan sáð hér við Finniska flóann, skammt frá ströndinni. Þaðan var stutt að fara til þess að koma efninu til vinnslu fyrir skipasmíðina.

Þegar fram liðu stundir kom í ljós að vandaður undirbúningur Fockels skilaði sér. Í Raivolalundinum óx afburðaskógur með beinvöxnum, hraðvaxta trjám. Þetta varð til þess að víða í Finnlandi og Svíþjóð var komið á fót fræritum af stofni Raivolatrjanna, gagngert til þess að framleiða úrvalsfræ til skógræktar. Þessa framtaks höfum við notið á Íslandi á síðustu áratugum, sem fyrir er getið.

En það er fleira í sögunni sem tengist Raivola. Margir Finnar halda því statt og stöðugt fram að lundurinn hafi verið meginorsök Vetrarstriðsins. Stalín hafi fyrst og fremst haft áhuga á að tryggja öryggi Leningrad og því verið tilbúinn að semja um landaskipti við Finna, frá Kirjálæiði að Viborg en í staðinn láta Finnum eftir land norðan Ladoga. A.K. Cajander, skógfræðiprófessor og þáverandi forsætisráðherra, gat ekki hugsað sér að láta Rússa hafa hina skógfræðilegu gersemi og því fór sem fór.

Það er óneitanlega mögnuð tilfinning að koma í Raivolaskóginn. Þangað ættu skógareigendur á Fljótsdalshéraði að fjölmenna umfram aðra. Kannski leið okkur eins og Vestur-Íslendingum sem eru að heimsækja „Gamla landið“ fyrsta sinni.

Rússneskir leiðsögumenn tóku á móti hópnum við lundinn, þar sem tilkomumikið hlið markar innganginn. Hér eru góðir og breiðir skógarstigir. Í fyrstu gengum við um blendskóg af furu, lerkí og lauftrjám. Þegar við nálguðumst Lindulovskaja-ána, sem liðast lagn um ásana, var lerkíð víðast orðið allsráðandi.

Bolirnir eru fremur grannir, miðað við hve hátt þeir teygja sig. Hæstu trén eru um 50 metra há. Sjá má tré sem eru við það að ramba af rótinni. Þau hafa greinilega orðið fyrir áfalli í einhverju stórvíðrinu. Það er ýmislegt sem á daga þeirra hefur drifið síðustu hálfri þriðja hundrað árin.

Veturinn 1940 var háður hildarleikur hér í skóginum þegar Rússum, með mikið ofurefli liðs, tókst að brjótast í gegnum Mannerheim-víglinuna og að lokum að hernema Viborg. Þetta gekk ekki þrautalaust. Frostið fór sjaldan undir 40 gráður, olían fraus í skriðdrekkum og öðrum farartækjum, byssurnar stóðu á sér og her-


mennirnir voru vanbúnir og lítt þjálfaðir. Finnar vörðust með skæruhernaði og sýndu ótrúlegt baráttuprek.

Georgi V. Prusakov, rússneskur hermaður sem tók þátt í þessum bardögum, lýsti þessu svo:

„Það sem mér er efst í minni er vanhæfni og getuleysi hersins gagnvart örfáum Finnum. Þeir sýndu okkur í raun umfram allt annað hvernig á að berjast“.

Herdeild Prusakovs hafði upphaflega á að skipa 764 mönnum en í lokin stóðu uppi 136 menn og þar af margir særðir og/eða illa kalnir.

Í lok skoðunarferðarinnar þökk-uðu Íslendingarnir fyrir sig með því að syngja lag, tileinkað lerkitrjámum í Raivolalundinum, sem eiga svo marga afkomendur vestur í miðju Atlantshafi.






Við upphaf ferðar um Raivolalundinn.
Finnskur fararstjóri og túlkur ásamt
rússneskum gestgjöfum.

Rússalerkið er stórvaxið í saman-
burði við mannfólkið.



Þátttakendur spurðu rússnesku
leiðsögumennina með aðstoð túlks
spjörunum úr um ýmislegt er varðar
sögu og vöxt skógarins. Greinilegt
var að rússneskir kollegar okkar
höfðu mikinn áhuga á því að efla
samstarf um varðveislu lundarins en
eftir því sem við skildum þá nýtur
hann einhverskonar friðunar en fjár-
magnið vantar.



Áin Lindulovskaja rennur lygn og stillt og ekki er
straumköstum fyrir að fara.



Í lok ferðar frá Rússlandi eftir að hópurinn hafði gisti eina nótt í Viborg í Rússlandi skoðuðum við eitt stærsta trjásýnisafn í Finnlandi í Mustilla í Elimäki. Hér var að finna fjölmargar áhugaverðar trjátegundir en auk þess fjölbreytt safn Rhododendron eða dísarunna sem skreyta skógarbotninn í öllum regnbogans litum. Hér á Íslandi hefur reynt frekar erfitt að koma dísarunnum til sjálfsagt vegna rysjóttrar veðráttu.

Heimildaskrá:

Annual Ring, 2002. Finnish Forest Association.

Jón Geir Pétursson, 2003. Lerkiskógurinn í Raivola. Morgunblaðið 2. mars 2003.

Produkter af träd, 1999. Skogsindustrin rf, Finska Forstföreningen, Skogbrukets utvecklingscentral rf Täpio.

Sigurður Blöndal. 2000. Helstu trjátegundir í skógrækt á Íslandi. Námskeið haldið vorið 2000. Fjölrit, bls. 20.

The Finnish Forest Industry Facts and Figures, 2001. Finnish Forest Industries Federation. Helsinki 5/2001. ISSN 238-4143.

Timo Särkkä and Markku Tano, 1999. Finland's National Forest Program 2010. Ministry of agriculture and forestry. Publication 2/1999. ISSN 1238-2531.

<http://virtual.finland.fi/finfo/english/chrohist.html>

<http://www.mannerheim-line.com/veterans/Prusakov.htm>

<http://www.rongym.sal-em.se/projekt/sp3a/sodergran.htm>

Þakkarorð:

Eftirtöldum þakka ég yfirlestur og góðar ábendingar: Aðalsteini Sigurgeirssyni, forstöðumanni á Mógilsá, en hann var þátttakandi í ferðinni, Friðriki Aspelund, kennara á Hvanneyri, en hann er finnsk-menntaður í skógfræðum og Jóhanni F. Gunnarssyni, þjónustufulltrúa Skógræktarfélags Íslands.



Í trjásafninu er hægt að fá keypt fræ og plöntur og sýnir þessi mynd hve haganlega vörinni er komið fyrir og upplýsingum um hverja tegund.

Sigurður Blöndal



Blómgun á íslenskri blæösp

Nýjar upplýsingar og leiðréttingar

Í grein minni um blæösp í Skógræktarrítinu 2002, 2. tbl., er á bls. 14 rætt um blómgun asparinnar. Skýrt er frá vitneskju um blómgun á tveimur stöðum á Íslandi, Hallbjarnarstöðum í Reykjadal og Oddeyrargötu 36 á Akureyri.

Ég fékk viðbrögð frá tveimur mönnum varðandi þessa klausu.

Hinn 28. febrúar í ár skrifar mér Jóhann Pálsson grasafræðingur og góður vinur. Í bréfi hans eru margar athyglisverðar hugmyndir og upplýsingar um uppruna blæaspartrjáa á nokkrum stöðum á Íslandi. Kafli í bréfi hans er um Oddeyrargötuaspirnar á Akureyri, þar sem hann leiðréttir ákveðið atriði, sem hann upplýsti mig um áður. Hann leyfði mér góðfúslega að birta þennan kafla úr bréfinu: „Oddeyrargata 36.

Þá er komið að öspunum í garði Ingimundar Árnasonar (ekki Áskels Snorrasonar, en ég mun hafa ruglað nöfnum þessara látnu kórstjóra saman og biðst innilega afsökunar á því) að Oddeyrargötu 36. Þegar ég varð fyrst var við þessar aspir lék mér mikil forvitni á því að vita hvaðan þær væru.

Ingimundur var látinn svo ég reyndi að leita upplýsinga hjá börnum hans en þau vissu ekkert um þær annað en að allar trjáplönturnar í garðinum hefðu verið fengnar hjá Jóni Rögnvaldssyni.



Seinna heyrði ég haft eftir Elínu Gunnlaugsdóttur (þær upplýsingar mun Elín hafa haft eftir Ágústu Ringsted, sem bar síðar fyrir sig Jón Eðvarðs rakara, sem heimild) að Ingimundur hefði sótt þær að Garði með Stefáni Stefánssyni. Það getur tæplega staðist því húsið að Oddeyrargötu er byggt 1931, en Stefán lést snemma á 3. áratugnum. Ólíklegt er að þær hefðu verið í einhvers konar í föstri í millitiðinni.

Þessar aspir sá ég bera blóm þegar ég var staddur á Akureyri um mánaðamótin apríl/maí 1996, það voru karlblóm. (Leturbreyting mín, S.BI.). Sama vor sá ég einnig blóm á tveimur blæðspum sem standa við Andapollinn neðan við sundlaugina. Þær voru einnig karlkyns en eru greinilega annar klónn en Oddeyrargötuaspirnar.

Ég athugaði þá stærstu blæðspina á Akureyri sem er í garði Skarphéðins heitins í Amaro (föður Brynjars) á horni Lögbergsgötu og Helgamagrastrætis, en hún, sem er enn einn klóninn, bar ekki blóm. Brynjar segir mér að hún sé fengin hjá Jóni Rögnvaldssyni og gróðursett 1937. Í sömu ferð brá ég mér fram að Grund en engin blóm sá ég á öspunum þar.

Í kringum 20. september sama ár, þ.e. 1996, kom ég til Akureyrar

og tók myndir. Þar sést að Oddeyrargötuaspirnar eru að fella lauf, en úti í Vaðlareit eru Hallandsaspirnar enn dimmgrænar þótt haustslikja sé komin á birkið í kring.

Hitt bréfið var frá Konráði Erlandssyni, framhaldsskólakennara á Laugum í Reykjadal, og fylgdu með myndir þær, sem hér fylgja í greininni. Konráð leyfði mér líka góðfúslega að birta það, sem ég teldi þurfa úr sínu bréfi. Mér fannst engu mega sleppa úr bréfi hans, sem fylgir hér á eftir

„Í grein þinni í öðru tölublaði Skógræktarrits 2002 getur þú um blómgun blæspanna á Hallbjarnarstöðum í Reykjadal og telur að sýni hafi verið tekin sem nú séu glötuð. Ég sá þessi sýni fyrir nokkrum árum og fór á stúfana aftur nú, fann þau og tók meðfylgjandi myndir.

Sýnin eru í safni þurrkaðra plantna í lítilli bók sem skólabörn í Reykjadal hafa útbúið fyrir nokkrum áratugum og er hún nú varðveitt í Litlulaugaskóla, núverandi grunnskóla Reykdæla. Ég gerði stjórnendum þar grein fyrir þýðingu bókarinnar og bað þá að varðveita sem tryggilegast. Það ætti að vera hægur vandi fyrir þig að fá að líta á gripinn ef þú átt leið hér um.

Það er reyndar stórmerkilegt að þeir Brúnabræður skuli hafa hitt á þetta ár til plöntusöfnunar, ég hef ekki spurt þá hvort um hreina heppni er að ræða eða hvort þeir hafa gert sér grein fyrir að um tiltölulega fágætt fyrirbæri væri að ræða. Hið síðarnefnda kæmi mér ekki á óvart því þar fara í besta lagi greindir og glöggir menn.

Ég hefi borið þessar myndir af reklunum frá Hallbjarnarstöðum saman við myndir í góðum fræðibókum um tré og kvatt til tvo fræðimenn að dæma. Okkur virðist einsýnt, að þetta séu *kvenreklar*.

Hér fylgja með tvær af myndunum, sem Konráð Erlandsson tók af sýnunum. Ekki er hægt annað en dást að þeim vökulu Þingeyingum, sem áttuðu sig á því, að hér væri um merkilegt náttúrufarslegt fyrirbrigði að ræða.

Ég vil svo að lokum bæta við, að ekki var tilviljun, að blæaspirnar að Hallbjarnarstöðum skyldu blómgast vorið 1956. Sumarið á undan, 1955, var eitt hið hlýjasta, sem kom á Norður og Austurlandi á tuttugustu öldinni. Á eftir mjög hlýju sumri má einmitt vænta blómgunar trjáa, sem annars eru ekki von að gera það hér á okkar kalda landi.

Skógræktarfélag Íslands þakkar veittan stuðning

Hyammstangi

Skógræktarfélagið í Hyammstangi

Blönduós

Blönduósskógræktarfélagið
Skógræktarfélagið í Blönduósi

Sauðárkrúkur

Skógræktarfélagið í Sauðárkrúku
Skógræktarfélagið í Sauðárkrúku

Akureyri

Akureyrarskógræktarfélagið
Skógræktarfélagið í Akureyri
Skógræktarfélagið í Akureyri

Húsavík

Skógræktarfélagið í Húsavík

Laugar

Skógræktarfélagið í Laugum

Kópasker

Skógræktarfélagið í Kópasker
Skógræktarfélagið í Kópasker

Þórshöfn

Skógræktarfélagið í Þórshöfn

Vopnafjörður

Skógræktarfélagið í Vopnafjarðarhlíð

Þegilsstaðir

Skógræktarfélagið í Þegilsstaðum
Skógræktarfélagið í Þegilsstaðum

Selfoss

Skógræktarfélagið í Selfossi
Skógræktarfélagið í Selfossi
Skógræktarfélagið í Selfossi
Skógræktarfélagið í Selfossi
Skógræktarfélagið í Selfossi
Skógræktarfélagið í Selfossi
Skógræktarfélagið í Selfossi

Hveragerði

Skógræktarfélagið í Hveragerði

Þorlákshöfn

Skógræktarfélagið í Þorlákshöfn

Eyrbakkir

Skógræktarfélagið í Eyrbakkum

Stokkseyri

Skógræktarfélagið í Stokkseyri

Hvolsvöllur

Skógræktarfélagið í Hvolsvöllum
Skógræktarfélagið í Hvolsvöllum

Kirkjubæjarklaustur

Skógræktarfélagið í Kirkjubæjarklaustur

Vestmannaeyjar

Skógræktarfélagið í Vestmannaeyjum
Skógræktarfélagið í Vestmannaeyjum



Skógræktarárið 2002

Plöntuframleiðsla og gróðursetning.

Óhætt er að segja að árið 2002 sé merkilegt ár í liðlega aldarlangri sögu skógræktar á Íslandi. Nýtt gróðursetningamet var slegið þegar fimm milljón plantna múrinn var rofinn. Alls voru gróðursettar 5.351.453 plöntur en meðaltal síðustu tíu ára á undan eru rétt liðlega fjórar milljónir plantna. Árið er því fjórðungi yfir meðalári. Þess er þó vart lengi að bíða að metið verði slegið. Hin nýju landshlutabundnu skógræktarverkefni eru nú að komast á fullan skrið og gróðursetning á þeirra vegum á eftir að fara vaxandi. Greiðlega gekk að ná saman tölum um fjölda gróðursettra plantna. Öllu harðsóttara var að fá upplýsingar frá öllum gróðrarstöðvum, en auk Skógræktar ríkisins skiluðu fjórtán gróðrarstöðvar gögnum.

Stærð gróðrarstöðva er ákaflega breytileg. Þrjár gróðrarstöðvar seldu meira en hálfa milljón plantna árið 2002 og fjórar gróðrarstöðvar seldu á milli tvö hundruð- og þrjúhundruð og sextíu þúsund plöntur.

Mikill fjölbreytileiki einkennir skógræktarstarf á Íslandi og liðlega þrjátíu tegundir eru tilgreindar, auk þess sem liðurinn aðrar tegundir inniheldur allmargar tegundir sem gróðursettar eru í litlum mæli. Um 80% gróðursettra plantna eru af tegundunum rússalerki, birki, sitkagreni eða hvítsitkagreni, stafafuru og alaskaösp.

Gæðamál skógarplantna hefur nokkuð borið á góma undanfarið. Því er stundum slegið fram að

fremur beri að hugsa um gæði en magn. Við rýni í þessar tölur er þó ekkert sem styður þá tilgátu að magn komi niður á gæðum.

Trjáfræ

Hér eru birtar tölur frá Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins. Auk þessa er talsverðu magni safnað á vegum einstaklinga, skógræktarféлага og gróðrarstöðva en upplýsingar um það liggja ekki fyrir.

Jólatré


Enn dregur lítillega úr fjölda íslenskra jólatrjáa á markaðnum. Þó ber að slá þann varnagla að augin ásókn í að velja tré í skógi leiði að líkindum til slægri skráningar. Þá er líklegt að æ fleiri höggvi tré úr eigin ræktun.

Viðarframleiðsla

Aðeins fengust tölur frá Skógrækt ríkisins um seldar viðarafurðir. Sala þessara afurða vex hægt en örugglega og tveir vöruflokkar bætast nú við; fiskhjallatrönur og viðarkol. Líklegt er að nokkur skógræktarfélög fari nú að láta að sér kveða á þessum markaði.

Að lokum er öllum, sem veittu upplýsingar um starfsemi á þeirra vegum, færðar bestu þakkir fyrir greinargóð svör.

Fjöldi gróðursettra skógarplantna 1992-2002



Afhentar skógarplöntur úr helstu gróðrarstöðvum á landinu árið 2002

Tegund	Skógrækt ríkisins	Hlutafélag/ Skógræktarfélag/einstakl.	Samtals	Hlutfall af heild
Rússalerki	85.435	1.452.596	1.538.031	30,54%
Ilmbjörk	73.738	958.148	1.031.886	20,49%
Sitkagreni/bast.	116.575	777.111	893.686	17,75%
Stafafura	5.576	573.117	578.693	11,49%
Alaskaösp	42.741	324.842	367.583	7,30%
Blágreni	46.646	86.750	133.396	2,65%
Hvitgreni	731	105.633	106.364	2,11%
Víðir ýmis	5.118	68.362	73.480	1,46%
Alaskavíðir	41.263	29.720	70.983	1,41%
Rauðgreni	17.104	48.879	65.983	1,31%
Annað	2.312	44.379	46.691	0,93%
Hengibirki	6.000	17.828	23.828	0,47%
Viðja	10.238	5.600	15.838	0,31%
Sitkaelri	2.794	11.284	14.078	0,28%
Loðvíðir	7.536	3.319	10.855	0,22%
Evrópulerki	160	9.520	9.680	0,19%
Bergfura	95	7.914	8009	0,16%
Hreggsstaðavíðir	5.474	2065	7.539	0,15%
Jörfavíðir	6.507		6.507	0,13%
Gulvíðir	3.947	2.045	5.992	0,12%
Selja	1.114	3.308	4.422	0,09%
Skógarfura	2.260	2.000	4.260	0,08%
Reynivíður	1.135	1.922	3.057	0,06%
Brekkuvíðir		2.614	2.614	0,05%
Næfurbirki	2.495		2.495	0,05%
Kjarrelri	2.225		2.225	0,04%
Döglingsvíður	2.074		2.074	0,04%
Fjallapínur	1.560		1.560	0,03%
Græli	810	658	1.468	0,03%
Koparreynir	1.055		1.055	0,02%
Mýralerki	440		440	0,01%
Balsampínur	318		318	0,01%
Blæli	245		245	0,00%
Lindifura		240	240	0,00%
Gráfura	226		226	0,00%
Svartgreni	185		185	0,00%
Álmur	35		35	0,00%
Alls	496.167	4.539.854	5.036.021	100%

Helstu tölur um gróðursetningu í landinu árið 2002

Trjátegund	Skógrækt ríkisins	Skógræktar- félög*	Landgræðslu- skógar	Héraðs- skógar	Austurlands- skógar	Suðurlands- skógar
Rússalerki	42.879		173.967	671.010	42.169	
Ísl. birki	68.675	29.220	472.605	83.575	12.999	199.120
Sitkagreni/sitkabast.	110.470	25.242	55.480	303.488	40.212	287.142
Stafafura	3.473	14.132	25.700	184.630	13.591	177.080
Alaskaösp	68.410	2.863	63.725	72.319	5.998	148.461
Stiklingar af viði eða ösp				10.264	5.197	49.405
Blágreni	16.147	9.767	25.100			8.770
Viðir, ýmsar tegundir	2.115	9.592	3.420	6.792		43.383
Alaskaviðir	9.280	988	20.450			550
Rauðgreni	18.222	400				7.920
Annað***	7.692	6.525		5.843	3.058	
Hvítgreni		2.020				4.880
Gulvíðir	2.520	700	1.500			
Hengibjörk	40		4.670			3.939
Viðja	735	2.120				
Jörfaviðir	1.514		4.630			
Bergfura		300	5.500			
Loðvíðir		710				
Græli	810					3.360
Skógarfura	2.260					1.760
Reyniviður		110				1.264
Sitkaelri	2.369	535				
Næfurbjörk	2.495					
Döglingsviður	2.074					
Fjallapínur	1.234	100				
Koparreynir	1.055					
Álmur	160					
Balsampínur	318					
Mýralerki	35	240				
Blæli	245					
Gráfura	226					
Alls	365.453	105.564	856.747	1.337.921	123.224	937.034

* Annað en Landgræðsluskógar. ** Af þessu eru nokkrar plöntur af öðrum tegundum. ***Tegundir ekki sundurliðaðar.

Höggvin jólatré 2002

Aðili	Rauðgreni	Blágreni	Sitkagreni	Stafafura	Fjallapínur	Síberíupínur	Alls
Skógræktarfélag	933	185	1.713	1.326	10	0	4.167
Skógrækt ríkisins	2.048	512	129	895	65	16	3.665
Alls	2.981	697	1.842	2.221	75	16	7.832
Hlutfall af heild	38,1%	8,9%	23,5%	28,4%	1,0%	0,2%	100,0%

* Þessu til viðbótar er talsvert höggvið af jólatrám á vegum einstaklinga.

Vesturlands- skógar	Skjólaskógar á Vestfjörðum	Norðurlands- skógar	Landgræðsla ríkisins	Yrkju- sjóður**	ALLS	Hlutfall af heild
47.091	33.080	436.617	10.000		1.456.813	27,22%
32.320	139.460	77.911	96.266	29.000	1.241.151	23,19%
218.208	28.635	33.589			1.102.466	20,60%
137.260	4.920	63.956			624.742	11,67%
15.149	10.080	43.789	145		430.939	8,05%
39.484			10.000		114.350	2,14%
0	5.070	16.840			81.694	1,53%
0	6.625	7.853			79.780	1,49%
8.890	15.120	16.854			72.132	1,35%
		10.600			37.142	0,69%
3.480		668			27.266	0,51%
0	1.240	15.444			23.584	0,44%
	2030	2.831	5.045		14.626	0,27%
960		4.000			13.609	0,25%
		10.043			12.898	0,24%
3.430		187			9.761	0,18%
	2.760				8.560	0,16%
			5.141		5.851	0,11%
					4.170	0,08%
					4.020	0,08%
700	1.085	534			3.693	0,07%
		120			3.024	0,06%
					2.495	0,05%
					2074	0,04%
					1.334	0,02%
					1.055	0,02%
270					430	0,01%
					318	0,01%
					275	0,01%
					245	0,00%
					226	0,00%
506.972	250.105	741.836	126.597	29.000	5.351.453	100%

Trjáfræi safnað árið 2002

Trjátegund	Skógr. ríkisins kg	Landgr. ríkisins kg
Stafafura	9	
Rússalerki	4,8	
Lindifura	4	
Einiber		4,2**
Reyniviður	1,8	25*
Ilmbirki	1,7	
Sitkaelri	1,6	
Kjarrelri	1,2	
Fjallalerki	0,8	
Sitkagreni	0,2	
Lerkiblandingar	0,2	
Blæelri	0,2	
Annað	0,3	

* Um er að ræða óþurrkuð ber. Auk þess safnaði Landgræðslan talsverðu birkifræi en því var sáð jafnóðum og því ómögulegt að giska á magn.

Viðarframleiðsla Skógræktar ríkisins 2002

Afurð	Magn
Bolviður, birki	9,9 m ³
Bolviður lérki	19,1 m ³
Bolviður, annað	19,5 m ³
Fiskhjallatrönur/spírur	125 stk.
Borð og plankar, lérki	8,6 m ³
Borð og plankar, birki	1,9 m ³
Borð og plankar, annað	0,1 m ³
Viðarkurl	550 m ³
Arinviður	110 tonn
Reykingarviður	1303 kg
Girðingarstaurar	696 stk.
Viðarplattar	7445 stk.
Viðarkol	130 kg

Heiðursáskrifendur Skógræktarrítsins

BLÖNDUÓS

Blönduósbær

SKAGASTRÖND

Höfnahreppur

SAUBARKROKUR

Hólsdalir & Hólunir í Hjaltadal

Kaupfélag Skagfirðinga

SIGLUFJÖRDUR

Egilsdalir ehf.

Siglu fjárháttakaupstadir

AKUREYRI

Evjufjarðarsveit

Kartellusalan ehf.

Norðurngjafi ehf.

Snaugstödur Norðfirðinga

DALÍK

Dalvíkurbær - umhverfisráð

HÍUSAVÍK

Alli Geira hf.

Húsavíkurbær

Húsavíkarkaupstaður

v/gerðingumstíða

Orkuveita Húsavíkur

LAUGAR

Pingeyjarsveit

MÝVATN

Skautastöðahreppur

EGILSSTAÐIR

Bær hf.

Töðaskrifstofa Austurlands

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 2003



Frá heimsókn í Aldamótaskógin á Steinsstöðum.

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 2003

68. aðalfundur Skógræktarfé-
lags Íslands var haldinn í Mið-
garði í Varmahlíð í Skagafirði,
dagana 22. og 23. ágúst 2003.

Skagfirðingar hafa tvívegis áður
verið gestgjafar. Það var á Hólum í
Hjaltadal árið 1959 og í Varmahlíð
árið 1979.

Um 200 fulltrúar og gestir sátu
þessa stærstu samkomu skóg-
ræktarmanna. Gestgjafi fundarins
var Skógræktarfélag Skagafjarðar
sem á 70 ára afmæli á þessu ári.



Frá skoðunarferð á Hólum í Hjaltadal. Mynd: BJ sumar 2003.

Föstudagur 22. ágúst

Fundarsetning og ávörp

Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands, setti fundinn. Hann bauð fulltrúa, heiðursfélaga og gesti velkomna. Hann óskaði Skógræktarfélagi Skagfirðinga heilla á 70 ára afmælinu. Magnús minntist velgjörðamanna félagsins, sem látist höfðu á árinu, þeirra Ólafíu G. E. Jónsdóttur og Andrésar Gunnarssonar. Þá minntist hann Unu Einarsdóttur, þeirrar miklu skógræktarkonu, sem einnig lést á árinu. Magnús lagði til að Magdalena Sigurðardóttir frá Skógræktarfélagi Ísafjarðar og Valgeir Bjarnason frá Skógræktarfélagi Skagafjarðar yrðu fundarstjórar og var það samþykkt. Einnig lagði hann til að Sigríður H. Heiðmundsdóttir frá Skógræktarfélagi Rangæinga og Pétur Karl Sigurbjörnsson frá Skógræktarfélagi Kópavogs yrðu fundarritarar og var það einnig samþykkt.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra ávarpaði fundinn og

ræddi m.a. mál Landgræðslu ríkisins, Skógræktar ríkisins og starf skógræktarfélaganna og sagði að grettistaki hefði verið lyft í uppgræðslumálum á undanförunum áratugum.

Ragnheiður Guðmundsdóttir, formaður Skógræktarfélags Skagafjarðar, flutti ávarp, sagði frá stofnun, skógræktarsvæðum og starfi félagsins sem og 70 ára afmæli þess.

Jón Loftsson skógræktarstjóri flutti ávarp og sagði m.a. að starf Skógræktar ríkisins hefði breyst mjög mikið á síðustu árum með breyttum lögum og tilkomu landshlutabundinna skógræktarverkefna.

Brimnesskógar

Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, ávarpaði fundinn utan dagskrár og fór með spænskt orðatiltæki: „Aðeins þeir sem koma auga á það ósýnilega geta framkvæmt það sýnilega“. Hún fór yfir sögu Kolkuóss frá upphafi landnáms og ræddi þau áform sem uppi eru um

Brimnesskóga. Hún hvatti Skógræktarfélag Skagafjarðar til að sækja um styrk í Yrkjusjóð til þess að gróðursetja í Brimnesskóga.

Skýrsla stjórnar

Næst á dagskrá var Skýrsla stjórnar sem Magnús Jóhannesson flutti. Í upphafi gerði hann grein fyrir verkaskiptingu stjórnar eftir aðalfund 2002:

Magnús Jóhannesson, formaður, Vignir Sveinsson, varaformaður, Þorvaldur S. Þorvaldsson, ritari, Sigríður Jóhannsdóttir, gjaldkeri, Þuríður Yngvadóttir, Ólafía Jakobsdóttir og Guðbrandur Brynjúlfsson meðstjórnendur Varamenn; Hólmfríður Finnbogadóttir, Laufey Haraldsdóttir og Vilhjálmur Lúðvíksson.

Magnús greindi í megindráttum frá viðamiklu starfi Skógræktarfélags Íslands. Að lokum þakkaði hann öllum velunnurum félagsins fyrir ómetanlegan stuðning við starfsemi þess. Þá þakkaði hann starfsmönnum félagsins gott samstarf og vel unnin störf á tímabilinu.

Ársreikningar og skýrsla um Landgræðsluskóga

Sigríður Jóhannsdóttir skýrði ársreikninga félagsins fyrir árið 2002.

Ólafía Jakobsdóttir flutti skýrslu um Landgræðsluskóga.

Skipað í nefndir

Fundarstjóri gerði tillögu um eftirfarandi formenn nefnda:

Allsherjarnefnd: Magnús Gunnarsson, Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar.

Skógræktarnefnd: Kjartan Ólafsson, Skógræktarfélagi Árnesinga.

Kjörbrefanefnd: Erla Bili Bjarnardóttir, Skógræktarfélagi Garðabæjar.

Tilnefningarnar voru samþykktar með lófataki.



Tillögur

Fundarstjórar kynntu tillögur sem lagðar höfðu verið fram. Þeim var vísað til nefnda.

Erindi

Síðast á dagskránni fyrir hádegisþið var erindi um vinnu starfshóps, margra hagsmunaaðila, um gerð leiðbeininga í skógrækt. Einar Gunnarsson kynnti, fyrir hönd hópsins, fyrstu drög þeirra, sem nefnast: „Skógrækt í sátt við umhverfið“. Nokkrar umræður urðu á eftir og svaraði Einar fyrirspurnum. Fundurinn þakkaði nefndinni vel unnin störf.

Skoðunarferð

Eftir hádegisþið fóru fundarmenn í skoðunarferð í Hóla og Aldamótaskóginum á Steinsstöðum.



Sungið í Aldamótaskóginum á Steinsstöðum. Mynd: SÍ EG.

Á Hólum var farið í gönguferð um Hólaskóg. Gönguna leiddi Valgeir Bjarnason, fundarstjóri aðalfundarins og konrektor Hólaskóla. Skoðuð voru ummerki skógarelds frá í vor. Gengið var á samkomuflöt á tjaldstæðunum við Hólastað. Þar var boðið upp á kaffi og meðlæti.

Skúli Skúlason, rektor Hólaskóla, ávarpaði gesti og þakkaði langt og farsælt samstarf við Skógræktarfélag Skagafjarðar og Skógræktarfélag Íslands. Skúli sagði frá samstarfssamningi um skógrækt í Hólaskógi sem Hólastaður og Skógræktarfélag Skagafjarðar eru að leggja lokahönd á.

Sigurður Blöndal, fyrrverandi skógræktarstjóri, kvaddi sér næstur hljóðs. Sagði hann frá því að árin 1977-1982 hefði hann komið í lok nóvember ár hvert að Hólum til þess að velja þar jólatré í skógræktargirðingunni með nemendum Bændaskólans. Rósberg G. Snædal skáld var þá kennari við Barnaskólann á staðnum. Þeir Sigurður voru góðkunningjar frá því Sigurður var í Menntaskólanum á Akureyri. Rósberg tók upp þann sið að gauka vísum að Sigurði í hverri heimsókn á Hóla. Sigurður flutti nú nokkrar þeirra við mikla kátínu viðstaddra. Til gamans eru tvær þeirra birtar hér:

Hólastóls inn í heilög vé
með höggum og slögum Blöndal sté.
Fagur meiður að foldu hné;
furu-, greni- og eikartré.

Hann er plága í Hjaltadal
hérna brá hann ljánum.
Heggur sá er hlífa skal
Hóla smáum trjánum.

Þá var haldið á svæði Alda-
mótaskógarins á Steinsstöðum. Þar
voru gróðursett 70 tré, gjöf
skógræktarfélaganna til Skóg-
ræktarfélags Skagafjarðar í tilefni 70
ára afmælis þess. Einnig voru
gróðursett nokkur falleg tré sem
hjónin Páll Samúelsson og Elín
Jóhannesdóttir gáfu af þessu sama
tilefni. Elín á ættir að rekja til
Steinsstaða.

Veitustofnun Skagafjarðar bauð
mönnum upp á sannkallaðan
orkudrykk sem kemur úr einni
borholu stofnunarinnar að þeirra
sögn.

Kvöldvaka

Um kvöldið var hátíðarkvöld-
verður og kvöldvaka í Miðgarði.
Boðið var upp á ljúffengar kræs-
ingar og frábæra dagskrá.



Frá kvöldvöku í Miðgarði: Guðmundur L. Friðfinnsson heiðraður.

Veislustjórnarnir, Skagfirðingarnir
Gunnar Rögnvaldsson og Jón
Hallur Ingólfsson, stjórnðu
borðhaldinu af skörungsskap og
fóru á kostum í söng og spaugi.
Jóhann Már Jóhannsson stórtenór
og sauðfjárbóndi söng við mikil
fagnaðarlæti og Geirmundur
Valtýsson stórnaði fjöldasöng.

Magnús Jóhannesson formaður
ávarpaði veislugesti á léttu nót-
unum. M.a. sagðist hann hafa áttað
sig á því að í honum rynni skagfirskt
blóð. Því til sönnunar vitnaði hann í
lokahendingarnar í

„Brúarvísu“ Hofdala Jónasar:

„... skagfirskt blóð er í þeim öllum,
sem elska fljóð og drekka vín“.

Því næst bað hann Guðmund
L. Friðfinnsson, skáld á Egilsá, að
koma og taka við heiðursskjali fyrir
skógræktarstörf. Guðmundur er 98
ára gamall en mjög ern og flutti
þakkarræðu sem seint mun
gleymast þeim sem á hlýddu. M.a.
sagði hann frá því að þegar hann
byggði nýjan bæ á Egilsá árið 1937
og ákvað „að leggja nærri hálfa
dagsláttu af túni und-



Úr fundarsal í Miðgarði.

ir trjárarð suður og vestur af nýja húsinu, þótti sumum ekki búmannlega að verið". Guðmundur var verðlaunaður fyrir framtakið og fékk tuttugu- og fimm krónur „úr sjóði hans hátignar Friðriks konungs Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta“.

Í lok kvöldvöðunnar var síðan dansleikur með skagfirskri sveiflu, þar sem Geirmundur söng og lék á harmóniku og Kristján Kristjánsson lamdi húðir.

Laugardagur 23. ágúst:

Nefndastörf fóru fram í Varmahlíðarskóla frá kl 9:00-11:00.

Skýrsla Landgræðslusjóðs

Vignir Sveinsson kynnti skýrslu Landgræðslusjóðs, ásamt reikningum sjóðsins. Þá lýsti Vignir því yfir að hann gæfi ekki kost á sér til endurkjörs í stjórn Skógræktarfélags Íslands.

Erindi:

Skemmdir af völdum veðurfars og vágesta.

Aðalsteinn Sigurgeirsson og

Halldór Sverrisson fluttu ofangreindan mjög fróðlegan fyrirlestur. Vignir Sveinsson og Magnús Jóhannesson báru fram fyrirspurnir sem Halldór svaraði.

Matarhlé 12:00-13:00

Kjörbrefanefnd

Erla Bil las kjörbref fulltrúa og kannaði hverjir væru viðstaddir.

Afgreiðsla ársreikninga

Enginn tók til máls um afgreiðslu reikninga. Þeir voru

bornir upp og samþykktir samhljóða.

Ályktanir 68. aðalfundar

Fjölmargar tillögur að ályktunum komu fram um hin margvíslegustu mál. Eftir ítarlega umfjöllun í nefndum, voru 14 þeirra lagðar fram. Tillögurnar voru bornar upp hver fyrir sig og allar samþykktar samhljóða. Ályktanir 68. aðalfundar eru því eftirfarandi:

Ályktun 1:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Varmahlíð í Skagafirði 22.-23. ágúst 2003, hvetur aðildarfélögin til að halda skrá yfir heildarkolefnisbindingu skógræktar sinnar. S.Í. beiti sér jafnframt fyrir því að aðildarfélögin geti nýtt sér slíka skráningu til að afla fjár til enn frekari skógræktar.

Ályktun 2:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Varmahlíð í Skagafirði 22.-23. ágúst 2003, hvetur landbúnaðarráðherra til að beita sér fyrir því að stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök byggja upp upplýsingakerfi og



Opnað í skógin í Hrótey.



Kempan Jón Ísberg, fyrrv. sýslumaður, heiðraður í Hrútey.

gagnavinnslu um skógrækt og landgræðslu. Þá verði upplýsingakerfi, vinnuaðferðir og gagnavinnsla samræmd þannig að allar fyrirliggjandi upplýsingar verði aðgengilegar í gagnagrunnum.

Ályktun 3:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Varmahlíð í Skagafirði 22.-23. ágúst 2003, fagnar þeim viðamiklu rannsóknnum á sitkálús sem átt hafa sér stað á Íslandi. Þá hvetur fundurinn til þess að rannsakað verði hvernig hægt verði að koma við lífrænum vörnum gegn slíkum vágestum.

Ályktun 4:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Varmahlíð í Skagafirði 22.-23. ágúst 2003, fel-

ur stjórn Skógræktarfélags Íslands að hlutast til um að vandað verði til eftirlits með framleiðslu og dreifingu plantna í Landgræðslu-skógaverkefnum.

Ályktun 5:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Varmahlíð í Skagafirði 22.-23. ágúst 2003, felur stjórn Skógræktarfélags Íslands að ræða við Garðyrkjufélag Íslands og Skógrækt ríkisins um að koma á samstarfi um skipulega skráningu og vörslu á erfðaeftni til skógræktar, garðyrkju og ræktunar. Leitað verði til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Landgræðslu ríkisins, Garðyrkjuskóla ríkisins svo og grasagarða landsins eftir faglegri samvinnu. Jafnframt fagnar fundurinn því skrefi sem tekið hefur verið hjá Skógrækt ríkisins, frá síðasta aðalfundi SÍ að koma á skráningu á erfðaeftni til nýtjaskógræktar.

Ályktun 6:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Varmahlíð í Skagafirði 22.-23. ágúst 2003, fagnar því að hafin skuli endurheimt Brimnesskóga við Kolkuós. Fundurinn telur æskilegt að framkvæmdin verði hluti af ræktunarstarfi grunnskólanema í héraði með stuðningi Yrkjusjóðs. Fundurinn hvetur Skógræktarfélag Skagafjarðar til að vinna að framgangi málsins í samvinnu við heimaaðila.

Ályktun 7:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Varmahlíð í Skagafirði 22.-23. ágúst 2003, fagnar framkomnum drögum að leiðbeiningum um nýræktun skóga undir vinnuheitinu „Skógrækt í sátt við umhverfið“, sem unnin voru samkvæmt tillögu síðasta aðalfundar félagsins. Aðalfundurinn vill koma á framfæri þökkum til starfshópsins sem

vinnur að verkinu. Einnig þakkar fundurinn þeim stofnunum og félagasamtökum sem taka þátt í starfinu. Fundurinn beinir þeim tilmælum til stjórnar Skógræktarfélags Íslands að framkomin drög verði lögð fram á heimasíðu félagsins til kynningar í ákveðinn tíma. Að þeim tíma loknum verði nefndinni falið að ganga frá leiðbeiningunum á vefsíðu félagsins. Þá hvetur fundurinn áhugafólk um skógrækt og náttúruvernd til þess að kynna sér framkomin drög og gera athugasemdir. Jafnframt hvetur fundurinn til þess að hagsmunaaðilum verði sent formlegt erindi og kallað eftir athugasemdum.

Ályktun 8:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Varmahlíð í Skagafirði 22.-23. ágúst 2003, hvetur Skógræktarfélag Íslands til þess að standa fyrir samræmdu átaki, í samvinnu við skógræktarfélagin, um að fjölga félagsmönnum í skógræktarhreyfingunni.

Ályktun 9:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Varmahlíð í Skagafirði 22.-23. ágúst 2003, samþykkir að beina þeirri tillögu til stjórnar Skógræktarfélags Íslands, að gera myndband um gróðursetningu, sem hægt væri að nota í grunnskólum landsins til kennslu og upplýsinga.

Ályktun 10:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Varmahlíð í Skagafirði 22.-23. ágúst 2003, felur stjórn Skógræktarfélags Íslands að láta setja efnisyfirlit ársrita félagsins upp á heimasíðu þess.

Ályktun 11:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Varmahlíð í

Skagafirði 22.-23. ágúst 2003, beinir þeim tilmælum til Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags Íslands að þessir aðilar vinni sameiginlega og í samstarfi við aðra hagsmunaaðila að þróun viðurkennds gæðakerfis í skógrækt, sem taki mið af fyrirbyggjandi innlendra reynslu og rannsóknunum, erlendum vottunarkerfum og niðurstöðum nefnda um leiðbeinandi reglur í skógrækt (Best practice guidelines).

Ályktun 12:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Varmahlíð í Skagafirði 22.-23. ágúst 2003, leggur til að Skógræktarfélag Íslands kanni vilja, áhuga og þörf aðildarfélaganna fyrir aukid land til gróðursetninga. Í framhaldi af því verði athugað hvort félögin geti fengið lönd eða jarðir í ríkiseigu, meðal annars hjá Landgræðslu ríkisins, til umsjónar og ræktunar.

Ályktun 13:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Varmahlíð í Skagafirði 22.-23. ágúst 2003, skorar á stjórn Skógræktarfélags Íslands að taka frumkvæði og vera í forystu með öðrum hagsmuna- og áhugamannasamtökum um að þrýsta á stjórnvöld um skýrari löggjöf sem taki á lausagöngu búfjár á landinu öllu. Það er í samræmi við skipulagsskyldu landsins alls og áherslu á að sveitarfélög sameinist um svæðisskipulag að tekið sé þar á girðingarmálum og beitarhólfum.

Ein ályktananna er enn til umfjöllunar hjá stjórn Skógræktarfélags Íslands og verður því ekki birt að sinni.

Stjórnarkjör

Þá fór fram stjórnarkjör. Skv. lögum félagsins áttu tveir fulltrúar að ganga úr aðalstjórn, þau

Þuríður Yngvadóttir í Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar og Vignir Sveinsson í Skógræktarfélagi Eyfirðinga. Þuríður gaf kost á sér til áframhaldandi setu en Vignir ekki. Óskað var eftir öðrum tilnefningum. Aðeins ein tilnefning kom fram, um Magnús Gunnarsson í Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar. Magnús og Þuríður voru því kjörin í aðalstjórn og var það staðfest með lófataki fundarmanna. Vigni Sveinssyni voru þökkud góð störf og Magnús boðinn velkominn sem nýr fulltrúi.

Fulltrúar í varastjórn gáfu allir kost á sér áfram. Ekki komu fram aðrar tilnefningar. Var kjör þeirra staðfest með lófataki fundarmanna.

Birgir Ísleifur Gunnarsson og Halldór Halldórsson voru endurkjörnir skoðunarmenn reikninga.

Almennar umræður

Sigríður Jóhannsdóttir, formaður Skógræktarfélags Kópavogs, kvaddi sér hljóðs og sagði félagið reiðubúið til þess að halda næsta aðalfund Skógræktarfélags Íslands í Kópavogi að ári.

Magnús Gunnarsson þakkaði fundarmönnum fyrir það traust að kjósa sig til stjórnarsetu.

Margrét Guðjónsdóttir í Dalsmynni steig í pontu og þakkaði góðan fund. Margrét fór með nokkrar frumsamdar stökur á sinn einstaka hátt. Þar á meðal þessar um aðalfundinn:

Skógarganga á góðum degi getur dofa hleypt í bál. Skagfirðingar varða vegi og veita krafti í huga og sál.

Fundurinn var frjálss og þrúður,

ferðalög og veisluhöld. Engar þrætur, ekkert múður eða barátta um völd.

Þá steig Hermann Ólafsson í pontu og þakkaði fyrir góðan fund. Sagðist vera að mæta í fyrsta sinn og hlakkaði til þess að koma aftur.

Orri Hrafnkelsson og Sigurvina Samúelsdóttir komu einnig í pontu og þökkuðu fyrir sig.

Magdalena Sigurðardóttir fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund.

Magnús Jóhannesson bauð Magnús Gunnarsson velkominn í stjórn og þakkaði Vigni Sveinssyni fyrir vel unnin störf. Einnig þakkaði hann starfsmönnum fundarins fyrir góð störf og Skagfirðingum fyrir frábærar móttökur.

Að lokum var gönguferð um skóga í Varmahlíð og á Reykjarhóli. Skógrækt ríkisins bauð upp á ketilkaffi, kleinur og flatkókur í göngulok. Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands, ítrekaði þakki fyrir frábærar móttökur og góðan fund. Hann sleit síðan 68. aðalfundi Skógræktarfélags Íslands kl. 16:30.

Kveð ég fagra fjörðinn Skaga, farðu vel um alla daga; blessuð sé þín byggð og saga, bæir, kot og höfuðból!

(Úr ljóðinu „Skín við sólu“ eftir Matthías Jochumsson).

Í tengslum við aðalfundinn var fundargestum boðið til athafnar kl. 18:00 í Hrútey í Blöndu við Blönduóskaupstað. Tilfnið var það að í Hrútey er nú „Opinn skógur“. „Opinn skógur“ er samvinnuverkefni skógræktarfélaganna og Olís og Alcan á Íslandi



Hrútey kvödd að skátasið.

og hefur það að markmiði að bæta aðgengi og aðstöðu í skógum skógræktarfélaganna um land allt.

Um 200 manns komu til afhafnarinnar í ágætis veðri. Þar mátti m.a. sjá marga fulltrúa sem verið höfðu á aðalfundinum og fjölda Blönduósinga. Ljúf harmónikutónlist heilsaði gestum. Til máls tóku: Páll Ingþór, formaður Skógræktarfélags Austur-Húnavetninga, fulltrúar Alcan á Íslandi, Olís og Skógræktarfélags Íslands. Bæjarstjóri Blönduósbæjar afhenti fulltrúum verkefnisins viðurkenningar. Þá afhenti Páll Ingþór fulltrúum Skógræktarfélags Íslands, Blönduvirkjunar og Olís og Alcan á Íslandi fallega skreyttar matarkörfur. Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands og fulltrúar verkefnisins klipptu á borða. Hólmfríður

Jónsdóttir frumflutti nýort ljóð um eyjuna eftir Ingibjörgu Eysteinsdóttur á Beinakeldu í Austur-Húnavatnssýslu. Fyrstu 2 erindin hljóða svo:

Hrútey.

Hrútey falleg, stöðug stendur sterk í miðjum ólguflaum, hennar grjót og gróðurlendur greypt í hugans vökudraum.

Undirstaðan eru klettar yfirbreiðslan skógi prýdd, flóra Íslands furðu þéttar festi rætur blómum skrydd.

Jón Ísberg, fyrrverandi sýslumaður, sem fyrstur gróðursetti í eyjuna fyrir 61 ári ásamt hópi skáta, gróðursetti eitt tré með aðstoð ungra skáta frá Blönduósi. Þá var Jón Ísberg heiðraður fyrir framlag sitt til skógræktar. Gestum var boðið að ganga um

eyjuna. Búið er að hressa upp á göngustíga og koma fyrir borðum og bekkjum og merkingum, sem lýsa trjategundum, örnefnum og sögu.

Ítarupplýsingar, er tengjast 68. aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, er að finna á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands. www.skog.is. Þar er m.a. birt fundargerð, ávarp formanns, ályktanir fundarins, starfsskýrsla stjórnar og reikningar félagsins.

Ljósmyndarar: Brynjólfur Jónsson, Einar Gunnarsson og Jóhann Frímann Gunnarsson.

Samantekt: Jóhann Frímann Gunnarsson.

Heiðursáskrifendur Skógræktarrítisins

NESKAUPSTADUR

Tjardabyggð
Sævarnarráðlag úrgerðarmanna

BREIÐDALSVÍK

Breiðdalsþreppur

ÞIOFN

Skinney - Þinganes

SELFÖSS

Benaðudólg Grefungsthepps
Guðmundur Tyrtingsson ehf
Lanastöður landbénabarns
Mjólkarbú Fléamanna
Þróttunópa Súðardal's ehf
Verðmæðstærn Guðmunds

HVERAGERÐI

Garðyrkisskóli ríkisins

Sandveit garðyrkjuvæðu

Stenabúnaður ehf

FLÚÐIR

Flúðabakan
Garðyrkjaslóða Hvanntúur ehf
Hvanntúurastreppur

HELLA

Landgræðsla ríkisins
Rangarþingur - Ytra

ÞYVOI SVÖLLUR

Byggðaráttíð Skagum

VÍK

Mýrúðstheppur

VESTMANNATYR

Garðyrkjustöðin
Vestmannavíðabæirnir



Garðar Jónsson skógarvörður

F. 22.nóvember 1919 • D. 25.október 2003.

Garðar Jónsson, sem nú er látinn í hárríelli, var af annarri kynslóð skógarvarða Skógræktar ríkisins. Hann lifði tímana tvöna í skógræktinni. Þegar hann hóf að starfa við hana kornungur maður var hún atvinna örfárra með fámennan hóp hugsjónamanna að baki sér. Þegar hann féll frá var skógrækt orðin atvinnuvegur hundraða bænda um allt land og yndisönn enn fleiri manna í nær öllum bæjum og þorpum Íslands. Garðar var einn þeirra sem lögðu grunninn að þessum miklu umskiptum.

Garðar stundaði nám við Flensborgarskólann í Hafnarfirði 1934-1936 og við Bændaskólann á Hólum 1936-1937, og brautskráðist þaðan sem búfræðingur. Eftir það vann hann sem lærlingur í skógrækt í Danmörku. Sumarið 1939 vann hann ásamt Einari G. E. Sæmundsen í gróðrarstöðinni í Alstahaug á eyjunni Álöst á Hálogalandi í Noregi hjá afburðaduglegum og frægum gróðrarstöðvarstjóra. Sumarið 1940 vann hann um tíma í gróðrarstöð Skógræktarinnar á Hallormsstað. Á næstu árum var hann við ýmis störf hjá Skógrækt ríkisins, m.a. oft fylgdarmaður Hákonar Bjarnasonar.

Ætlunin hafði verið, að Garðar og Einar Sæm. færu á

skóghskóla í Noregi, en stríðið kom í veg fyrir það. Tók Hákon Bjarnason þá það ráð að kenna þeim skógræktarfræði á veturna og brautskráði þá með réttindum til skógarvarðastarfs.

Garðar var skipaður skógarvörður á Suðurlandi 1944, annar í röðinni þar eftir Einari G. E. Sæmundsen, sem hafði haft starfið á hendi frá 1910. Gegndi Garðar skógarvarðarstarfinu til 1986, er hann lét af því fyrir aldurs sakir.

Fyrsta verkefni Garðars sem skógarvarðar var að stofnsetja gróðrarstöð á Tumastöðum í Fljótshlíð 1944. Það var ekki hrist fram úr erminni í einu veffangi. Þarna var fyrir mýri, sem þurfti að ræsa fram, áður en hægt væri að brjóta landið. Það var gert 1944 og 1945. Íbúðarhús skógarvarðar, verkstæðishús og verkfærageymsla voru reist 1946. Gróðurhús var reist 1947, sem var nýjung í skóglönturæktun á Íslandi. Vatnsaflsrafstöð var reist 1948 og sama ár og 1949 verkafólksbústaður fyrir 20 manns. 1951-1952 kæligeymsla fyrir plöntur. Árin 1947 og 1948 var sáð í gróðurhúsið og 1950 voru dreifsettar nær 600 þús. plöntur. Þar með var ræktunin komin á fullt skrið. Hér er þetta allt tíundað til þess að sýna, að það var í nógu að snúast fyrir hinn unga skógarvörð þessi fyrstu ár á Tumastöðum. Og ekki minna þegar ræktunin var fullmótuð. Nú kom sér vel reynslan, sem Garðar fékk í Alstahaug.

Það var enginn hæðgarleikur að reka plöntuuppeldi þarna á berangrinum í hinni rýsjóttu vetrarveðráttu. Enda sáu þeir Hákon Bjarnason og Garðar strax, að ríða yrði þétt net skjólbelta um græðireitina. Þetta skjólbeltanet var gróðursett á árunum 1948-1954. Þá var lengd skjólbeltanna orðin 2 km og voru þá hin mestu á Íslandi.

Samhliða þessu risaverkefni að koma upp gróðrarstöðinni sá Garðar svo um þjóðskógana í umdæmi sínu. Fyrstu árin var það einkum Þórsmörk og Goðaland sem Skógrækt ríkisins tók við 1927. Mikið verkefni og erfitt, af því að hin 17 km langa girðing um svæðið lá víðast um fjöll og fimindi. Ég fann fljótt við kynni af Garðari og fjölskyldu hans, hve miklu ástfóstri þau tóku við þetta tilkomumikla svæði.

Árið 1938 hafði Skógrækt ríkisins keypt Skriðufell í Þjórsárdal. Þá var girt um þetta mikla land hvorki meira né minna en 33 km löng girðing, sem mikið verk var að halda við. Síðar keypti Skógræktin næstu jörð, Ásólfstaði, og bættist þá enn við girðingar, sem að hluta lágu á fjöllum. Árið 1949 hófst gróðursetning í Þjórsárdal og næstu áratugina var á þessum jörðum meginverkefni Garðars í nýrækt skógar.

Auk þessara tveggja þjóðskóga kom sá þriðji í hlut Garðars að sjá um: Hið yndislega svæði Skarfanés í

Landsveit. Síðan Laugarvatn, sem skólarnir þar fólu Skógrækt ríkisins umsjón með. Loks var Garðari falin umsjón með þjóðskóginum í Haukadal frá öndverðu ári 1969 eftir hið sviplega fráfall vinar hans, Einars Sæm.

Ég hygg nú, að af þjóðskógunum hafi Garðar og Móeiður kona hans bundið mesta tryggð við Þjórsárdalinn, enda fádæma náttúrufegurð þar með Heklu sjálfa í nærsýn og einstaklega ljúfa veðráttu. Ég heyrði þau oft dásama veðráttuna þarna uppfrá og bera saman við hina rysjóttu veðráttu í lágsveitunum.

Við Garðar vorum samstarfsmenn í rúma þrjá áratugi og áttum mikil samskipti, þótt við sætum sinn á hvoru landshorni. Alltaf voru það samskipti eins og best verður á kosið. Nokkrum sinnum átti ég þess kost að fara með honum og skoða helstu athafnasvæði í umdæmi hans, og njóta um leið fegurðar Suðurlands, enda staðir eins og Þjórsárdalur og Þórs-mörk/Goðaland með fegurstu stöðum á Íslandi.

Minnisstæðust þessara ferða með Garðari held ég hafi verið, þegar hann sýndi mér Þórs-mörk/Goðaland í fyrsta sinn. Hann gerþekkti þetta undraland og ég fann, hverja tilfinningu hann bar til þess.

Það var auðvitað óskaplega gaman fyrir mig að skoða með honum alla þessa staði á Suðurlandi. sem hann sá um. Um þá miðlaði hann fróðleik á þann notalega hátt, sem var svo einkennandi fyrir hann.

Garðar hafði til að bera fínan húmor, sem gæddi alla frásögn hans lífi. Og það var aldrei asi á honum, heldur jafnvægi og einkennileg ró, sem olli því, að manni leið vel í návist hans. Slíkt má svo sannarlega telja til góðra mannkosta.

Sigurður Blöndal





Óskar Ingi Magnússon í Brekku

F. 12.janúar 1917 • D. 28.ágúst 2003.

Sú kemur tíð, er sárin foldar gróa,
sveitirnar fyllast, akrar hylja móa,
brauð veitir sonum móðurmoldin frjóa
menningin vex í lundi nýrra skóga.

Þessa framtíðarsýn lagði skáldið og ráðherrann Hannes Hafstein fyrir þjóðina í upphafi síðustu aldar.

Þeir hverfa á braut einn af öðrum, frumkvöðlarnir sem ruddu brautina fyrir framförum þjóðarinnar á tuttugustu öldinni. Þeir sem sóru Íslandi allt og lögðu hug og hönd að veði fyrir heill ættjarðarinnar. Einn þeirra var skógræktarfrömuðurinn Óskar í Brekku í Skagafirði, en hann lést 28. ágúst sl., þá 86 ára að aldri.

Óskar Ingi Magnússon fæddist 12. janúar 1917 á Ás-mundarnesi í Strandasýslu. Foreldrar hans voru Magnús Andrésson sjómaður á Kleifum í Kaldbaksvík og Efemía Bóasdóttir. Óskar var aðeins eins árs þegar faðir hans lést frá 11 börnum, sem við það dreifðust og voru ekki alin upp saman. Ólst hann upp hjá föðurbróður sínum Rósant og konu hans Sigurlaugu á Sauðárkróki.

Óskar fór ungur á sjóinn. Hann lauk vélstjóranámi og síðan fiskimannaprófi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík 1942 og var stýrimaður á togurum frá Sauðárkróki og Hafnarfirði. En 1949 hóf hann búskap á Brekku í Seyluhreppi í Skagafirði og bjó þar alla tíð síðan, aðallega með sauðfé. Óskar var öflugur félagsmálamaður. Í æsku var það skátahreyingin. En síðar ræktunarfélög bænda og skógræktarmanna. Hvarvetna var Óskar í broddi fylkingar. Áhugasviðið var breitt. Hann var liðtækur í skák og bridds. Á Sæluviku Skagafirðinga leiddi hann dansinn um

árabil. Þegar lítið er til baka yfir feril Óskars, þau baráttumál sem stóðu honum næst, sést að hann hefur um margt verið á undan sinni samtíð.

Kynni mín og Óskars hófust fljótlega eftir að ég tók við skólastjórn á Hólum í Hjaltadal. Ég minnst hans á fundum í Skógræktarfélaginu. Þar lét hann mjög til sín taka, var rökfastur ákafamaður um hugðarefni sín, lét skoðanir sínar í ljósi tæpitungulaust og hvatti aðra til dáða. Það vissu allir hvar þeir höfðu Óskar í Brekku. Hann var mikill áhugamaður um skógrækt og lét ekki sitja við orðin tóm. Óskar var einna fyrstur bænda til að leggja umtalsvert landsvæði af jörð sinni undir skóg. Hann lagði brekkurnar og ásin fyrir ofan bæinn, um 50 hektara, undir trjáplöntun. Þetta land var lágt undan sólu og þótti berangurslegt og því ekki líklegt til skógræktar. En Óskar ásamt eiginkonu sinni, Herfríði Valdimarsdóttur, og fjölskyldu í Brekku lét engar hrakspár á sig fá. Nú er í ásnum fyrir ofan Brekku kominn myndarlegur skógur sem mun bera vitni um háleitar hugsjónir og ódreypandi dugnað. Síðustu árin rak hann sitt eigið gróðurhús og ól upp plöntur bæði fyrir eigin skógrækt og annarra. Á sjötíu ára afmæli Skógræktarfélags Skagafirðinga í ár var vel við hæfi að heiðra þau hjón Óskar og Hebbu fyrir ómetanlegt framlag þeirra til skógræktar í héraðinu á giftudrjúgum starfsferli.

Það gustaði af Óskari, hvar sem hann fór. Hann var kvikur í fasi, glettinn og fljótur til svars. Gestrisni þeirra hjóna var við brugðið. Við sem kynntumst honum fundum að í brjosti hans sló heitt og stórt hjarta. Hann var ætíð málsvari lítilmagnans, barngóður og mikill fjölskyldumaður. Börn nutu nálægðar hans og hann talaði við þau eins og jafningja.

Ógleymanleg er okkur hjónum ferðin með Óskari á aðalfund Skógræktarfélags Íslands á Ísafirði fyrir nokkrum árum. Leiðin var drjúglöng og Óskar sagði frá barnæsku sinni og uppvexti. Við Óskar erum báðir af ætt Páls Jónssonar í Kaldbak á Ströndum. Á heimleiðinni frá Ísafirði bilaði bíllinn minn í botni Hestfjarðar og urðum við að gista á Ísafirði. Þá kynnti Óskar mig fyrir skyldfólki okkar þar vestra og var glatt á hjalla, en Óskar var hrókur alls fagnaðar í góðra vina hópi. Glettinn og spaugsamur. Við töluðum oft um það síðar hversu lánlegt það var að bíllinn skyldi bila og við fá þessa góðu stund á Ísafirði.

Óskar er einn þeirra sem með dugnaði sínum, elju og hugviti ruddu brautina fyrir framförum þjóðarinnar á tuttugustu öld. Óskar trúði á landið, gögn þess og gæði. Hann vissi að hlúa þarf að nýgræðingnum, planta nýjum sprotum þar sem eyða hafði myndast. Við ræktun lands og lýðs þarf ákveðni og hugsjón, en jafnframt natni og hlýju... „að elska, byggja og treysta á landið“ voru einkunnarorð hans í orði og verki.

Þegar við ökum norður yfir Vatnsskarðið og Skagafjörðurinn opnast í allri sinni dýrð er gott að aka til hliðar og nema staðar við minnismerki landnemans Stefáns G. Stefánssonar á Arnarstapa. Þá horfum við yfir skóginn í Brekku, sem mun minna okkur og ókomnar kynslóðir á hugsjónir og verk landnemans Óskars Inga Magnússonar.

Við sem áttum samleið með Óskari í Brekku þökkum hlýjar minningar um góðan vin sem miðlaði samferðafólkinu ríkulega af hugsjónum sínum og baráttuþreki.


Blessuð sé minning Óskars í Brekku.

Jón Bjarnason



Stofnun Landbúnaðarinnar
Landbúnaðarháskóla Íslands
P.O. Box 100 100

NYR ABURÐUR FYRIR SKÓGRÆKTINA



VEITIR BÚNAÐ
VIDEY



FERÐASKRIFTODDI ÍSLANDI



Skógræktirfélag
Reykjavíkur

Skógrækt er landbúnaður

Landbúnaðarráðuneytið er lagráðuneyti skógræktar



Skógrækt er landbúnaður
Landbúnaðarháskóla Íslands
Landbúnaðarháskóla Íslands
Landbúnaðarháskóla Íslands
Landbúnaðarháskóla Íslands



Skógrækt er landbúnaður
Landbúnaðarháskóla Íslands
Landbúnaðarháskóla Íslands
Landbúnaðarháskóla Íslands
Landbúnaðarháskóla Íslands

Landbúnaðarráðuneytið

Góðir hlutir

gerast hægt

Guðrún og Sigurður kaupa sína fyrstu íbúð

„...hvernig eigum við að hafa barnaherbergið á litinn?“

● Guðrún og Sigurður hittast

„Hvar hefurðu verið allt mitt líf?“

● Guðrún Björk kemur í heiminn.

„Sú lét aldeilis bíða eftir sér“

● Sigurður Rúnar fæðist.

„Hann er með nefið hans afa síns!“

Líkt og að rækta tré tekur langan tíma að leggja grunn að góðu heimili. Þess vegna er gott að vita að þegar þig langar að byggja, breyta eða bæta þá geturðu verið viss um að fá það sem þig vantar í Húsasmiðjunni. Það er ekki að ástæðulausu sem Húsasmiðjan er leiðandi í timbursölu á Íslandi. Við vissum að það hlyti að koma að þessu!

Húsasmiðjan - allt frá grunnni að góðu heimili.



HÚSASMIÐJAN

Sími 525 3000 • www.husa.is



POLARIS®



SEXHJÓL

- draumurinn sem rætist

Vetur, sumar, vor og haust, þá er þetta verkfærið. Þaulprófað við okkar aðstæður til margra ára sem vinnuvél, verkfæri og ekki síst leiktæki sem kemur þér á staði sem þig hefur bara dreymt um að komast á.



BRÆÐURNIR

ORMSSON

POLARIS

Lágmúla 8 • Sími 530 2800

ISSN 1670-0074



9 771670 007002